BRYNHILDUR PÁLSDÓTTIR OG GUÐFINNA MJÖLL MAGNÚSDÓTTIR

*Lambalæri í leirpotti*

• matur • tíska

ALLT Í MIÐJU BLAÐSINS





JÓN ATLI JÓNASSON

*Djúpinu hrósað í Skotlandi*

Fékk fjórar stjörnur í Scotsman

FÓLK 46





OUTLET CENTER
VALDAR VÖRUR Á 99 KR
MJÖG MIKIÐ ÚRVAL
FAXAFEN 8 • SÍMI 534 4450
OPIÐ MÁN. - LAU. 10⁰⁰ - 18⁰⁰. SUN. 12⁰⁰ - 17⁰⁰



# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

17. apríl 2009 — 91. tölublað — 9. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000


## FÖSTUDAGUR

**Keypti búð í kreppunni**

Eysteinn Sigurðsson lætur efnahagsástandið í landinu ekki aftra sér.

TÍMAMÓT 28





**Samkynhneigðir mótmæla**

Jónatan Garðarsson segir alla vera örugga á Eurovision í Moskvu.

FÓLK 38

**Viltu krónu, manni?**

„Menn eiga ekki erfitt með að velja í dag og mér segir svo hugur að fáir sjái fram á að þeir velji einhvern tíma krónu fram yfir evru,“ skrifar Stefán Benediksson.

UMRÆÐAN 27

**Óvæntur sigur hjá Fram**

Fram er einum sigri frá því að slá út Íslands- og deildarmeistara Hauka í N1 deild karla í handbolta



ÍÞRÓTTIR 40

## VEÐRIÐ Í DAG




**HÆGVIÐRI** í dag verður suðaustlæg eða breytileg átt. Hálfskýjað eða léttskýjað og hætt við þokusúld með ströndum sunnan og vestan til. Hiti 5-12 stig.

VEÐUR 4

# Stjórnarskránni ekki breytt

**Sjálfstæðisflokkurinn hafði fullnaðarsigur í stjórnarskrármálinu. Það verður rætt í tvo tíma á þingfundi í dag en svo tekið af dagskrá. Fylgismenn stjórnarskrárbreytinga lýsa vonbrigðum. Þingslit verða síðdegis.**

**ALÞINGI** Engar breytingar verða gerðar á stjórnarskrá lýðveldisins að sinni. Samkomulag náðist í gærkvöldi um að taka málið út af dagskrá Alþingis.

Þegar ljóst varð að sjálfstæðismenn voru reiðubúnir að koma í veg fyrir samþykkt frumvarpsins um breytingar á stjórnarskránni með málþófi fram undir kjördag sáu flutningsmenn sæng sína uppreidda. Ekki var um annað að ræða en að draga frumvarpið til baka.

„Við höfðum fullnaðarsigur,“ sagði Arnbjörg Sveinsdóttir, þingflokksformaður Sjálfstæðisflokksins, í gærkvöldi. „Málið var lagt fram í ágreiningi við okkur og tekið út úr nefnd í ágreiningi við okkur þannig að þetta er góð lausn.“

Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra segir niðurstöðuna staðfesta að sjálfstæðismenn gangi erinda sérhagsmuna en ekki almannahagsmuna. „Þetta er ömurlegur minnisvarði um átján ára valdaferil Sjálfstæðisflokksins,“ sagði Jóhanna við Fréttablaðið í gærkvöldi. Hún telur að þrátt fyrir yfirlýsingar um annað hafi sjálfstæðismenn í raun aldrei viljað ná samkomulagi um málið, þeir hafi því ekki verið heiðarlegir í samskiptum við aðra flokka.

Lúðvík Bergvinsson, þingflokksformaður Samfylkingarinnar og formaður sérnefndar um stjórnarskrármál, segir að ekki hafi verið hægt að halda þinginu áfram gangandi. „Með málþófi tókst Sjálfstæðisflokknum að koma í veg fyrir lýðræðisumbætur og auðveldari nálgun að Evrópusambandinu.“

Þingflokksformenn Framsóknar og VG, Siv Friðleifsdóttir og Jón Bjarnason taka í sama streng. „Þessi ótti Sjálfstæðisflokksins við þjóðaratkvæðagreiðslur er furðulegur. Flokknum virðist standa veruleg ógn af þjóðinni og það segir líklega eitthvað um samvisku hans,“ segir Jón.

Siv telur niðurstöðuna vera Sjálfstæðisflokknum til minnkunar en álítur eigin flokk ekki skaðast þó hann hafi orðið undir. „Þetta styrkir okkur því þjóðin veit hvar okkar hugur stendur.“

Sjálfstæðismenn lögðu í gær fram breytingartillögu við auðlindagrein frumvarpsins en stjórnarliðar töldu hana aðeins til að drepa málinu á dreif.

Samkomulag er um afgreiðslu mála á þingfundi í dag. Meðal annars verða samþykkt frumvörp um álverið í Helguvík og bann við kaupum á vændi. Þingsályktunartillaga um íslenskt ákvæði í nýjum loftslagssamningi og lög um eignaumsýslufélag daga hins vegar uppi. Eignaumsýslufélaginu var ætlað að taka yfir rekstur samfélagslega mikilvægra fyrirtækja í miklum fjárhagsvandræðum. Þingfundur hefst klukkan hálf ellefu og er búist við að honum ljúki síðdegis. Í dag eru átta dagar til kosninga og eru þess ekki dæmi að þing hafi starfað svo nærri kjördegi. - bþs / sjá síðu 4



**GRÆTIR FULLORÐNA MENN** Stórleikarinn Gunnar Eyjólfsson nær með frammistöðu sinni í Hart í bak að hreyfa við hörðustu mönnum. Honum var á dögunum færð skipstjórahúfa Jónasar Böðvarssonar, sem stýrði Brúarfossi um árabil. Nú vill Gunnar komast í samband við þann sem færði honum einkennisbúninginn sem hann klæðist á myndinni. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Gunnar Eyjólfsson:

## Fékk skipstjórabúning frá huldumanni

**MENNING** Gunnar Eyjólfsson fékk óvænta gjöf á dögunum frá huldumanni sem hafði séð leikverkið Hart í bak. Um var að ræða einkennisbúning sem Gunnar hyggst klæðast á síðustu sex sýningum á verkinu. Gunnar langar mikið að komast í samband við þann sem gaf honum búninginn.

Leikarinn hefur fengið mikil viðbrögð við frammistöðu sinni í hlutverki skipstjórans Jónatans og hafði áður verið færð einkennishúfa Jónasar Böðvarssonar, sem var skipstjóri á Brúarfossi um árabil.

Leikritið Hart í bak, sem er eftir hið ástsæla leikskáld Jökul Jakobsson, hefur verið sýnt fyrir troðfullu húsi yfir fjörutíu sinnum á stóra sviði Þjóðleikhússins. Sagt er að jafnvel hörðustu menn hafi fellt tár á sýningum verksins. - fgg / sjá síðu 36

Vel tekið í tillögu Ólafs F. Magnússonar um að upplýsa um styrki:

# Bókhald frambjóðenda opnað

**REYKJAVÍK** Borgarráð vísaði tillögu Ólafs F. Magnússonar, um að þeim tilmælum yrði beint til frambjóðenda í prófkjörum fyrir síðustu kosningar að þeir opni bókhald sitt, til forsætisnefndar í gær.

Óskar Bergsson, formaður borgarráðs, segir að sér lítist vel á tillöguna. Rökrétt sé að frambjóðendur í prófkjörum opni bókhald sitt, líkt og stjórnmálaflokkar hafa gert undanfarið. „Það er rangt sem fram hefur komið, að ég vilji ekki birta fjárhagslegar upplýsingar úr mínu prófkjöri.“

Hanna Birna Kristjánsdóttir borgarstjóri segir mikilvægt að fara yfir málið og skoða útfærslur, verði af þessu. „Ég treysti því að forsætisnefndin komist að farsælli og skynsamlegri niðurstöðu.“

Svandís Svavarsdóttir Vinstri grænum segir tillöguna góðra gjalda verða. Allir ættu að vilja hafa sem mest uppi á borðinu í þessum efnum. Dagur B. Eggertsson Samfylkingunni segir að Samfylkingin hafi barist fyrir breytingum á lögum sem nái til prófkjörsframbjóðenda. Ýmislegt þurfi að skoða, svo sem útfærslu á birtingu aftur í tímann. Sjálfur hafi hann ekki séð tillöguna. - kóp










## SPURNING DAGSINS



*Fannar, eruð þið að skjóta ykkur undan ábyrgð?*

„Nei, við erum skotheldir.“

Fannar Bergsson er formaður Skotreynar sem hefur aðstöðu til skotæfinga á Álfsnesi. Íbúar á Kjalarnesi hafa kvartað yfir hávaðamengun, en Fannar segist engin gögn hafa séð um of mikinn hávaða.

Skoðanakönnun Fréttablaðsins um afstöðu til íslensku krónunnar:

# Sjá ekki framtíð í krónunni

**SKOÐANAKÖNNUN** Meirihluti, eða 61,9 prósent, segist ekki vilja að íslenska krónan verði framtíðargjaldmiðill hér á landi. 38,1 prósent vill halda í krónuna.

Ekki er munur á afstöðu eftir kyni, en íbúar á landsbyggðinni eru heldur jákvæðari gagnvart krónunni en íbúar á höfuðborgarsvæðinu. 57,7 prósent íbúa á landsbyggðinni segjast ekki vilja að krónan verði framtíðargjaldmiðill, en 64,5 prósent íbúa á höfuðborgarsvæðinu eru sama sinnis.

Ef litið er til afstöðu fólks eftir stuðningi við stjórnmálaflokka er traust á krónunni mest meðal kjósenda Sjálfstæðisflokks en minnst meðal kjósenda Samfylkingar.

**Vilt þú að krónan verði framtíðargjaldmiðill á Íslandi?**




Skv. könnun Fréttablaðsins 14. apríl

81,8 prósent kjósenda Samfylkingar vill ekki að krónuna til framtíðar. 62,1 prósent kjósenda Framsóknarflokks er sama sinnis, sem og 59,3 prósent kjósenda Vinstri grænna. Meirihluti kjósenda Sjálfstæðisflokks vill hins vegar að krónan verði hér framtíðargjaldmiðill en 42,3 prósent vilja að skipt verði um gjaldmiðil.

Af þeim sem ekki taka afstöðu segjast 57,8 prósent ekki vilja að krónan verði framtíðargjaldmiðill.

Hringt var í 800 manns þriðjudaginn 14. apríl og skiptust svarendur jafnt eftir kyni og hlutfallslega eftir búsetu. Spurt var; Vilt þú að krónan verði framtíðargjaldmiðill á Íslandi? 83,3 prósent tóku afstöðu til spurningarinnar. - ss

Nýstárleg ráð við hraðakstri:

# Íhuga að hætta viðhaldi vega

**BRETLAND, AP** Bæjaryfirvöld í breska sveitaþorpinu Navestock íhuga nú að hætta að gera við holur og aðrar skemmdir á vegum í þorpinu. Vonast bæjarfulltrúar til þess að það dragi úr hraðakstri í gegnum þorpið og dragi úr viðgerðarkostnaði. Áfram verði gert við aðal vegina, en minna notaðir vegir látnir drabbast niður.

Íbúar eru ekki allir ánægðir með hugmyndina, og vilja sumir meina að hætta geti skapast verði viðhaldi ekki sinnt. Meðal þeirra er Roy Tyzack, lögreglumaður á eftirlaunum, sem segir hugmyndina órökrétta og geta sett vegfarendur í hættu. - bj



**SKÓFLUSTUNGA** Kolbrún Halldórsdóttir umhverfisráðherra tók fyrstu skóflustunguna að nýrri gestastofu í gær.

Vatnajökulsþjóðgarður:

# Þjóðgarðurinn stækkaður

**UMHVERFISMÁL Kolbrún Halldórsdóttir umhverfisráðherra undirritaði nýja reglugerð um stækkun Vatnajökulsþjóðgarðs til norðurs í þjóðgarðinum í gær. Hún tók einnig fyrstu skóflustunguna að nýrri gestastofu þjóðgarðsins á Skriðuklaustri.**

**Með stækkun þjóðgarðsins verður Trölladyngja öll, Askja og stór hluti Ódáðahrauns hluti af garðinum. Vatnajökulsþjóðgarður er stærsti þjóðgarður Evrópu. Hann var áður um 11.700 ferkílómetrar, en hefur nú verið stækkaður í 13.610 ferkílómetra, sem er um þrettán prósent af flatarmáli Íslands.** - bj

## FISKVEIÐAR

### Þorskárgangurinn sterkur

Fyrsta mat Hafrannsóknastofnunar á þorskárganginum árið 2008 bendir til þess að árgangurinn sé sterkur. Þetta kemur fram í niðurstöðum vorralls stofnunarinnar. Stofnvísitala þorsks hækkaði um níu prósent, sem rakið er til þess að meira fékkst af stórum fiski, og holdafarið var betra en áður.

# Banna andlegar og líkamlegar refsingar

**Eftir breytingu á barnaverndarlögum er óheimilt að beita börn líkamlegum eða andlegum refsingum. Nauðsynleg breyting í ljósi nýlegs dóms Hæstaréttar sem sýknaði mann sem flengdi tvo drengi segir forstjóri Barnaverndarstofu.**

**ALÞINGI** Óheimilt er að beita börn líkamlegum eða andlegum refsingum eftir að Alþingi samþykkti samhljóða breytingar á barnaverndarlögum í gær. Viðurlög eru sektir eða allt að þriggja ára fangelsisdómur.

„Hér eru tekin af öll tvímæli um að það er óheimilt að berja börn, eða veita þeim líkamlega eða andlega refsingu. Það er mjög gott að brugðist sé svo hratt við,“ segir Bragi Guðbrandsson, forstjóri Barnaverndarstofu.

Með breytingunni eru stjórnvöld meðal annars að bregðast við nýlegum dómi Hæstaréttar, sem sýknaði karlmann af ákærum um brot gegn barnaverndarlögum þrátt fyrir að sannað þætti að hann hefði rassskellt fjögurra og sex ára syni kærustu sinnar.

Í dómi Hæstaréttar, sem féll 22. janúar síðastliðinn, segir að í barnaverndarlögum sé ekki lagt fortakalaust bann við því að foreldri beiti barn „líkamlegum aðgerðum til að bregðast við óþægð“. Ekki sé hægt að refsa fyrir slíkt ofbeldi gegn börnum nema refsingin sé til þess fallin að skaða barnið, andlega eða líkamlega.

Með lagabreytingunum er ekki verið að taka fram fyrir hendur foreldra, segir Bragi. Fjölmargar rannsóknir hafi sýnt fram á að þó líkamlegar refsingar geti virst árangursríkar til skamms tíma séu þær alltaf skaðlegar til lengri tíma litið. Það sama eigi við um andlegar refsingar.

Bragi segir að meta verði í hverju tilviki fyrir sig hvað falli undir ákvæði um bann við andlegum refsingum gagnvart börnum. Líta verði svo á að með því sé lagt bann við niðurlægjandi meðferð sem skaði sjálfsmynd barna og trú á eigin getu, geri lítið úr börnum eða hæðist að þeim.

Lagabreytingarnar taka ekki eingöngu til foreldra eða forráðamanna, heldur til allra sem beita börn andlegum eða líkamlegum refsingum. Ákvæðin hefðu því einnig náð til leikskólakennara sem nýverið varð uppvís að því að slá leikskólabarn, segir Bragi.

Í breytingunni á barnaverndarlögum er einnig lagfært lagaákvæði um barnaverndarnefndir. Með því er í raun verið að stoppa í gat á lögunum, og heimila fulltrúum barnaverndarnefnda að vera viðstaddir skýrslutökur af börnum, segir Bragi.

brjann@frettabladid.is

### REFSING ALLT AÐ ÞRIGGJA ÁRA FANGELSI

Í nýjum ákvæðum barnaverndarlaga segir meðal annars: „Allir sem hafa uppeldi og umönnun barna með höndum skulu sýna þeim virðingu og umhyggju og óheimilt er með öllu að beita börn ofbeldi eða annarri vanvirðandi háttsemi.“

Í ákvæðunum segir enn fremur: „Hver sem beitir barn andlegum eða líkamlegum refsingum, hótunum eða ógnunum eða sýnir af sér aðra vanvirðandi háttsemi gagnvart barni skal sæta sektum eða fangelsi allt að þremur árum.“



**REFSAÐ** Stjórnvöld brugðust við nýlegum hæstaréttardómi með breytingu á barnaverndarlögum til að koma í veg fyrir líkamlegar og andlegar refsingar á börnum. Myndin tengist efni fréttarinnar ekki beint. NORDICPHPOTOS/GHETTY



**SKÓLAHALD** Silvio Berlusconi, forsætisráðherra Ítalíu, leit við í skólatjöldunum á hamfarasvæðinu í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Yngstu fórnarlömb skjálftans:

# Ítölsk börn aftur í skólann

**ÍTALÍA, AP Sum af yngstu fórnarlömbum jarðskjálftans á Ítalíu nýverið komust aftur í skólann í gær. Aðstæðurnar voru þó öðruvísi en fyrir skjálftann, enda fór skólahaldið fram í tjöldum.**

**Liberata Marchi grunnskólakennari segir þó búið hafi verið að fara yfir námsefni vetrarins að mestu sé mikilvægt fyrir börnin að komast aftur í skólann og upplifa að lífið gangi sinn vanagang á ný.** - bj

Fjármálakerfi í Evrópu:

# Ísland sendir inn umsögn

**FJÁRMÁL** Utanríkisráðuneytið hefur sent inn athugasemdir um endurskipulagningu evrópsks fjármálakerfis. Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins óskaði eftir tillögum og sjónarmiðum hagsmunaaðila utan Evrópusambandsins.

Af hálfu Íslands er lögð mikil áhersla á mikilvægi þess að EES/EFTA-ríkin geti tekið þátt í uppbyggingu nýs fjármálaeftirlitskerfis og átt aðild að fyrirhuguðu Fjármálakerfisáhætturáði Evrópu. Þá er lögð mikil áhersla á endurskipulagningu innistæðutrygginga fyrir fjármálastofnanir. Framkvæmdarstjórnin leggur endanlegar tillögur fyrir leiðtogafund ESB í júní. - kóp




Borgarbúar verða sjálfir að losa sig við úrgang úr görðum í ár:

# Borgin hirðir ekki garðaúrgang

**UMHVERFISMÁL** Reykjavíkurborg mun ekki losa borgarbúa við garðaúrgang í ár, eins og verið hefur mörg undanfarin ár. Borgarbúar verða því sjálfir að losa sig við garðaúrgang og greinar.

Jón Halldór Jónasson, upplýsingastjóri framkvæmda- og eignasviðs, segir að um sparnaðaraðgerðir sé að ræða. Kostað hefði um 45 milljónir króna að halda úti óbreyttu verklagi hvað úrganginn varðar. Jón segir þetta geta valdið borgarbúum óþægindum, enda hafi þessi þjónusta verið til staðar í tæp tuttugu ár. Þetta sé hins vegar ekki skilgreind grunnþjónusta hjá borginni.

„Við hvetjum borgarbúa til að taka til og köllum eftir auknu frumkvæði og ábyrgð þeirra.“ Jón segir vonast til að fólk taki höndum saman, haldi jafnvel hreinsunardag í götunni eða götuhátíð og hjálpist að við að koma úrganginum í Sorpu.

Jón segir að vissulega hefði mátt láta borgarbúa vita fyrr af breytingunum, en margir hafa þegar komið úrgangi sínum fyrir úti á götu. Venjan sé að borgin hreinsi til í lok apríl, en vegna veðurs hafi fjölmargir þegar hafið vorverkin.

Margir hafa komið upp eigin moltugerð í görðum sínum en aðrir verða að koma úrgangi úr görðum sínum til endurvinnslustöðva. - kóp



**GARÐÚRGANGUR** Borgarbúar þurfa sjálfir að losa sig við garðúrgang sinn í, þar sem Reykjavíkurborg hirðir hann ekki.



BT
Fermingargjafir
á frábæru verði í BT
FÁRÁNLEGT VERÐ
RUGLBULL VERÐ
69.999
Acer Extensa 5230
• 2.0Ghz Intel Celeron M 575 Centrino með 1MB flýtiminni
• 1GB DDR2 667MHz 200pin
• 160GB SATA hljóðlátur 5400RPM
• 8xDVD±RW Dual Layer skrifari sem einnig skrifar CD-RW
• Innbyggt þráðlaust 802.11bgn netkort með loftneti í skjá
• 15.4" WideScreen WXGA CrystalBrite með 1280x800
• Windows Vista Home Basic
Með HDMI-tengi
29.999
Traxdata margmiðlunarspilari
• 500GB SATA, USB2 margmiðlunarspilari, 720p upscaling, SCART, HDTV, Coaxial ofl.
99.999
Toshiba L350
• 2.0GHz Intel Core Duo T3200 - Centrino Duo með 1MB flýtiminni
• 3GB DDR2 800MHz 200pin. Stækkanlegt í 4GB
• 320GB SATA hljóðlátur harðdiskur 5400RPM
• 8xDVD±RW Dual Layer skrifari sem einnig skrifar CD-RW
• Innbyggt þráðlaust 54Mbps 802.11b/g netkort með loftneti í skjá
• 17" WideScreen WXGA með 1440x900 og 16,7 milljón liti
• Windows Vista Home Premium
17.999
Logitech Pure-Fi Express Plus
• Frábær hljómur
• Virkar með öllum ipodum sem styðja tengikví.
• Hægt að tengja aðrar gerðir MP3 spilara við með snúru
• Innbyggð vekjaraklukka
• Þráðlaus fjarstýring
BT.is
Kíktu á skemmtilegar klippur á BT.is
Bestu myndir BT fást einnig í Húsasmiðjunni um land allt.
HÚSASMIÐJAN
...ekkert mál
Smáralind Akureyri Sími 550 4444 www.bt.is

## GENGIÐ 16.04.2009

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 126,83 | 127,43 |
| Sterlingspund | 188,69 | 189,61 |
| Evra | 166,97 | 167,91 |
| Dönsk króna | 22,414 | 22,546 |
| Norsk króna | 18,889 | 19,001 |
| Sænsk króna | 15,291 | 15,381 |
| Japanskt jen | 1,2815 | 1,2889 |
| SDR | 189,17 | 190,29 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

205,4618

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Ungur maður ákærður fyrir að stinga mann í brjóstholið og skera úlnlið annars:

# Neitar að hafa reynt að drepa mann

**DÓMSMÁL** Rúmlega tvítugur maður, Frans Friðriksson, hefur verið ákærður fyrir tilraun til manndráps á horni Smiðjustígs og Hverfisgötu í desember síðastliðnum. Frans er gefið að sök að hafa stungið átján ára pilt í brjóstholið og skorið á úlnlið tvítugs manns sem reyndi að forða hinum frá árásinni.

Sá sem fékk hnífinn í brjóstið hlaut lífshættulega áverka, loftbrjóst og blóð í vinstra brjósthol, að því er segir í ákæru. Hinn hlaut opið sár á úlnlið.

Ákæran var þingfest í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær. Frans er sem áður segir ákærður fyrir að reyna að ráða annan manninn af dögum, en til vara fyrir sérstaklega hættulega líkamsárás. Þá er hann ákærður fyrir sérstaklega hættulega árás á hinn manninn.

Frans neitaði sök. Verjandi hans hefur mánuð til að skila greinargerð þar sem afstaðan til sakarefnisins er útskýrð nánar. Eftir því sem Fréttablaðið kemst næst hefur maðurinn ekki neitað því við skýrslutökur hjá lögreglu að hafa verið á staðnum og átt þar í átökum.

Sá sem stunginn var krefst þriggja milljóna króna í miskabætur og sá skorni þrjú hundruð þúsund króna. - sh



**MIÐBORGIN** Árásin átti sér stað á horni Smiðjustígs og Hverfisgötu í desember síðastliðnum. Ákærði neitaði sök fyrir dómi í gær. Myndin er úr safni og tengist ekki efni fréttarinnar beint.

Kröfuhöfum kynnt staðan:

# Halli Straums 61,1 milljarður

**VIÐSKIPTI Skuldir Straums-Burðaráss fjárfestingarbanka umfram eignir nema 365,1 milljón evra, eða rúmlega 61,1 milljarði króna, samkvæmt óendurskoðuðuðu uppgjöri sem bankinn kynnir nú kröfuhöfum.**

**Samkvæmt uppgjörinu námu heildareignir bankans 1.865,3 milljónum evra 31. mars síðastliðinn, eða sem nemur rúmlega 312,3 milljörðum króna. Á móti koma skuldir upp á 2.230,4 milljónir evra, eða tæplega 373,5 milljarða króna.**

**Forgangskröfur nema 16,2 milljónum evra, eða rúmlega 2,7 milljörðum króna.** - óká



**KREFJAST KVÓTA** Áhafnir togara í mótmælaham í innsiglingunni í Boulogne-sur-mer í N-Frakklandi. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Franskir fiskimenn ósáttir:

# Krefjast aukins fiskveiðikvóta

**FRAKKLAND, AP Franskir fiskimenn opnuðu í gær aftur fyrir umferð um hafnir Calais og Dunkirk en héldu áfram að hindra umferð um þá þriðju, þriðja daginn í röð. Með aðgerðunum vilja þeir þrýsta á um að aflaheimildir til veiða í Norðursjó verði auknir.**

**Ferjuumferð yfir Ermarsund til og frá Calais og Dunkirk hófst á ný í gærmorgun, á meðan fiskimennirnir skutu á fundi til að ákveða hvernig bregðast skyldi við tilboði frá frönsku ríkisstjórninni um fjórar milljónir evra í viðbótaraðstoð við útgerðina.**

**Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins, sem annast framkvæmd sameiginlegrar fiskveiðistefnu ESB, kvaðst myndu halda fast við áður ákveðna kvóta til að hlífa ofveiddum fiskistofnum.** - aa

## LEIÐRÉTTING

Í verðkönnun sem birtist í blaðinu í gær kom fram rangt verð á umfelgun á jeppa með 29“ dekk hjá Vöku. Verðið á slíkri þjónustu er 6.500 krónur en ekki 8.800 krónur.

# Alþingi ræður ekki við stjórnarskrána

**Lagaprófessor segir samkomulag um stjórnarskrármálið sýna að Alþingi sé ófært um að breyta stjórnarskránni. ESB aðild gæti tafist vegna málsins. Eigi stjórnlagaþing að hafa vald til breytinga þurfi að stytta næsta kjörtímabil.**

**STJÓRNMÁL** „Verði þetta niðurstaðan sannast það sem ég og fleiri hafa sagt, að Alþingi virðist ekki fært um að breyta stjórnarskránni. Ég dreg í efa að með sama vinnulagi verði stjórnarskránni breytt í náinni framtíð,“ segir Eiríkur Tómasson, prófessor í lögum við Háskólann í Reykjavík. „Mér finnst þetta slæm niðurstaða. Okkar stjórnskipan er verulega gölluð og þetta er frekar dapurleg niðurstaða.“

Breytingarákvæði stjórnarskrárinnar verður ekki breytt fyrir kosningar og því gildir það sama um breytingar á stjórnarskrá og áður; rjúfa þarf þing og boða til kosninga að lokinni samþykkt breytinga. Nýtt þing þarf síðan einnig að samþykkja breytinguna til að hún fái staðfestingu.

Þetta þýðir að Ísland getur ekki orðið aðili að Evrópusambandinu næstu fjögur árin, nema þing verði rofið og boðað til kosninga. Hið sama gildir um stjórnlagaþing, en stjórnarskrárbreytingu þarf til eigi það að hafa vald til breytinga.

Ragnhildur Helgadóttir, prófessor í lögum við Háskólann í Reykjavík, segist syrgja það að breytingarákvæðinu hafi ekki verið breytt. Þörf hafi verið á því. Með því hefði meðal annars verið hægt að setja inn opnunarákvæði um aðild að Evrópusambandinu á miðju kjörtímabili sem og stofnun stjórnlagaþings.

„Ég hef minni áhyggjur af Evrópumálum; þau eru svo mikið stórmál að menn væru frekar tilbúnir til að rjúfa þing og boða til kosninga vegna þeirra. En almennt varðandi breytingar á stjórnarskránni sýnist mér þetta þýða að þær verði tæpast næstu fjögur árin.“ Ragnhildur segir reynslu sína að núverandi breytingarákvæði sé hamlandi fyrir breytingar á stjórnarskránni.

Eiríkur segir þetta gjörbreyta málum hvað varðar Evrópusambandið. „Þetta þýðir að við verðum ekki aðilar að Evrópusambandinu næstu fjögur árin, nema menn rjúfi þing og stytti kjörtímabilið.“ Hið sama gildi um stjórnlagaþing. Ef það eigi að hafa það vald sem því var ætlað í upprunalegu frumvarpi þýði það að rjúfa þurfi þing og stytta kjörtímabilið.

„Auðvitað er hægt að setja slíkt stjórnlagaþing með lögum frá Alþingi, en það verður bara ráðgefandi. Alþingi mun þá þurfa að samþykkja tillögur þess til breytingar á stjórnarskrá.“

kolbeinn@frettabladid.is



**ALÞINGI** Eiríkur Tómasson segir Alþingi ófært um að breyta stjórnarskránni og henni verði varla breytt í náinni framtíð. Ragnhildur Helgadóttir segir niðurstöðu varðandi stjórnarskrána þýða að almennar breytingar á stjórnarskrá verði tæpast næstu fjögur ár. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**EIRÍKUR TÓMASSON**



**RAGNHILDUR HELGADÓTTIR**



**ÚTIVIST** Nóg er að gera í reiðhjólaverslunum og -verkstæðum þessa dagana.

Kippur í reiðhjólaverslun:

# Hjólavertíðin hafin í ár

**FÓLK** „Salan gengur ljómandi vel. Við verðum alltaf vör við mikinn kipp í kringum sumardaginn fyrsta, og viðskiptavinirnir eru greinilega á þeirri skoðun að sumarið sé komið,“ segir Brynjar Bragason, starfsmaður reiðhjólaverslunarinnar Marksins.

Veðurblíða var á landinu í gær, enda innan við vika í sumardaginn fyrsta. „Það er snúningspunkturinn hjá mörgum í þessum bransa. Þá fyllist allt, bæði í versluninni og á verkstæðinu. Líklega þurfum við að bæta við okkur starfsfólki nú þegar allt er farið á fullt,“ segir Brynjar. - kg

Klámsíður í tölvum Árborgar:

# Netaðgangur verður heftur

**ÁRBORG** Bæjarráð Árborgar hyggst kaupa þriggja milljóna króna búnað til að takmarka notkun á netinu í tölvum sveitarfélagsins. „Tilgangurinn er meðal annars að sía frá óæskilegar síður, svo semt klámsíður, og auka þannig öryggi barna og ungmenna sem nota tölvur sveitarfélagsins. Einnig að draga úr umferð á netinu vegna meðal annars „Facebook“ og „msn“ og verður aðgangur að þeim síðum lokaður nema þar sem um er að ræða starfstengda notkun,“ segir í greinargerð bæjarstjóra.

Fulltrúi minnihluta Sjálfstæðisflokks greiddi atkvæði á móti. - gar



Af sérstökum ástæðum eru til sölu tvö falleg ný einbýlishús að Nesveg 17 og 19, Höfnum í Reykjanesbæ. Ásamt hesthúsi.

Stutt í alla þjónustu, sveit í bæ. Aðeins 35 mín. frá Reykjavík. Hundarækt getur fylgt með.Góð aðstaða. Frábært tækifæri fyrir áhugasama. Möguleiki á 90% láni.

Uppl.gefur Kristín í síma 898 1840.

## VEÐURSPÁ



**Sigurður Þ. Ragnarsson** veðurfræðingur

**HLÝINDAKAFLI**
Í dag næstu daga verður milt á öllu landinu. Reyndar er himinn nokkuð opinn þessa dagana og því víða hætt við að fryst geti að næturlagi og þá niðri við jarðaryfirborð. Líkur á úrkomu aukast sunnan og vestan til á laugardag og á laugardagskvöld fer að rigna. Á sunnudag verður skúraveður sunnan og vestan til, annars þurrt en alls staðar milt.




**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 20° |
| Amsterdam | 14° |
| Basel | 16° |
| Berlín | 17° |
| Billund | 14° |
| Eindhoven | 10° |
| Frankfurt | 15° |
| Friedrichshafen | 16° |
| Gautaborg | 15° |
| Kaupmannahöfn | 15° |
| Las Palmas | 22° |
| London | 15° |
| New York | 19° |
| Orlando | 25° |
| Osló | 10° |
| París | 15° |
| Róm | 21° |
| Stokkhólmur | 11° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.



ÓDÝRT Í HAGKAUP
ÓDÝRT Í HAGKAUP
OPIÐ til 20 alla daga
UNGNAUTA HAKK
979 kr/kg.
NAUTAAT PIPARSTEIK
1.949 kr/kg.
Merkt verð 2.998.-
KJÚKLINGA BRINGUR
2.799 kr/kg.
Merkt verð 3.998.-
ÓDÝRT Í HAGKAUP
ÓDÝRT Í HAGKAUP
FISKIBOLLUR TILBÚNAR Í OFNINN
764 kr/kg.
Merkt verð 899.-
LAMBATVÍRIFJUR KRYDDLEGNAR
1.672 kr/kg.
Merkt verð 2.388.-
LAMBAFILE KRYDDLEGIÐ
2.799 kr/kg.
Merkt verð 3.998.-
GRÍSAKÓTILETTUR KRYDDLEGNAR
1.019 kr/kg.
Merkt verð 1.698.-
GEETA'S MANGO CHUTNEY
399 kr/stk.
WC RÚLLUR 12 STK.
499 kr/pk.
SALERNISRÚLLUR
NÝBAKAÐ
EPLALENGJA NÝBÖKUÐ
289 kr/stk.
Verð áður 539.-
ÓDÝRT Í HAGKAUP
ÓDÝRT Í HAGKAUP
TRÓPÍ SMOOTHIE
179 kr/stk.
Verð áður 226.-
TÚNFISKUR 2 TEG.
149 kr/stk.
RENÉ KAFFI PÚÐAR
269 kr/pk.
Verð áður 319.-
HEILSU TVENNA
699 kr/pk.
Verð áður 848.-
Gildir til 19. apríl eða á meðan birgðir endast.
NÝTT KORTA TÍMABIL
HAGKAUP
Ein ferð betra verð

**KJÖRKASSINN**



*Ert þú sátt(ur) við að hætt hefur verið við stjórnlagaþing?*

| | |
|---|---|
| Já | 41,1% |
| Nei | 58,9% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Ekur þú á bíl á nagladekkjum?*

Segðu þína skoðun á visir.is

Sjávarútvegsráðherra kynnir áform um strandveiðar eftir kosningar:

# Strandveiðum verði komið á

**SJÁVARÚTVEGUR** Steingrímur J. Sigfússon sjávarútvegsráðherra kynnti í gær áætlanir um að frjálsum handfæraveiðum verði komið á við strendur landsins á næsta kjörtímabili. Nýja kerfið komi í stað byggðakvótans, enda sé það umdeilt og hafi valdið mörgum deilumálum.

Í tilkynningu ráðherra segir að lagt verði fram frumvarp til breytingar á lögum um stjórn fiskveiða að afloknum kosningum og verði strandveiðum komið á til reynslu. Landinu verði skipt í svæði og bátur fái eingöngu leyfi til strandveiða á því svæði sem hans heimahöfn er. Þá verði aflanum landað innan þess svæðis til vinnslu innanlands. Reiknað er með að 8.627 tonnum af óslægðum botnfiski veði ráðstafað til strandveiða á yfirstandandi fiskveiðiári.



**KYNNIR STRANDVEIÐAR** Sjávarútvegsráðherra kynnti áform um strandveiðar. Lagabreytingar þar um verða þó ekki lagðar fram fyrr en að loknum kosningum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Hámarksstærð báta sem getur nýtt sér heimildirnar verði 15 brúttótonn. Í dag eru um 720 handfærir bátar undir þeirri stærð og um 620 þeirra hafa stundað veiðar í atvinnuskyni á síðastliðnum árum.

Vegna fyrirhugaðra breytinga verður byggðakvóta ekki úthlutað á þessu fiskveiðiári. Ráðherra segir að með þessum breytingum séu annmarkar sniðnir af sem komið hafi upp í meðferð og úthlutun byggðakvótans. Þá sé stuðlað að þróun í átt til vistvænni veiðihátta, og greitt fyrir nýliðun. Málið hefur verið kynnt í ríkisstjórn. - kóp

Karl V. Matthíasson:

# Gætum hafið veiðarnar strax

**SJÁVARÚTVEGUR Karl V. Matthíasson, oddviti Frjálslynda flokksins í Reykjavíkurkjördæmi norður, segir sérkennilegt hjá sjávarútvegsráðherra að kynna áform fyrir næstu ríkisstjórn. Allsendis sé óvíst með aðkomu Steingríms J. Sigfússonar að þeirri stjórn.**

**„Fyrir þinginu liggur frumvarp frá Frjálslynda flokknum um handfæraveiðar. Þingið gæti samþykkt það á morgun og hundruð gætu hafið veiðar í byrjun maí. Það væri nær frekar en að bíða eftir að ný stjórn væri mynduð. Steingrímur J. verður ekki endilega ráðherra í þeirri ríkisstjórn.“** - kóp

Rætt um ummæli Ögmundar:

# Sakaður um dylgjur og róg

**ALÞINGI** Ummæli Ögmundar Jónassonar heilbrigðisráðherra um að læknar kynnu að misnota ávísanakerfi í heilbrigðisþjónustu vöktu hörð viðbrögð þriggja þingmanna á Alþingi í gær.



**ÖGMUNDUR JÓNASSON**

Ásta Möller og Dögg Pálsdóttir Sjálfstæðisflokki og Siv Friðleifsdóttir Framsóknarflokki sögðu Ögmund vega að heiðri lækna með fordæmalausum ásökunum sem væru ekkert annað en dylgjur.

Ögmundur lét ummælin falla á ráðstefnu Samtaka fyrirtækja í heilbrigðisþjónustu á miðvikudag. - bþs

## HÚNAVATNSSÝSLA

### Áskorun frá þjóðminjaverði

Þór Magnússon, fyrrverandi þjóðminjavörður, hvetur sveitarfélög í Húnavatnssýslu og Strandasýslu til að byggja nýtt hús á nýjum stað yfir Byggðasafnið á Reykjum í Hrútafirði. Skilgreina þurfi hlutverk safnsins og tilgang betur.

### Kanna hótel á Skagaströnd

Viðskiptaáætlun um hagkvæmni þess að byggja og reka hótel á Skagaströnd og markaðslegar forsendur fyrir slíkum rekstri var lögð fram á síðasta fundi sveitarstjórnar Skagastrandar, ákveðið var að leita upplýsinga og kanna möguleika á fjármögnun.

## STJÓRNMÁL

### Kosið á Landspítalanum

Kosning utan kjörfundar vegna komandi alþingiskosninga fyrir vistmenn og sjúklinga er hafin. Kosið var á Landakoti á fimmtudag og kosið verður á Hringbraut, Fossvogi og Grensási næsta fimmutdag.

## FYLGI STJÓRNMÁLAFLOKKA Í KOSNINGUM 1963-2007 OG KÖNNUNUM FRÁ 2007




Staðsetning flokka fer eftir niðurstöðum Íslensku kosningarannsóknarinnar 2007. Kjósendur voru beðnir um að staðsetja stjórnmálaflokka á hægri/vinstri skala. Vinstri græn og Samfylking eru til vinstri. Frjálslyndi flokkurinn og Framsóknarflokkur teljast hér til miðjuflokka, en Sjálfstæðisflokkurinn staðsettur til hægri.

# Hægrahrunið hófst í júní á síðasta ári

**Halla fór undan fæti hjá Sjálfstæðisflokknum í júní á síðasta ári. Þá dregur úr yfirburðum flokksins, sérstaklega í fylgi á höfuðborgarsvæðinu og meðal karla. Fylgi vinstriflokkanna hefur aldrei verið meira en nú í aprílmánuði.**

**STJÓRNMÁL** Vinstriflokkarnir hafa aldrei mælst með meira fylgi en nú. Í könnunum Fréttablaðsins frá því í október hefur samanlagt fylgi vinstriflokkanna ekki farið undir fimmtíu prósent en að jafnaði verið nær sextíu prósentum. Í síðustu tveimur könnunum blaðsins, sem gerðar voru í apríl, mældist samanlagt fylgi vinstriflokkanna svo yfir sextíu prósentum.

Að sama skapi hefur fylgi Sjálfstæðisflokksins ekki mælst minna. Í könnunum Fréttablaðsins mældist Sjálfstæðisflokkurinn rétt yfir 25 prósentum í maí 2004. Annars hefur fylgi flokksins verið að mælast um 35 til 40 prósent.

Ef úrslit kosninga frá 1963 til 2007 eru skoðuð var samanlagt fylgi hægriflokka minnst 1978 þegar 32,7 prósent kusu Sjálfstæðisflokkinn. Það ár var mikill kosningasigur vinstriflokka með samanlagt fylgi þeirra tæp 45 prósent. Líklegt er að fylgi vinstriflokkanna í kosningunum nú verði mun hærra. Í síðustu könnun Fréttablaðsins var samanlagt fylgi vinstriflokkanna tæp 63 prósent.

Oft er vísað til þess að Sjálfstæðisflokkurinn fékk ekki nema 27,2 prósent atkvæða í kosningunum 1987. Í síðustu könnun Fréttablaðsins var Sjálfstæðisflokkurinn á svipuðu róli, með rúmlega 27 prósenta fylgi. Munurinn á úrslitunum 1987 og stöðu flokksins nú er að í kosningunum 1987 fékk Borgaraflokkurinn 10,9 prósent atkvæða. Hægrafylgið það ár var því rúm 38 prósent.

Landslagið í stjórnmálum nú, hvernig kjósendur skiptast til hægri og vinstri, er því allt annað en áður hefur þekkst. Ekki einungis er hægrafylgið minna en það hefur áður verið, heldur er miðjufylgið einnig mun minna.

**Fylgi flokka skv. könnunum Fréttablaðsins**




Minnkandi fylgi Sjálfstæðisflokksins hófst í júní á síðasta ári. Meðal karla og íbúa á landsbyggðinni fer fylgi Sjálfstæðisflokksins að dragast saman frá og með júní. Meðal íbúa höfuðborgarsvæðisins hefst niðursveiflan í október. Konur hafa ávallt verið mun líklegri til að styðja vinstriflokkana og því er munurinn minni meðal þeirra.

svanborg@frettabladid.is






# 20% LEIÐRÉTTING

**FYRIR OKKUR ÖLL**



Við skulum ímynda okkur götu þar sem eru 10 hús. **Þau eru öll jafn verðmæt. Rauðu** tölurnar sýna hvað hvert heimili skuldar og **grænu** tölurnar hversu mikið hvert heimili getur borgað.



Í þessu tilviki getur heimilið bara borgað **110 en þyrfti að borga 170.**



Ef bankinn ætlaði að taka húsið af þessu fólki og öðrum sem ekki geta borgað eru **fimm hús í götunni komin á sölu og fimm fjölskyldur heimilislausar.**






Ef mikill fjöldi fasteigna er settur á sölu eru í raun engin takmörk fyrir því hversu lágt verðið á þeim getur orðið. **Á Íslandi gæti orðið algert hrun á fasteignamarkaði.** Slíkt hrun er hafið annars staðar. Áhrifin af þessu eru þau að hin húsin, þar sem fólk gat þó greitt, falla líka í verði. Allir tapa á allsherjar hruni á fasteignamarkaði. **Fleiri lenda svo í erfiðleikum í kjölfarið og keðjuverkun verður.**




**En hvað er til ráða?** Hvernig getum við komið í veg fyrir hrun?




**Framsóknarflokkurinn hefur sett fram hugmynd um 20% afskriftir af höfuðstóli allra íbúðarlána.** Forsendan er sú að samningar um afskriftir lána náist við erlenda kröfuhafa. **Flest bendir til þess að það sé raunhæft.**



Skoðum nú dæmið að nýju. 20% leiðrétting leiðir til þess að **fjórar af fjölskyldunum fimm geta haldið áfram að borga og missa ekki heimili sín.**



Skiptum nú þjóðinni í þrjá hópa. **Í sumum tilvikum duga 20% ekki,** í þeim tilvikum þarf meira til, þá þarf önnur úrræði. Það sem mestu máli skiptir hins vegar fyrir kröfuhafa og heimilin er að sem flestir geti þó haldið áfram að borga.





20% geta leitt til þess að mjög margir geta haldið áfram að borga sem hefðu ekki getað það ella. **Þá er bankinn ánægður og fjölskyldurnar líka.**





Svo er það fólkið sem hefði getað haldið áfram að borga án þess að fá 20% niðurfellingu. Hvaða áhrif hefur niðurfellingin á það? Jú, hún opnar möguleika á því að þessi hópur fólks auki við neyslu sína og fjárfestingar. En það er einmitt það sem þarf til þess að **halda þjónustu og fjárfestingum gangandi og til að halda fyrirtækjum í rekstri. Þegar fleiri fyrirtæki haldast í rekstri verða færri atvinnulausir.**



Það leiðir til þess að það fækkar í hópi nr. 1. Heimili úr þeim hópi geta þá haldið áfram að borga af lánum sínum og færast þá yfir í hóp nr. 2. **Endanleg áhrif eru þau að fleiri heimili geta haldið áfram að greiða til kröfuhafa og bankanna.**




Þegar allt kemur til alls, fá bankarnir og kröfuhafarnir meira en þeir hefðu fengið ef ekki hefði komið til niðurfellingar. Lykilatriðið er þó að með þessu getum við **komið í veg fyrir að fjöldi fólks missi heimili sín á Íslandi og að allsherjar verðhrun verði á eignum fólks.**




Framsóknarflokkurinn vill ekki bíða eftir að það gerist. **Framsóknarflokkurinn vill aðgerðir núna!**

**sjá skýringarmyndband á framsokn.is**

## VEISTU SVARIÐ?



1. Hversu margir voru handteknir í aðgerðum lögreglu gegn hústökufólki á miðvikudag?
2. Hvað heitir forseti Úkraínu?
3. Hvaða íslenski sjónvarpsþáttur fer aftur í loftið í sumar eftir nokkurra ára hlé?

SJÁ SVÖR Á SÍÐU 46

Viðbrögð Vinstri grænna við upplýsingum úr hlutafélagaskrá gagnrýnd:

# Segja VG varpa rýrð á Creditinfo

**STJÓRNMÁL** Rakel Sveinsdóttir, framkvæmdastjóri Creditinfo á Íslandi, segir það ekki rétt sem kom fram í tilkynningu Vinstri grænna að Creditinfo byggði athugun á stjórnarsetu þingmanna í hlutafélögum á „úreltum lista“.

Rakel segir að byggt hafi verið á hlutafélagaskrá Ríkisskattstjóra. „Skylt er að tilkynna breytingar til hlutafélagaskrár, að jafnaði innan mánaðar frá því að þær eiga sér stað og hvílir sú skylda meðal annars á stjórnarmönnum, að viðlögðum sektum. Creditinfo getur ekki gefið skýringu á því hvers vegna þetta hefur ekki verið gert í tilviki þeirra þingmanna sem svar Vinstri hreyfingarinnar græns framboðs vísaði til en áréttar að allar upplýsingar í skýrslu Creditinfo eru réttar,“ segir í yfirlýsingu Rakelar, sem kveður Creditinfo hafa haft samband við skrifstofu VG þegar athugasemdir Vinstri grænna birtust í frétt í Fréttablaðinu og á vef flokksins.

Rakel segist meðal annars hafa bent Vinstri grænum á að ummæli varðandi „úreltan lista“ væru röng og til þess fallin að varpa rýrð á störf Creditinfo. „VG hét að leiðrétta þetta á vef sínum. Það hefur hins vegar ekki enn verið gert og er þess því óskað að Fréttablaðið birti þessa leiðréttingu,“ segir í yfirlýsingu. **- gar**



**RAKEL SVEINSDÓTTIR** Framkvæmdastjóri Creditinfo segir Vinstra græn ekki hafa staðið við fyrirheit um leiðréttingu. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Kjarnorkumál N-Kóreu:

# Eftirlitsmenn yfirgefa landið

**KÓREA, AP** **Eftirlitsmenn Alþjóðakjarnorkumálastofnunarinnar yfirgáfu Norður-Kóreu í gær, í kjölfar þess að þarlend stjórnvöld vísuðu þeim úr landi. Þar með er bundinn endi á alþjóðlegt eftirlit með kjarnorkuvinnslu í landinu.**

**Deilan um kjarnorkumál Norður-Kóreumanna hefur harðnað til muna eftir að þeir sendu langdræga eldflaug á loft fyrr í mánuðinum. Ráðamenn í Pyongyang hafa viljað sýna að þeir væru færir um að senda kjarnorkusprengjur um langan veg með slíkri eldflaug. Brottrekstur eftirlitsmannanna var fordæmdur af öryggisráði SÞ.** **- aa**











**GENGIÐ AÐ KJÖRBORÐI** Punavasi Devi, níræður kjósandi í Mirsapur-sýslu í Uttar Pradesh-ríki á Norður-Indlandi, greiðir atkvæði á kosningavél á kjörstað í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Kosningar hafnar í fjölmennasta lýðræðisríki heims:

# 714 milljónir manna eru á kjörskránni

**INDLAND, AP** Tugmilljónir Indverja gengu að kjörborðinu í gær, í fyrsta áfanga þingkosninga sem fram fara í fjölmennasta lýðræðisríki heims næstu vikurnar.

Um 714 milljónir manna eru á kjörskrá á Indlandi, en í þeim hluta landsins þar sem kjörstaðir voru opnaðir í gær voru rúmlega 140 milljónir með rétt til að kjósa. Íbúar Indlands eru alls um 1,2 milljarðar.

Það fréttist af fáeinum ofbeldisaðgerðum af hálfu maóískra uppreisnarmanna í Jarkhand-ríki á Austur-Indlandi. Sex hermenn voru sagðir hafa fallið í þeim átökum og þrír kosningastarfsmenn kváðu hafa verið teknir í gíslingu.

„Fólkið vill að lýðræðið sigri,“ sagði Tarun Gogoi, einn hæst setti kjörni fulltrúi Assam-ríkis í norðausturhorni Indlands, en það er það ríki hins risavaxna sambandsríkis þar sem ófriðlegast hefur verið á síðustu misserum. Aðalástæðuna fyrir því er að rekja til baráttu herskárrar aðskilnaðarhreyfingar Assama.

Fyrstu úrslita úr kosningunum, sem fara fram á 828.804 kjörstöðum vítt og breitt um landið, er að vænta 16. maí næstkomandi. **- aa**







# Til hamingju KR
## með Íslandsmeistaratitilinn

HERBALIFE

Áfram KR!

Herbalife er stolt af því að vera
næringarbakhjarl Íslandsmeistara KR.

HERBALIFE.
sjálfstæðir dreifingaraðilar



**HERMAÐUR FÆR SÉR BLUND** Hann mátti til að halla sér aðeins, með riffil í faðmi, þessi indverski heimavarnarliði í borginni Gaya á Indlandi. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Fjölskipaður héraðsdómur dæmir eldri mann í fangelsi fyrir að misnota barn sem hann kynntist á Netinu:

# Misnotaði fjórtán ára þroskahefta stúlku

**DÓMSMÁL** Karlmaður á sjötugsaldri, Þorsteinn H. Jónsson, hefur verið dæmdur í fimmtán mánaða fangelsi fyrir alvarlegt kynferðisbrot gegn fjórtán ára þroskaheftri stúlku í febrúar í fyrra. Þorsteinn og félagi hans voru hins vegar sýknaðir af því að hafa sýnt stúlkunni klámmynd og haft við hana samræði, þrátt fyrir staðfastan framburð stúlkunnar þess efnis.

Þorsteinn villti á sér heimildir á samskiptaforritinu MSN og taldi stúlkuna á að hitta sig við bensínstöð í nágrenni heimilis hennar. Þangað sótti Þorsteinn hana og ók með hana heim til sín þar sem hann lét hana hafa við sig munnmök, fitlaði við kynfæri hennar og sleikti þau. Hann sendi hana því næst út á strætóbiðstöð.

Félagi Þorsteins á svipuðum aldri hafði skömmu síðar samband og fékk að vita hvað gerst hafði. Sá sótti þá stúlkuna út á biðstöð og kom aftur með hana heim til Þorsteins í því skyni að þeir gætu saman átt við hana kynmök.

Stúlkan fullyrðir að þeir hafi sýnt henni klámmynd og síðan báðir haft við hana samræði. Mennirnir neituðu því hins vegar staðfastlega. Segir í dómi að þótt „framburðir ákærðu séu að sumu leyti á reiki og með innbyrðis misræmi [dugi] það eitt og sér ekki til að telja sök á þá sannaða.“ Foreldrar stúlkunnar gerðu skipulega leit að dóttur sinni þær fimm klukkustundir sem hún var í burtu. Hún fannst á bensínstöð þar sem hún hafði verið skilin eftir.

Þorsteinn bar fyrir dómi að hann hafi haldið að stúlkan væri eldri og hafi enn fremur ekki vitað að stúlkan væri þroskaheft. Segir í dómnum að það standist ekki. Engum dyljist sem við stúlkuna ræðir að hún sé skert í þroska og greind. Þar að auki sé hún allt að því dvergvaxin. Þorsteinn var dæmdur til að greiða stúlkunni 700 þúsund krónur í miskabætur. **- sh**

## KLÁMMYNDIN EKKI RANNSÖKUÐ

Mennirnir sögðust báðir fyrir dómi hafa sýnt stúlkunni klámmynd eins og þeim er gefið að sök í ákæru. Þeir eru hins vegar ekki dæmdir fyrir það vegna þess að myndbandið sem fyrir liggur að stúlkunni var sýnt lá ekki fyrir í gögnum málsins og ekki heldur rannsókn lögreglu á myndbandinu sem leiðir í ljós hvort raunverulega hafi verið um myndefni að ræða sem fellur undir lögfræðilega skilgreiningu á klámi.



**HAFNARFJARÐARHÖFN** Þar er nú verið að búa rússneska togara til karfaveiða.

Annir í Hafnarfjarðarhöfn:

## Rússatogarar á Reykjaneshrygg

**SJÁVARÚTVEGUR** Rússneskir togarar eru nú búnir undir að leggja úr Hafnarfjarðarhöfn til veiða á Reykjaneshrygg.

„Við erum búin að vera með fimm rússnesk skip í vetrarsetu hjá okkur sem voru geymd milli vertíða. Svo eru tvö önnur skip komin til að ná í veiðarfæri og annað. Þeir eru að undirbúa sig á Reykjaneshrygginn og ég reikna með að þeir fari að tínast þangað í næstu viku. Karfavertíðin er að fara að stað,“ segir Már Sveinbjörnsson hafnarstjóri og upplýsir að sem betur fer hafi verið nóg að gera í Hafnarfjarðahöfn í vor. **- gar**

Bandarískur hermaður:

## Dæmdur fyrir morð í Írak

**ÞÝSKALAND, AP Bandarískur herréttur í Þýskalandi hefur dæmt bandaríska hermanninn John Hatley í ævilangt fangelsi fyrir morð á fjórum Írökum árið 2007.**

**Hatley var yfirmaður herdeildar í Írak sem lenti í átökum við hóp Íraka vorið 2007. Bandaríkjamennirnir náðu Írökunum fjórum á sitt vald. Írakarnir voru fjötraðir og með bundið fyrir augu þegar þeir voru skotnir til bana.**

**Hatley sagði sér til afsökunar að sér þætti svo vænt um undirmenn sína í bandaríska hernum. Hann er fertugur og gæti losnað úr fangelsi eftir tuttugu ár. - gb**

## SUÐURLAND

### Áskorun um skjálftaeftirlit

Skipulags- og byggingafulltrúar í Hveragerði, Árborg og Ölfusi skora á bæjarstjórnirnar í sveitarfélögunum að stuðla að því með öllum ráðum að verkefni varðandi jarðskjálftaskemmdirnar á Suðurlandi á síðasta ári á vegum Rannsóknarmiðstöðvar Háskóla Íslands fái brautargengi. Það muni koma öllum til góða í náinni framtíð.



**FÆR EKKI AÐ FARA INN Í MOSKUNA** Palestínskur unglingspiltur deilir við ísraelskan landamæravörð sem meinar honum inngöngu í Al Aksa moskuna í Jerúsalem. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Lieberman hafnar fyrri friðarleiðum

**Ágreiningur Ísraels og Bandaríkjanna var áberandi á fundi utanríkisráðherra Ísraels við erindreka Bandaríkjastjórnar. Avigdor Lieberman segir eftirgjafir Ísraela engum árangri hafa skilað. Forseti Ísraels reynir að gera lítið úr ágreiningnum.**

**ÍSRAEL, AP** Verulegur ágreiningur virðist vera milli Ísraela og Bandaríkjamanna um deilur Ísraela við Palestínumenn. Þetta kom greinilega fram þegar George Mitchell, erindreki Baracks Obama Bandaríkjaforseta, ræddi við ísraelska ráðamenn.

Mitchell ítrekaði þá afstöðu Bandaríkjamanna, að þeir telji enn að stofnun sjálfstæðs ríkis Palestínumanna sé lykillinn að friði.

Avigdor Lieberman, nýr utanríkisráðherra Ísraels, segir hins vegar að fara þurfi aðrar leiðir en hingað til í friðarsamningum. Miklar eftirgjafir Ísraela hafi ekki dugað til.

„Fyrri forsætisráðherrar hafa verið reiðubúnir til að veita víðtækar eftirgjafir en árangurinn af ríkisstjórn Olmerts og Livni var annað stríð í Líbanon, hernaðurinn í Gaza, slit stjórnmálatengsla við Katar og Máritaníu, Gilad Schalit enn í haldi og friðarferlið í molum,“ sagði Lieberman.

Lieberman hóf feril sinn sem utanríkisráðherra í síðasta mánuði í nýrri ríkisstjórn Benjamins Netanjahús með yfirlýsingum um að fyrri samningaviðræður, sem Bandaríkjamenn hafa haft forystu um, skipti ekki lengur máli og eftirgjafir leiði ekki annað en stríð af sér.

Saeb Erekat, samningafulltrúi Palestínumanna, segir greinilegt að nýja hægristjórnin í Ísrael vilji ekki neinar friðarviðræður. „Það er augljóst að þessi stjórn hafnar tveggja ríkja lausn,“ segir Erekat.

Mitchell átti að hitta Netanjahú í gærkvöld, en sá síðarnefndi hafði ekki gert grein fyrir stefnu stjórnar sinnar gagnvart Palestínumönnum.

Mitchell hitti einnig í gær Shimon Peres forseta, sem vildi gera sem minnst úr ágreiningi Ísraela við Bandaríkjamenn.

„Stefna Obama og starf hans í þágu friðar í þessum heimshluta er í engu frábrugðið stefnu Ísraels,“ sagði Peres á fundi þeirra Mitchells.

Peres reyndi jafnframt að draga úr áhyggjum Írana af hugsanlegum sprengjuárásum Ísraela á kjarnorkubúnað í Íran. Íranar hafa undanfarið sagt hótanir Ísraela í þessa veru ólíðandi.

„Tal um hugsanlegar árásir Ísraels á Íran á ekki við rök að styðjast,“ sagði Peres við Mitchell.

gudsteinn@frettabladid.is







www.ellingsen.is
VORDAGAR
17.–25. APRÍL
FLEETWOOD SANTA FE
Verð 1.890.000 kr.
Tilboðsverð
1.795.000 kr.
Aukahlutapakki innifalinn
að verðmæti
100.000 kr.
Ertu að leggja drög að ævintýrum sumarsins? Þú færð innblástur í Ellingsen – ferðavagnar, stangveiðibúnaður, útivistarfatnaður og skór í miklu úrvali. Margvísleg tilboð í gangi.
MIKIÐ ÚRVAL
NÝRRA AUKAHLUTA FYRIR FERÐAVAGNA
VELDU ÞÉR GISTINGU Í SUMAR
Ugla ...
... sat ...
... á ...
... kvisti ...
... átti ...
... börn og ...
MONTANA
ALINER
FLEETWOOD
HYMER
ADRIA
Fiskislóð 1 • Sími 580 8500 • Opið mánud.–föstud. 10–18 og laugard. 10–16
Ellingsen
– fullt hús ævintýra
TBWA\REYKJAVÍK \ SÍA

## „ORÐRÉTT“

### Útdráttur

**„Okkur fannst mjög, mjög óréttlátt að á meðan bankarnir eru að draga fjölskyldur út af sínum heimilum vegna skulda eru yfir níu þúsund tómar íbúðir í Reykjavík.“**

TÓMAS DAÐI HALLDÓRSSON VAR ÓSÁTTUR VIÐ AÐ HÚSTÖKUFÓLK FENGI EKKI AÐ VERA Í HÚSI VIÐ VATNSSTÍG Í REYKJAVÍK.

**Fréttablaðið 15. apríl**

### Samanburður

**„Það væri gaman að ræða við Kjalnesinga hvort fleiri hafa dáið í bílslysum eða skotvopnaslysum á Kjalarnesi undanfarin ár.“**

FANNAR BERGSSON, FORMAÐUR SKOTREYNAR, ER ÓSÁTTUR VIÐ KVARTANIR KJALNESINGA VEGNA SKOTÆFINGASVÆÐIS.

**Fréttablaðið 15. apríl**

# tilveran

*nær og fjær*

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** GARÐAR STEFÁNSSON, KVIKMYNDAGERÐARMAÐUR

## *Svitnaði með risaköngulóm*

„Ég var að koma úr mánaðarlangri ferð til Úganda í Afríku þar sem að ég var að skjóta heimildarmyndina Ísland-Úganda og fjallar um ungt fólk í löndunum tveimur,“ segir Garðar Stefánsson, kvikmyndagerðarmaður og nemi. „Þetta er samanburðarheimildarmynd sem ég er að gera með Rúnari Inga Einarssyni. Íslandshlutinn verður tekinn upp í sumar. Hún fjallar í stuttu máli um ungt fólk í fyrrverandi nýlenduríkjum, það er Íslandi og Úganda, og við reynum svo að bera þetta unga fólk saman,“ segir Garðar. Stefnt er að frumsýningu myndarinnar í haust.



Í Úganda lenti Garðar í ýmsum ævintýrum. „Ég festist á miðju Viktoríuvatni, át fáránlega mikið af ávöxtum og banönum og meira að segja sushi, ég svitnaði eins og ég veit ekki hvað og „chillaði“ með fjallagórillum. Svo var ég með risastóra könguló á bakinu án þess að taka eftir því.“

Garðar er núna staddur í Árósum þar sem hann stundar skiptinám í alþjóðasamskiptum. Hann verður á Íslandi í sumar, ætlar að vinna við kvikmyndahátíðina RIFF og ljúka tveimur heimildarmyndum.

„Íslenska krónan er önnur heimildarmynd sem ég er að vinna með Atla Bollasyni og stefni á að ljúka í sumar. Hún fjallar um sögu íslensku krónunnar og hver staða hennar er í dag. Í henni verður fjallað á skemmtilegan hátt um krónuna og flóknum hagfræðilegum hugtökum gerð skil. Enn frekar verður kafað í stöðu krónunnar í dag og hvaða skref verður hægt að taka í framhaldinu,“ segir Garðar.

## LÍNUSKAUTAR

### HANNAÐIR Í RÚSSLANDI

■ Fyrstu línuskautarnir voru hannaðir af rússneskum skautahlaupara í þeim tilgangi að æfa skautahlaup á götum úti. Árið 1980 birti tímaritið Life myndir af bandaríska skautahlauparanum Eric Heiden við æfingar á línuskautum, en hann var þá að búa sig undir Ólympíuleikana í Moskvu (sem Bandaríkin að lokum sniðgengu). Hjólaskautaframleiðandinn Rollerblade Inc. í Minnesota í Bandaríkjunum tók þessa nýjung upp á sína arma og hóf fjöldaframleiðslu á línuskautum undir lok níunda áratugarins.




Miele



vilborg@centrum.is

www.eirvik.is

Sparaðu með Miele

Miele þvottavélar hafa verið framleiddar í yfir hundrað ár.
Miele þvottavélar eru framleiddar til að endast.

Íslenskt stjórnborð - Stórt hurðarop
Íslenskar leiðbeiningar - 20 ára ending

TILBOÐ

Þvottavélar - Verð frá kr. 154.995
Þurrkarar - Verð frá kr. 129.995

best brands 2008

Kynntu þér málið hjá sölumönnum Eirvíkur

EIRVÍK -hágæðaheimilistæki

Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Sími 588 0200 | www.eirvik.is



vísir.is

"...ég sá það á vísi"




**LEIKIÐ Í LJÓSUM LOGUM** Vilhjálmur Þór er hér í ljósum logum við Kleifarvatn. Svo fólk andi léttar er rétt að taka það fram að hann er heill heilsu í dag og líklegur til að fara í klippingu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Amma fílar þetta ekki

**Þau eru afar fjölbreytt störfin sem ungt fólk leggur fyrir sig á þessum síðustu tímum. Vilhjálmur Þór Gunnarsson hefur lagt fyrir sig áhættuleik og fékk Fréttablaðið að fylgjast með því þegar hann kveikti í sér við Kleifarvatn.**

„Sæll Biggi, ertu til í að koma að kveikja í mér í dag?“ Með þessum orðum fékk Vilhjálmur Þór félaga sinn Birgi Frey Sumarliðason til að aðstoða sig við æfingu í gær, en áhættuleikarar verða að halda sér við. Fleiri félagar komu með að Kleifarvatni þar sem áhættuleikarinn lék í ljósum logum nokkra stund áður en hann henti sér ofan í vatnið. Ekki varð honum meint af en líklega fer hann í klippingu í dag því nokkur logi komst á kollinn.

Fyrir fjórum árum fór hann í Kahana Stunt School í Flórída sem er skóli í áhættuleik. Fór síðan aftur ári síðar. En hvernig leist ættingjum hans á það? „Amma er ekki alveg að fíla þetta,“ segir Vilhjálmur. „Hún hefur miklar áhyggjur af þessu öllu svo ég segi henni sem minnst af því sem ég er að gera. Mamma var líka svona fyrst en nú er hún eiginlega orðin allt of kærulaus. Ég hringdi til dæmis í hana í dag og sagðist vera að fara að kveikja í mér og hún sagði bara: „Já, allt í lagi, góði“ og þar með var það útrætt. Hún veit líka sem er að þetta er allt afar vel undirbúið og ég veit fullkomlega hvað ég er að gera.“

En enginn verður óbarinn áhættuleikari. „Ég lenti stundum í því fyrst að fá kúlu eða lemstra mig eitthvað þegar ég var að láta mig detta fram af hæðum.“ Detta fram af hæðum? spyr blaðamaður forviða. „Já, svona sjö metra og með dýnu undir. En ef lendingin er ekki rétt getur maður meitt sig.“

Vilhjálmur hefur komið að nokkrum kvikmyndum erlendis, bæði í áhættuleik og síðan til að aðstoða við áhættuleik. „Ég var líka að deyja með sviplegum hætti fyrir einn leikara í myndinni „Reykjavik Whale Watching Massacre“ en þar sem ekki er farið að sýna hana hérlendis segi ég ekki meir um það. Sömuleiðis komum við Valdimar Jóhannsson, sem einnig er áhættuleikari, að myndbandi sem kanadíski tónlistarmaðurinn Patrick Watson var að gera.“

Vilhjálmur íhugar að hefja sýningar í áhættuleik hér á landi. „Það er örugglega til hellingur af fólki sem vill sjá menn falla nokkra metra eða leika í ljósum logum.“

jse@frettabladid.is

Grískur háskólanemandi tekur þátt í mótmælum vegna handtöku hústökufólks:

# Minnir á grísku byltinguna

„Það misbýður réttlætiskennd minni að sjá lögregluna handtaka fólkið sem hefur komið sér fyrir í þessu húsi,“ segir Stefania Kromydaki, grískur háskólanemi sem var við mótmælin á Vatnsstíg þegar lögreglan leiddi hústökufólkið burt í járnum.

„Þetta hús er látið grotna niður til að þrýsta á leyfi til þess að rífa það. Þannig er það orðið lýti á Reykjavík og svo þegar fátækt, ungt fólk með góðar hugmyndir kemur til að gera eitthvað gott úr því þá er gripið til þessara aðgerða. Þetta fólk hefur engan stað til að halla höfði sínu, hvar ætlar lögreglan að láta það búa? Úti á götu?“



**STEFANIA VIÐ VATNSSTÍG** Gríski nemandinn hrópaði og kallaði á íslensku við mótmælin, en það sem var að gerast fékk hana til að hugsa til stóratburða frá sínum heimahögum árið 1973. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Mótmæli hafa sett svip sinn á sögu Grikklands. Það voru til dæmis mótmæli ungs fólks, sem síðar leitaði sér skjóls í Tækniháskólanum í Aþenu árið 1973, sem kom herforingjastjórn frá völdum það ár. Þeirrar byltingar er minnst af mikilli lotningu þar í landi allar götur síðan. „Það er ekki laust við að ég minnist þeirra atburða þegar ég sé þetta, það er margt af því sem hér er að gerast sem minnir á byltinguna í Grikklandi sem kennd er við Tækniháskólann.“

Stefania var á meðal þeirra sem sátu fyrir lögreglubílum sem fóru um Vatnsstíg og sá blaðamaður að hún lenti nærri staur þegar henni var hent af götunni. „Það eru nú bara smámunir miðað við það sem er að gerast hérna,“ segir hún aðspurð um það atvik. - jse

náttúrulega
heilsuhúsið
30 ára

# Heilsuhúsið flytur á Laugaveg 20b

*Heilsuhúsið hefur flutt sig um set af Skólavörðustíg á Laugveg 20b (á mótum Laugavegs og Klapparstígs)*

***Spennandi opnunartilboð föstudag og laugardag í tilefni dagsins!***

**20% afsláttur**



Vidaverde ávaxta- og grænmetissafarnir með 20% afslætti



**20% afsláttur**



Biona heilsuvörurnar með 20% afslætti

*Þú kaupir 2 Biotta safa og færð óvæntan glaðning!*



**20% afsláttur**

Higher Nature bætiefnalínan með 20% afslætti



Biotta safar eru hollir og bragðgóðir ávaxta- og grænmetissafar úr lífrænni ræktun

**20% afsláttur**



Kalibio fyrir krakka með 20% afslætti



*María Ísfold næringarþerapisti verður með bætiefnaráðgjöf í Heilsuhúsinu á Laugavegi, föstudaginn 17. apríl kl. 14 - 18 og Laugardaginn 18. apríl kl. 12 - 16*

**María Ísfold** næringarþerapisti



**15% afsláttur**

Ecomil möndlumjólk með 15% afslætti

*Opnunartilboðin gilda aðeins í Heilsuhúsinu á Laugavegi dagana 17. - 18. apríl.*

*Þú kaupir nýpressaðan safa á Heilsubarnum og færð Græna orkuskotið (Hveitigras) frítt með í kaupbæti!*

**Heilsu barinn**

*Nýtt! Heilsubar í Heilsuhúsinu á Laugavegi*



KRAFTAVERK

# Ódýrt fyrir heimilið

KJÖTBÚÐINGUR
**533** kr/kg
~~889~~ kr/kg
GOÐI



40% afsláttur



FERSKUR KJÚKLINGUR 1/1
**599** kr/kg
~~875~~ kr/kg

KJÖTBOLLUR 450g
**396** kr/kg
~~629~~ kr/kg
GOÐI



ÓDÝRT



40% afsláttur

KJÚKLINGABRINGUR LAUSFRYSTAR
**1.481** kr/kg
~~2.469~~ kr/kg

PÍTUBUFF, BRAUÐ OG SÓSA 6 stk. í pk.
**699** kr/pk.
~~998~~ kr/pk.

30% afsláttur






40% afsláttur

FOLALDAKJÖT M/BEINI REYKT EÐA SALTAÐ
**499** kr/kg
~~768~~ - 798 kr/kg



KRISTALL M/SÍTRÓNU 2l
**119** kr/stk.

www.markhonnun.is

TILBOÐIN GILDA TIL 16. - 19. APRÍL EÐA MEÐAN BIRGÐIR ENDAST

www.netto.is
Mjódd - Salavegi - Hverafold - Akureyri - Höfn - Grindavík - Reykjanesbær

BILLYS PIZZUR PEPPERONI EÐA ORIGINAL

**269** kr/stk.

~~359~~ kr/kg




CAPRI-SONNE SAFAR 3 TEG.

**199** kr/pk.







SÁPUKÚLUR

**150** kr/stk.




GULAR MELÓNUR

**90** kr/kg

~~180~~ kr/kg




GUFUSTRAUJÁRN 2000W

**1.498** kr/stk.

~~2.995~~ kr/kg




UNIFLAME GRILL 2 BRENNARAR

**29.990** kr

GRILLPLÖTUR FYRIR GRÆNMETI 3 í pk.

**1.499** kr/pk.




BRINKMAN GRILL 4 BRENNARAR

**49.990** kr



Birt með fyrirvara um prentvillur.

netto
SPARNAÐUR

**Neytendur:** Hátt kílóverð

# *Latibær kominn í harðfiskinn*



DR. GUNNI
neytendur@frettabladid.is

■ Sendið umboðsmanni neytenda ábendingar eða sparnaðarráð á neytendur@frettabladid.is

Harðfiskur er hollur og góður, próteinríkur og fínn, en hann er dýr lúxusvara, enda þarf að þurrka um tíu kíló af fiski til að fá eitt kíló af harðfiski. Algengt kílóverð á harðfiski (ýsu) er um sex þúsund krónur. Þegar harðfiskur er seldur í litlum pakkningum þarf að vera vel með á nótunum, því verð á litlum umbúðum vill rjúka upp. Nýjasta útspil Latabæjar í virðingarverðri tilraun til að efla heilsusamlegt mataræði ungmenna er Latabæjar-harðfiskurinn. Valborg skrifar: *„Okur er eitt af því fyrsta sem mér datt í hug úti í Samkaupum í gær. Við kassann var búið að stilla upp rekka með pokum merktum Latabæ sem ég fór að skoða. Í þessum pokum voru fáeinir harðfiskbitar. Pokinn viktaði 20 grömm og kostaði 219 krónur, já 219 krónur fyrir 20 grömm! Reiknið þið nú út kílóverðið!“* Samkvæmt minni vasatölvu er það 10.950 krónur kílóið!






Parki INTERIORS
ÚTIHURÐIR
25 % Afsláttur
www.parki.is





TEPPI Á STIGAGANGINN
Stepp
GÓLFEFNI ÞEKKING ÞJÓNUSTA
Grafika 2008
Stepp ehf Ármúla 32 Sími 533 5060 www.stepp.is stepp@stepp.is






**Vorsýning Myndlistaskólans í Reykjavík - laugardaginn 18. apríl.**

Kl. 13:00 - Í Listasafni Íslands, Fríkirkjuvegi 7
- Opnun sýningar í Listasafni Íslands á verkum nemenda Myndlistaskólans í Reykjavík. Verkin eru unnin í anda Magnúsar Pálssonar.

Kl. 14 - 18 Í Myndlistaskólanum í Rvk., Hringbraut 121
- Nemendur skólans, 610 talsins, á aldrinum 3 - 85 ára sýna verk sín.
- Nemendur á Myndlista- og hönnunarsviði sýna verkefni úr lokaáfanga.
- Fjölmenntarhópur Myndlistaskólans sýnir afrakstur vetrarins.
- Gestum boðið:
  - að búa til arkitektahatta
  - renna leir
  - skoða tengsl myndlistar og stærðfræði
  - og taka ljósmyndir með mörg hundruð ára gamalli aðferð.
- 2.tölublað skólans af myndasögublaðinu AAA!!! með sögum eftir nemendur skólans.
- Námskynning: Mótun leir og tengd efni, nýtt 2ja ára nám á háskólastigi

MYNDLISTASKÓLINN Í REYKJAVÍK
**www.myndlistaskolinn.is**
Hringbraut 121, (JL-Húsið) Reykjavík


**FRÉTTASKÝRING:** Alþingiskosningar 2009

# Milliliðalaust lýðræði

**Tvö ný stjórnmálaöfl bjóða fram til alþingiskosninganna 25. apríl næstkomandi; O-listi Borgarahreyfingarinnar – þjóðin á þing, og P-listi Lýðræðishreyfingarinnar. Þótt gjörólík séu stefna bæði framboðin að því að færa ákvörðunarvaldið, í víðasta skilningi, nær fólkinu í landinu.**



## BORGARAHREYFINGIN

**Reykjavík norður**
**1. sæti** Þráinn Bertelsson, rithöfundur
**Reykjavík suður**
**1. sæti** Birgitta Jónsdóttir, skáld
**Suðvesturkjördæmi**
**1. sæti** Þór Saari, hagfræðingur
**Suðurkjördæmi**
**1. sæti** Margrét Tryggvadóttir, myndritstjóri
**Norðvesturkjördæmi**
**1. sæti** Gunnar Sigurðsson, leikstjóri
**Norðausturkjördæmi**
**1. sæti** Herbert Sveinbjörnsson, kvikmyndagerðarmaður

Þegar spurt er um tilurð Borgarahreyfingarinnar er stutta svarið: hreyfingin er sprottin upp úr búsáhaldabyltingunni. Framboðið gefur sig út fyrir að vilja hreinsa út spillingu, koma á virkara lýðræði og skýrri þrískiptingu valdsins. Einnig vill hreyfingin persónukjör, ekki flokkskjör.

Eins er hægt að segja að forsvarsmenn hreyfingarinnar hafi verið að svara útbreiddum misskilningi, eins og það er orðað við blaðamann, að þrátt fyrir ástandið í samfélaginu væri ekkert hægt að gera. Þessu hafnaði hópur fólks sem á sjö vikum hefur lagt nótt við dag, drifið áfram af þeirri hugsjón að aðgerðaleysi komi ekki til greina, og sett saman stjórnmálaafl sem eftir er tekið.

Borgarahreyfingin er stjórnmálaafl sem sinnir hagsmunavörslu fyrir einn hóp – þjóðina – og hefur eina meginreglu að leiðarljósi: að færa völdin frá flokksræði til lýðræðis sem er róttæk skynsemi, eins og má lesa í stefnuskrá.

### Skýr markmið

Við lestur stefnuskrár Borgarahreyfingarinnar, sem sett er fram undir yfirskriftinni réttlæti – siðferði – jafnrétti, dylst engum hver áherslan er: Grípa skal til neyðarráðstafana í þágu heimila og fyrirtækja.

Megináhersla er lög á að alvarleg staða fjölmargra heimila verði tafarlaust lagfærð með margvíslegum aðgerðum; vísitala verðtryggingar verði færð handvirkt aftur og hækkanir á höfuðstól lána og afborganir verði líkt og þær voru fyrir hrun hagkerfisins.

Í peningamálum þarf að leita samstarfs við aðrar þjóðir í myntbandalagi. Sé sá kostur ekki fyrir hendi skuli taka upp annan gjaldmiðil einhliða. Hallarekstri ríkissjóðs vill Borgarahreyfingin mæta með endurskoðun skattkerfisins, meðal annars með fjölgun skattþrepa, hátekjuskatti og breytingum á virðisaukaskatti. Þessi leið verði farin í stað þess að mæta vandanum með niðurskurði í heilbrigðis- og velferðarþjónustu. Það er líka skýrt í stefnu hreyfingarinnar að Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn hafi ekki of mikil áhrif á hvernig staða ríkissjóðs verður bætt. Skuldir þjóðarinnar þarf að meta af nákvæmni, og í framhaldinu skal gert upp við lánardrottna, en aðeins eftir bestu getu.

### Rannsókn STRAX

Borgarahreyfingin leggur mikla áherslu á að rannsókn á efnahagshruninu verði hleypt af stokkunum. Til þessa verks verði fengnir erlendir sérfræðingar, óháðir. Slík rannsókn verði unnin fyrir opnum tjöldum og á meðan verði eignir grunaðra auðmanna frystar. Samhliða verði sett afturvirk lög sem leyfa ógildingu allra fjármálagerninga undanfarinna tveggja ára.

Krafist er lögfestingar á faglegri, gegnsærri og réttlátri stjórnsýslu. Í því markmiði má nefna hugmynd um að tiltekinn minnihluti þingmanna geti boðað til þjóðaratkvæðagreiðslu um lagafrumvörp sem Alþingi hefur samþykkt. Eins að hæfismat umsækjenda um störf hæstaréttar- og héraðsdómara verði metin af hlutlausri fagnefnd skipaðri af Alþingi og eftir tilnefningu hæstaréttar.

Borgarahreyfingin vill að fastanefndir þingsins verði efldar, settar verði siðareglur fyrir þingmenn, ráðherra og æðstu embættismenn framkvæmdavaldsins.

### Pólitísk ábyrgð

Borgarahreyfingin vill innleiða hugtakið „pólitísk ábyrgð“, og hyggst leggja sjálfa sig niður þegar markmiðum framboðsins hefur verið náð; eða þegar augljóst þykir að þeim verður ekki náð.

Þig á þing!
xp.is
Lýðræðishreyfingin

## LÝÐRÆÐISHREYFINGIN

Lýðræðishreyfingin er ellefu ára gömul samtök. Fólk tók að draga sig saman í kjölfar forsetaframboðs Ástþórs Magnússonar árið 1996, sem hafði sett fram hugmynd um beint og milliliðalaust lýðræði. Úr þessum jarðvegi spratt Lýðræðishreyfingin, og var horft til framboðs til alþingiskosninganna árið 1999. Ekkert varð úr þeim áætlunum, en þá taldi hreyfingin ólíklegt að það væri hljómgrunnur fyrir róttækar hugmyndir eins og beint lýðræði.

Fram hefur komið að tilurð framboðs Lýðræðishreyfingarinnar nú er sú að grundvallarbreytingar hafa orðið á aðstæðum í samfélaginu og fólk því móttækilegra fyrir grunnhugmynd framboðsins, að mati hreyfingarinnar. Sá hópur sem starfaði saman fyrir rúmum áratug er að mestu kominn saman aftur og skipar framboðslistana sex. Margt af því fólki hefur verið virkt á vettvangi stjórnmálanna, en fundið kröftum sínum farveg í öðrum stjórnmálahreyfingum til þessa.

### Beint og milliliðalaust lýðræði

Málflutningur Lýðræðishreyfingarinnar hefur verið að málefnatilbúningur stjórnmálaflokkanna sem fyrir eru á þingi sé marklaus loforð, sem í fæstum tilfellum séu efnd. Þau benda á að við málamiðlun stjórnarmyndunar sé ekki óalgengt að helmingur kosningamála flokkanna sé strax settur til hliðar. Fólk viti því í raun aldrei hvað raunverulega er í boði og hafi engin tök á því að hafa áhrif þar á. Aðstæður á starfstíma stjórnar séu einnig þannig í eðli sínu, að önnur stefnumál víkja fyrir aðkallandi málum líðandi stundar. Hér kemur til hugmynd Lýðræðishreyfingarinnar um beint og milliliðalaust lýðræði.

Í stuttu máli gengur hún út á að íslenskir ríkisborgarar geti sótt rafrænt almannaþing. Þar gæti fólk tekið þátt í að móta einstök mál, jafnvel lagt fram lagafrumvörp og haft áhrif á forgangsröðun á ákvörðunartöku alþingismanna. Dæmi hefur verið tekið. Ef Lýðræðishreyfingin kæmi fulltrúa eða fulltrúum inn á þing þá yrðu það raddir fólksins. Þingmenn Lýðræðishreyfingarinnar myndu í raun vera framlenging á vilja fólksins; hver sem áhuga hefur greiðir atkvæði á rafræna þinginu og meirihlutavilji þeirra stjórnar hvernig þingmaður Lýðræðishreyfingarinnar beitir sér á þinginu. Þetta sér hreyfingin sem fyrsta skrefið að beinu lýðræði. Framtíðarsýnin er róttæk, þar sem kosningar framtíðarinnar um einstök mál fara fram í gegnum hraðbanka.

### Markaðsskrifstofa Íslands

Lýðræðishreyfingin leggur mikla áherslu á eina sértæka lausn til að leysa grunnvandann sem glímt er við. Markaðsskrifstofa fyrir Ísland er hugmynd þar sem 200 manna hópur yrði settur saman, til dæmis með að leita uppi hæfa einstaklinga sem nú eru á atvinnuleysisskrá, til að vinna að markaðssetningu Íslands erlendis. Markmiðið er að fá til landsins nýja atvinnuvegi sem skapa fjölmörg ný störf og nýja tekjustofna. Lýðræðishreyfingin segir það ómögulegt að leggja nýja skatta á landsmenn; heimilin séu þrautpínd fyrir. Eins er stefnt að því fölskvalaust að sækja peninga útrásarvíkinganna svokölluðu. Framboðið heldur því fram að þessi yfirlýsta stefna standi þeim fyrir þrifum þar sem þeir sömu menn vinni að því að knésetja framboðið.

Það kemur í ljós í dag hvort Lýðræðishreyfingin býður fram lista í öllum kjördæmum en landkjörstjórn tekur þá til umfjöllunar meinta meinbugi á framboðslistum hreyfingarinnar.



FRÉTTASKÝRING
SVAVAR HÁVARÐSSON
svavar@frettabladid.is

Laugardaginn 18.apríl

# Ferða-fagnaður

Veist þú hvað er í boði hér heima?

**Hugmyndatorg**
í dag kl. 15 - 18
á Höfuðborgarstofu, Aðalstræti 2

Allir viðburðir ókeypis
eða á kostnaðarverði!




Líttu á dagskrána!
**www.ferdafagnadur.is**

Reykjavíkurborg

SKAPARINN AUGLÝSINGASTOFA

## KAUPHÖLL ÍSLANDS [Hlutabréf]

**Fjöldi viðskipta:** 39 **Velta:** 115 milljónir

**OMX ÍSLAND 15** 223 **-0,39%**

**OMX ÍSLAND 6** 655 **-0,69%**

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **MAREL FOOD SYST.** | 2,40% | **BAKKAVÖR** | 3,39% |
| **ATLANTIC AIRWAYS** | 1,46% | **ÖSSUR** | 1,72% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Alfesca 3,30 +0,00% ... Atlantic Airways 173,50 +1,46% ... Atlantic Petroleum 251,00 +0,00% ... Bakkavör 1,14 -3,39% ... Eik Banki 91,50 +0,00 ... Eimskipafélagið 1,00 +0,00% ... Føroya Banki 124,50 +0,00% ... Icelandair Group 5,00 +0,00% ... Marel Food Systems 51,30 +2,40% ... Össur 91,60 -1,72%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## Peningaskápurinn ...

### Hverju hefði önnur mynt breytt?

Spurningunni hér að ofan er kastað fram í nýjasta hefti Vísbendingar, vikurits um viðskipti og efnahagsmál. Þar er bent á staðreynd sem hefur viljað gleymast í umræðu um hrunið hér og hvernig það er hluti af alþjóðlegu fjármálakreppunni. Nefnilega að kreppan sé dýpri hér og komi verr við almenning vegna þess að hér hrundi ekki bara fjármálakerfið, heldur krónan líka. „Íslendingar hafa árum saman keppst við að halda uppi sérstökum gjaldmiðli. Ekki er ljóst hvers vegna þetta er mörgum kappsmál en líklegast er þetta fyrst og fremst af þjóðerniskennd," segir í Vísbendingu. Bent er á að tjónið af hruni krónunnar sé af öðrum ástæðum og mun meira en vegna falls bankanna. „Tjónið vegna þess að gjaldmiðillinn hrapaði er líklega nálægt þremur þúsundum milljarða fyrir heimili og fyrirtæki á árinu 2008."



### Samanburður við Finna

Spurningunni um hverju önnur mynt hefði breytt segir Vísbending best svarað með því að bera saman tjón Íslendinga og Finna. „Báðar þjóðir verða fyrir áhrifum kreppunnar en tjón almennings á Íslandi vegna gjaldmiðilsins er líklega á milli 70 og 80 prósent af heildartjóninu. Það kemur ofan á tapið af hlutabréfaverðfalli, tapi peningamarkaðssjóða, verðfalli á fasteignum og lækkun lífeyrisréttinda." Í töflu er bent á að í Finnlandi sé gengistjón ekkert en um 1.700 milljarðar króna hjá íslenskum fyrirtækjum og 350 milljarðar hjá heimilum landsins. Þá sé vísitölutjón finnskra heimila og fyrirtækja ekkert á móti tjóni upp á 700 milljarða hér. Er þá ótalinn munur á stýrivöxtum, 0,5 prósent þar, en 15,5 prósent hér, auk fleiri þátta.

## SFF vara við Nadebanker

Erlendis hafa tölvuþrjótar komist í aðgangsupplýsingar netbankanotenda með notkun njósnaforrits að nafni Nadebanker. Í tilkynningu Samtaka fjármálafyrirtækja (SFF) segir að ekki sé vitað til þess að hér á landi hafi orðið fjárhagstjón vegna þessa. „En reynslan frá nágrannaríkjum Íslands kennir að mikilvægt er að gæta fyllsta öryggis við netnotkun til að koma í veg fyrir slíkt," segir í tilkynningunni.

Nadebanker-forritið er í flokki svokallaðra Trójuhesta-forrita, en þau eru í flokki spilliforrita sem lauma sér gjarnan með öðrum hugbúnaði á netinu, stundum sakleysislegum. . **- óká**

# Selja eignir og sækja um greiðslustöðvun

Landic Property hf. hefur sótt um greiðslustöðvun fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur. Þá hafa nokkur dótturfélög Landic í Danmörku sótt um tímabundna greiðslustöðvun í Kaupmannahöfn. Félagið tilkynnti jafnframt í gær að sölu á dótturfélögum þess í Finnlandi væri lokið og skrifað hefði verið undir samkomulag um sölu á dótturfélögum í Danmörku og Svíþjóð. Kaupandi er Trackside Holdings.

Landic Property hf. var áður að mestu í eigu Stoða.

Tekið er fram í tilkynningu á vef Landic Property í gær að rekstur dótturfélaga haldi áfram þrátt fyrir greiðslustöðvunina og að hún hafi ekki áhrif á leigutaka félagsins á Íslandi, Danmörku, Svíþjóð og Finnlandi. „Sótt er um greiðslustöðvun til þess að vernda hagsmuni allra kröfuhafa Landic Property á meðan lokið er við endurskipulagningu félagsins og gengið frá sölu á eignum félagsins í Danmörku og Svíþjóð," segir í tilkynningunni. Að sölu lokinni einskorðast eignarhlutur félagsins á fasteignamarkaði nær eingöngu við Ísland.



**HÖFUÐSTÖÐVAR KEOPS** Keops Development er meðal félaga sem sótt hafa um greiðslustöðvun í Danmörku. MYND/KEOPS

Fram kemur að hér á landi gildi greiðslustöðvunin einungis fyrir móðurfélagið, Landic Property, en ekki dótturfélög. Í Danmörku hafa Landic Property A/S, Keops Development A/S, Landic Investment A/S og Keops Bolig A/S, auk nokkurra félaga sem stofnuð voru um einstök þróunarverkefni, sótt um greiðslustöðvun. **- óká**

## Hagnaður Nokia hrynur

Hagnaður Nokia á fyrsta fjórðungi þessa árs nemur ekki nema tíunda parti hagnaðar á sama tíma í fyrra. Félagið kynnti uppgjör í gær, en tölurnar eru sagðar endurspegla minnkandi eftirspurn eftir farsímum.

Samkvæmt upplýsingum Nokia nemur hagnaður eftir skatta ekki nema 122 milljónum evra (um 20,6 milljörðum króna) samanborið við 1,2 milljarða evra (tæpa 203 milljarða króna) á fyrsta fjórðungi síðasta árs. Sala féll um 27 prósent; fór úr 12,7 milljörðum evra í fyrra í tæplega 9,3 milljarða evra nú. Á uppgjörskynningu Nokia í gær kom fram að farsímasala hefði dregist saman um 33 prósent milli ára.

Í tilkynningu Nokia um uppgjörið er haft eftir Olli-Pekka Kallasvuo, forstjóra félagsins, að rekstarumhverfið síðustu misseri hafi verið með eindæmum erfitt. „Við einbeitum okkur áfram að hvers kyns netþjónustu sem í boði verður á þeim fjölda þráðlausra tækja sem við höfum að bjóða, en þessar lausnir eru stoðirnar sem framtíðarvöxtur byggir á," segir hann.

Félaginu hefur þó farnast betur en sumum samkeppnisfyrirtækjum í heimskreppunni að því er fram kemur í frétt AP-fréttastofunnar, þótt Nokia hafi einnig þurft að bregðast við minnkandi eftirspurn. Í mars tilkynnti félagið til dæmis um að 1.700 manns hefði verið sagt upp á starfsstöðvum þess víða um heim. **- óká**

# Álbirgðir heimsins í sögulegu hámarki

**Dræm eftirspurn eftir áli hefur orðið til þess að birgðir hlaðast upp í heiminum. Álfyrirtæki bregðast við með því að draga úr framleiðslu. Flest álver eru rekin með tapi.**

Álbirgðir aukast enn í heiminum, að því er fram kemur í nýrri greiningu IFG Greiningar sem út kom í gær.

„Birgðir hjá London Metal Exchange hafa aukist um nærri 50 prósent bara á þessu ári. Það skýrist af mjög dræmri eftirspurn," segir í skýrslu greiningarfyrirtækisins. Ekki er útlit fyrir að eftirspurnin aukist fyrr en í fyrsta lagi undir lok þessa árs, segir þar jafnframt. „Til að birgðasöfnun minnki er því ljóst að framleiðendur þurfa enn að draga úr framleiðslu en talið er að álframleiðendur hafi dregið framleiðslu saman um 15 prósent."



**Í ÁLVERI ALCOA FJARÐAÁLS** Á þessu ári er útlit fyrir fimm til tíu prósenta samdrátt eftirspurnar eftir áli í heiminum samkvæmt nýrri umfjöllun IFS Greiningar. MYND/HREINN MAGNÚSSON

Áætlað er að í heiminum séu til birgðir af áli sem nægi til tveggja mánaða framleiðslu. Líkur eru taldar á að þetta sé varlegt mat því birgðir endist lengur þegar eftirspurn er jafnlítil og nú. „Erlendir greinendur hafa nefnt að allt að 100 daga birgðir séu nú til, en við teljum að sú áætlun sé í hærri kantinum," segir í greiningunni.

Þá er bent á að kínversk stjórnvöld hafi undanfarið keypt ál frá innlendum framleiðendum langt yfir markaðsverði og haldið þar með framleiðslu uppi, en miklar birgðir muni hins vegar halda aftur af mögulegum verðhækkunum á næstu mánuðum.

Vitnað er til talna frá ráðgjafafyrirtækinu CRU um að meðalframleiðslukostnaður áls sé um 1.450 Bandaríkjadalir hvert tonn og því ljóst að stór hluti álvera sé rekinn með tapi. „Reyndar hafa erlendir greinendur talað um að allt að 75 prósent álvera í heiminum séu rekin með tapi miðað við núverandi verð."

IFS Greining segir álverð nú undir verðinu um aldamótin, en verð á hráolíu hafi aftur á móti tvöfaldast. **olikr@markadurinn .is**

## Lokið við bráðabirgðaverðmat eigna

Fullnaðarútgáfa úttektar á verðmati eigna sem fluttar voru úr gömlu bönkunum í þá nýju og úttekt á framkvæmd á vinnslu verðmats eigna bankanna liggur væntanlega fyrir í næstu viku, samkvæmt upplýsingum frá Fjármálaeftirlitinu (FME).

„Deloitte LLP hefur lokið bráðabirgðaverðmati þeirra eigna sem fluttar voru út úr gömlu bönkunum til að mynda efnahag Nýja Kaupþings banka, NBI og Íslandsbanka. Samhliða vinnslu verðmatsins hefur Oliver Wyman yfirfarið framkvæmd þess fyrir hvern banka," segir í tilkynningu FME, en skýrslurnar skiptast í tvo hluta. „Í fyrri hluta er lýst aðferðafræði og forsendum og birtar niðurstöður sem lúta að því að verðmæti eignanna sem fluttar voru úr bönkunum liggi á tilteknu verðbili.



**BANKARNIR** Í apríllok funda samningsaðilar vegna eignaskipta gömlu og nýju bankanna um tæknilega þætti í nýjum skýrslum. FRÉTTABLAÐIÐ/SAMSETT MYND

Í síðari hluta er að finna mat á einstökum eignum. Þessi hluti hefur að geyma viðkvæmar upplýsingar og er bundinn ríkum trúnaði."

FME hefur jafnframt birt áætlun um kynningu á skýrslunum og segir nauðsynlegt að upplýsingar um verðmat séu fyrst birtar samningsaðilum og þeim gefinn kostur á að taka afstöðu til þeirra. „Þegar samningar hafa náðst verður samantekt á efni skýrslnanna gerð opinber. Í skýrslunum er meðal annars að finna viðkvæmar og verðmyndandi upplýsingar og því er ekki unnt að birta þær opinberlega að svo stöddu," segir á vef FME. **- óká**





Kawasaki





KXF 250 2009
- Endurhannað stell, léttara og mjórra sem gerir akstur mun betri fyrir ökumann
- Showa framdemparar með titanium-húðun
- Endurbættur afturgaffall
- Breiðari fótpedalar
- Stór hlífðarpanna undir mótor

KXF 450 2009
- Endurhannað stell, léttara og mjórra sem gerir akstur mun betri fyrir ökumann
- 450cc mótor með beinni innspýtingu
- Nýir og endurbættir framdemparar með demantshúðun
- Endurbættur afturgaffall
- Endurbættur afturdempari með 50mm stimpli
- Breiðari fótpedalar
- Stór hlífðarpanna undir mótor

N1 VERSLUN BÍLDSHÖFÐA 9 REYKJAVÍK
SÍMI 440 1220 WWW.NITRO.IS

Akureyri, Egilsstöðum, Selfossi, Akranesi, Hafnarfirði, Reykjanesbæ, Vestmannaeyjum og Höfn í Hornafirði.

NITRO




Sjöundi sonurinn
Árni Þórarinsson

**1.780 kr.**
~~1.980 kr.~~




10 ráð til að hætta að drepa fólk og byrja að vaska upp
Hallgrímur Helgason

**1.780 kr.**
~~1.980 kr.~~

# Glæpir og ástríða inn í vorið

**Fimm leiðir til að njóta helgarinnar með kilju í hönd**




Dóttir myndasmiðsins
Kim Edwards

**1.780 kr.**
~~1.980 kr.~~




Dóttir hennar, dóttir mín
Dorothy Koomson

**1.780 kr.**
~~1.980 kr.~~




Fundið fé
Jens Lapidus

**1.780 kr.**
~~1.980 kr.~~

**Tilboðið gildir til 30. apríl**

eymundsson.is

**Eymundsson**
*Bóksali frá 1872*

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
NÝTT KORTATÍMABIL NÝTT KORTATÍMABIL
1798
ALI FERSKAR KJÚLINGABRINGUR SKINNLAUSAR
1798 kr./kg.
1679
ALI FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR M/SKINNI
1679 kr./kg.
498
KJÖRFUGL FERSKUR HEILL KJÚKLINGUR
498 kr./kg.
1498
KJÖRFUGL FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR
1498 kr./kg.
FERSK
798
ROÐ OG
FISKBÚÐIN OKKAR
98
BÓNUS PYLSUBRAUÐ 5 stk 98 kr.
489
BÓNUS PYLSUR
MERKT VERÐ 698 KR./KG. 30% AFSLÁTTUR
489 kr./kg.
198
BÓNUS MJÚKAR KRINGLUR
4 stk 198 kr.
Ýsubitar
759
BÚHNYKKUR FROSNIR
ÝSUBITAR ROÐ & BEINLAUSIR
759 kr./kg.
129
Kristall
98
BÓNUS STÓR HAMBORGARABRAUÐ
4 stk 98 kr.
Yum Yum
98
YUM YUM NÚÐLUR Í BOXI
70g 98 kr boxið. KOMIÐ AFTUR
Jucee
Blackcurrant Squash
Orange Squash
179
EGILS KRISTALL 2 LTR
HREINN, SITRÓNU, MEXICAN-LIME
129 kr.
BÓNUS BÝÐUR BETUR
VISA
PRINCESS ÁVAXTAÞYKKNI
2 LTR. 179 kr.
AFGREIÐSLUTÍMI: FÖSTUDAGUR 10:00 TIL 19:30.

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

NÝTT KORTATÍMABIL NÝTT KORTAT

20 ára BÓNUS 1989 - 2009

ÝSUFLÖK OG BEINLAUS



Fiskbúðin okkar

SK ÝSUFLÖK ROÐ OG BEINLAUS
8 KR./KG. 20% AFSLÁTTUR
8 kr./kg.



2698
KS FROSIÐ LAMBAFILLET 2698 kr./kg.



1359
KS FROSIÐ LAMBLÆRI Í SNEIÐUM 1359 kr./kg.




398
GLÆÐIR 1 LTR. 398 kr.
BLÓMAÁBURÐUR



1359
KS FROSINN LAMBAHRYGGUR NIÐURSAGAÐUR
1359 kr./kg.




98
MYLLU HÁLFT HEIMILISBRAUÐ
375g 98 kr.




1298

1998




2598
BÓNUS ÞVOTTAEFNI 210 ÞVOTTAR
2598 kr.




198

159

COLGATE TANNKREM 100 ML
REGULAR & TRIPPLE ACTION 198 kr.
COLGATE TANNBURSTI ZIGZAG MEDIUM 159 kr.

KALKÞÖRUNGAR: EYÐA MOSA Á GRASFLÖTUM
5 KG. 1298 kr. 10 KG. 1998 k

BÓNUS BÝÐUR BETUR VISA

AFGREIÐSLUTÍMI: FÖSTUDAGUR 10:00 TIL 19:30.

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Samband þjóðar og gjaldmiðils:

## Krónan kvödd

**JÓN KALDAL SKRIFAR**

Í nýrri skoðanakönnun Fréttablaðsins kemur fram að 62 prósent landsmanna vilja ekki að krónan verði framtíðargjaldmiðill á Íslandi. Vissulega er mikil frétt fólgin í því að afgerandi meirihluti þjóðarinnar telur að krónan eigi sér ekki viðreisnar von. Hitt er þó ekki minna fréttnæmt hversu margir vilja áfram treysta á hana.

Erfitt er að skilja á hverju það traust er byggt. Lítum á nokkrar tölur. Krónan hefur fallið um fjörutíu prósent gagnvart evru á einu ári. Ef farið er tvö ár aftur í tímann er fallið í kringum níutíu prósent. Gagnvart dollaranum er fallið á sama tíma tæplega 100 prósent. Verðbólga á Íslandi verður um fjórtán prósent á þessu ári. Innan Evrópusambandsins verður hún að meðaltali um eitt prósent. Stýrivextir eru 15,5 prósent hér og eru að sliga fyrirtæki og heimili. Í þeim löndum sem við viljum bera okkur við er búið að lækka vexti niður í allt að 0,5 prósentum til að freista þess að gangverk athafnalífsins stöðvist ekki.

Óþarfi er að fjölyrða um hversu háskaleg blanda háir vextir og há verðbólga í verðtryggðu umhverfi er fyrir rekstur, hvort sem það er á einu stykki heimili eða stórfyrirtæki.

Þáttur krónunnar í þessari stöðu er ekki lítill. Helstu talsmenn hennar héldu því fram árum saman að hún, ásamt sjálfstæðri peningamálastefnu, væri undirstaða velmegunar þjóðarinnar.

Þau leiktjöld fuðruðu upp í haust. Nú er krónan hvergi brúkleg utan lögsögu landsins. Við neitum meira að segja að taka við henni sem greiðslu fyrir eigin útflutningsvörur. Er það aðeins síðasti kaflinn í margra áratuga langri harmsögu íslensku krónunnar, sem vonandi sér þó fyrir endann á.

Umræðan um að skipta um gjaldmiðil hefur staðið linnulítið undanfarin ár. Í kringum hina skammvinnu niðursveiflu 2006 kom Valgerður Sverrisdóttir, þáverandi iðnaðarráðherra, hlutunum hressilega á hreyfingu þegar hún varpaði fram þeirri hugmynd að Ísland ætti að skoða einhliða upptöku evru. Uppskar hún háðsglósur fyrir vikið úr ýmsum áttum, þar á meðal frá mönnum sem síðar áttu eftir að gera hugmynd hennar að sinni.

Árið 2006 var hins vegar enn allt með sæmilega kyrrum kjörum hér á landi og krónan naut enn ástar annarra en framsýnna manna. Á ráðstefnu um gjaldmiðilsmálin, sem Samtök iðnaðarins stóðu fyrir þá um vorið, orðaði Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, stöðuna á þessa leið: „Okkur hefur skort sölupunktana til að taka upp evru.“ Benti hann á að efnahagslegi ávinningurinn hefði ekki verið til staðar en sagði blikur vera á lofti.

Þremur árum og hruni hagkerfisins síðar vantar ekki „sölupunkta“ fyrir að kveðja krónuna. Skoðanakönnun Fréttablaðsins sýnir að traustur meirihluti þjóðarinnar er tilbúinn fyrir þá kveðjustund.

Það bíður stjórnmálaflokkanna að svara hvernig verður staðið að því verki. Samfylkingin hefur lagt sín spil á borðið. Aðrir ekki.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf.
**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal *jk@frettabladid.is* og Þorsteinn Pálsson *thorsteinn@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

20% AFSLÁTTUR

Nicotinell

APRÍL TILBOÐ
20% af öllum Fruit og Classic pakkningum!



Nicotinell er samstarfsaðili Krabbameinsfélagsins

Nicotinell nikótínlyf fást án lyfseðils og eru notuð sem hjálparefni til þess að hætta eða draga úr reykingum. Til að ná sem bestum árangri skal ávalt fylgja leiðbeiningum í fylgiseðlinum með lyfinu. Skammtar eru einstaklingsbundnir og eru ákvarðaðir eftir því hversu mikið var reykt, en þeir mega þó aldrei vera stærri en 25 stykki á dag. Því ber að kynna sér upplýsingar um notkun í fylgiseðli. Þeir sem hafa fengið ofnæmi fyrir nikótíni eða öðrum innihaldsefnum lyfsins, fengið hjartaáfall nýlega, óstöðuga eða versnandi hjartaöng, alvarlega hjartsláttaróreglu eða heilablóðfall nýlega, eiga ekki að nota Nicotinell nikótínlyf. Börn undir 15 ára aldri, þungaðar konur og konur með barn á brjósti skulu ekki nota lyfið nema að læknisráði. Lesið allan fylgiseðilinn áður en byrjað er að nota lyfið. Markaðsleyfishafi: Novartis Healthcare. Umboð á Íslandi: Artasan ehf., Suðurhraun 12a, 210 Garðabæ.

SKIPHOLTS APÓTEK
Skipholti 50b • 105 Reykjavík

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Afdráttarlaust

„Trúir því einhver að ríkisstjórn Samfylkingar og VG muni ekki sækja um aðild að Evrópusambandinu?“ er spurt í heilsíðuauglýsingu Sjálfstæðisflokksins í Norðvesturkjördæmi, sem birtist á baksíðu Skessuhorns. Tilefni auglýsingarinnar er orð sem Steingrímur J. lét falla í sjónvarpssal á dögunum þegar hann var spurður um stjórnarsamstarf við Samfylkinguna og ESB. „Við skulum sjá til,“ hafði Steingrímur sagt. Úff. En Sjálfstæðisflokknum í Norðvesturkjördæmi til huggunar má benda á, að þó svo að Steingrímur virðist taka af öll tvímæli með þessum afdráttarlausa málflutningi, eru þeir vissulega til sem trúa að Samfylking og VG gangi ekki til aðildarviðræðna við ESB. Og hafa af því nokkrar áhyggjur.



### Mishermi

Á þessum stað í gær var fullyrt að Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Framsóknarflokksins, hefði enn ekki upplýst um fjármál sín eins og hann lofaði að gera. Það er ekki rétt. Sigmundur Davíð kunngjörði tekjur sínar á forsíðu Tímans síðastliðinn laugardag, auk þess sem upplýsingar um fjármál hans eru birtar á heimasíðu Framsóknarflokksins. Beðist er velvirðingar á þessu mishermi.



### Tekjulaus formaður

Í uppgjöri Sigmundar Davíðs kemur fram að hann gegnir ekki launaðri stjórnarsetu og er í launalausu leyfi frá skipulagsráði Reykjavíkur. Þá vinnur hann að ritun kennslubókar og gerð heimildarmyndar um skipulagshagfræði en vegna stjórnmálaþátttöku er óljóst hvenær því verkefni lýkur og þar af leiðandi hvort greitt verði fyrir það. Sigmundur Davíð hefur engan fjárhagslegan stuðning fengið. Hann á fimmtíu prósenta hlut í félaginu Menning ehf., sem er ekki starfandi. Formaður Framsóknarflokksins hefur sem sagt engar tekjur. **bergsteinn@frettabladid.is**

## SPOTTIÐ




# Andskotinn og hagfræðin

**UMRÆÐAN**
Guðmundur Ólafsson skrifar um verðtrygginguna



**GUÐMUNDUR ÓLAFSSON**

*Það er því réttnefndur andskoti almennings sem vill afnema verðleiðréttingu núna, loksins þegar skuldarar hafa ótvíræðan hag af henni.*

Gunnar Tómasson hagfræðingur, sem raunar hefur haldið því fram að hagfræði sé mestan part bull, gerir mér þann heiður að nefna mig til í tengslum við það sem hann kallar „hagfræði andskotans“. Þar heldur hann því fram að skuldarar beri tvöfaldan skaða miðað við lánardrottna þegar verðgildi peninga fellur í verðbólgu.

Einfaldasta aðferðin til þess að kanna þessa kenningu er að athuga hvernig þetta hefur verið, til dæmis síðastliðin 20 ár hér á Íslandi. Þá kemur í ljós að raunvextir af verðtryggðum lánum eru yfirleitt 1,5-2% lægri en af óverðtryggðum lánum, enda velja Íslendingar yfirleitt verðtryggð lán. Flestir ættu að vera einfærir að reikna hverju munar á 5% og 6,75% vöxtum til langs tíma, en á einu ári munar þetta 350 þúsund krónum af 20 milljón króna láni, sem dýrara er að taka óverðtryggt lán. Fullyrðing Gunnars um tvöfalt tap skuldara er því einfaldlega röng. Þetta er í samræmi við skoðanir Williams C. Dudley, forstöðumanns þeirrar deildar Seðlabanka Bandaríkjanna sem er í New York, frá því 10. febrúar sem hvetur til notkunar verðtryggingar. Auk þess má benda áhugasömum á greinar Helga Tómassonar í Vísbendingu 2008 og Ásgeirs Daníelssonar í Efnahagsmálum, riti Seðlabankans frá því í febrúar nýverið.

Nú um stundir er verðbólga neikvæð og mun höfuðstóll lána lækka um 0,5% næstkomandi mánaðamót. Þannig mun lán sem stendur í 20 milljónum króna lækka um 100.000 krónur. Það er því réttnefndur andskoti almennings sem vill afnema verðleiðréttingu núna, loksins þegar skuldarar hafa ótvíræðan hag af henni.

*Höfundur er hagfræðingur.*

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is* **MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **VIÐSKIPTARITSTJÓRI:** Óli Kr. Ármannsson *olikr@markadurinn.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Emilía Örlygsdóttir *emilia@frettabladid.is* og Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Vönduð hjól fyrir alla fjölskylduna

NÝTT KORTA TÍMABIL

**Allt hjólaúrvalið er fáanlegt í Smáralind, Skeifunni, Kringlunni og Garðabæ. Minna úrval í öðrum verslunum**

RALEIGH

Raleigh hjólin hafa verið framleidd frá 1887 og í dag er Raleigh stærsta reiðhjólafyrirtæki í heimi
- Tvöfaldar álgjarðir
- Kenda gæðadekk
- Bremsur með vatnsraufum

RALEIGH
**Crystal Girl / Crystal Boy** 8-10 ára
- Stærð: 24"
- Gírar: 21 gír, Shimano Revo Gripshift
- Bremsur: Alloy V–brakes
- Gaffall: Með dempara
- Álgjarðir með tvöföldum ramma, dempari í stelli, glitauga að framan og í pedölum, standari

**35.999 kr**



RALEIGH
**Tibet Man / Tibet Lady**
- Stærð: 26"
- Gírar: 21 gír, Shimano Revo Gripshift
- Bremsur: Alloy V–brakes
- Gaffall: Með dempara
- Álgjarðir með tvöföldum ramma, glitauga að framan og í pedölum, standari

**39.999 kr**





RALEIGH
**Sidney Cruiser**
- Stærð: 26"
- Fislétt hjól úr léttmálmi
- Gírar: 3 gírar, Shimano Nexus Gripshift
- Bremsur: Fótbremsur að aftan, handbremsa að framan
- Litaðar álgjarðir með tvöföldum ramma, bretti að aftan og framan, keðjuhlíf, glitauga að framan og í pedölum, standari

**49.999 kr**

**Bob The Builder / My Bonnie** 3-4 ára
- Stærð: 12"
- Bremsur: fótbremsur að aftan, handbremsur að framan
- Aukahlutir: Bretti að aftan og framan, böglaberi, keðjuhlíf, hjálpardekk, glitaugu, bjalla

**12.999 kr**



**My Bonnie / Bob The Builder** 4-6 ára
- Stærð: 16"
- Bremsur: fótbremsur að aftan, handbremsur að framan
- Aukahlutir: Bretti að aftan og framan, böglaberi, keðjuhlíf, hjálpardekk, glitaugu, bjalla, karfa

**14.999 kr**



www.crosscycle.com
CROSS **gæða merki í hjólum**

Cross hjólin eru nútímaleg hönnun og framleidd í Evrópu undir ströngu gæðaeftirliti
- Tvöfaldar álgjarðir
- Kenda gæðadekk
- Bremsur með vatnsraufum
- Álstell með innbrenndum lit

CROSS
**Speedster** 6-8 ára
- Stærð: 20"
- Gírar: 21 gír, Shimano RD–TX31 Gripshift
- Bremsur: Promax TX115C
- Gaffall: HL CH–327E með dempara
- Álstell, glitauga að framan, aftan og í pedölum, standari, bögglaberi, bretti að aftan og framan

**31.999 kr**



CROSS
**Arina / Arrow**
- Stærð: 28"
- Gírar: 21 gír, Shimano TX31 Gripshift
- Bremsur: Promax Alloy V – TX115C
- Gaffall: HL CL–T130 með dempara
- Álstell, bögglaberi, bretti að aftan og framan, keðjuhlíf, rafdrifin lugt að aftan og framan, standari, dempari í sætisstöng, stillanlegt stýri, bjalla

**49.999 kr**



ULTRA
**Fiona** 8-10 ára
- Stærð: 24"
- Gírar: 18 gírar, Shimano TY18/MRX18 Grip Shift
- Bremsur: Alloy V-brakes
- Álgjarðir með tvöföldum ramma, glitauga að framan og í pedölum, bretti að aftan og framan, böglaberi, standari

**31.999 kr**

ULTRA
**Ferdy** 8-10 ára
- Stærð: 24"
- Gírar: 18 gírar, Shimano TY18/MRX18 Grip Shift
- Bremsur: Alloy V-brakes
- Álgjarðir með tvöföldum ramma, glitauga að framan og í pedölum, standari

**31.999 kr**

ULTRA
**Regata Lady / Regata Gentleman**
- Stærð: 28" með dempara
- Gírar: 18 gírar, Shimano TY18 Gripshift
- Bremsur: Promax TX115C
- Bretti að aftan og framan, bögglaberi, rafdrifnar luktir að aftan og framan, glitaugu í pedölum, standari

**43.999 kr**







24 Hagkaup **OPIÐ** ALLAN sólarhringinn Skeifan & Garðabær

**HAGKAUP** Ein ferð betra verð

# Að óttast sína eigin þjóð

**UMRÆÐAN**
Andrés Magnússon og Margrét Kristmannsdóttir skrifa um Evrópumál



ANDRÉS MAGNÚSSON



MARGRÉT KRISTMANNSDÓTTIR

Það þarf ekki að fara mörgum orðum um stöðu íslenskra fyrirtækja um þessar mundir, ytra umhverfi þeirra er skelfilegt og birtist m.a. í himinháum vöxtum, verðbólgu, gjaldeyrishöftum, dauðvona krónu og skertum kaupmætti. Við þessar aðstæður er atvinnulífinu gert að standa í fæturna, rétta úr bakinu og spýta í lófana enda öflugt atvinnulíf forsenda þess að þjóðin komi sér upp úr núverandi stöðu.

Gríðarlegur kraftur býr í íslenskum atvinnurekendum og þeir átta sig fyllilega á sínu hlutverki í endurreisn þjóðarinnar en því miður fer allt of mikill kraftur þeirra í að berjast við ytri aðstæður í stað þess að vinna að uppbyggingu sinna fyrirtækja. Í dag eyðir forystusveit íslenskra fyrirtækja of miklu af tíma sínum í að slökkva elda í stað þess að horfa til framtíðar.

Fyrirtækjum og heimilum í landinu hefur oft verið stillt upp sem andstæðum pólum sem hafa ólíkra hagsmuna að gæta. En því fer fjarri – hagur fyrirtækjanna og heimilanna er samtvinnaður því hagur heimilanna byggir á öflugu atvinnulífi og fyrirtæki reiða sig á vinnuframlag og öflugan kaupmátt heimilanna. Atvinnulífið og heimilin haldast því hönd í hönd og eru samherjar í baráttunni fyrir efnahagslegum stöðugleika.

Á undanförnum misserum hafa allar kannanir sýnt að mikill meirihluti fyrirtækja innan verslunar og þjónustu vill að íslensk stjórnvöld hefji nú þegar aðildarviðræður við Evrópusambandið enda átta fyrirtækin sig á því að þau þurfa að vera hluti af stærri heild í því alþjóðaumhverfi sem þau starfa í. Öflugt efnahagslegt bakland snýst um framtíð fyrirtækjanna og lífskjör fólksins í landinu.

Því er það algjörlega óásættanlegt að stjórnmálaflokkar og einstakir hagsmunaaðilar leggist í skotgrafir og neiti þjóðinni um þann sjálfsagða rétt að fá að vita hvað standi henni til boða í aðildarviðræðum. Evrópumálið er miklu stærra en svo að það eigi að snúast um stjórnmálaskoðanir og sérhagsmuni einstakra atvinnuvega enda eru fylgjendur aðildarviðræðna í öllum flokkum og öllum atvinnugreinum. Það má aldrei líðast að sérhagsmunir séu teknir fram yfir þjóðarhag. Framtíð barnanna okkar er mikilvægari en sérhagsmunir og flokkadrættir.

Nú sem aldrei fyrr er haldið uppi öflugum hræðsluáróðri gegn aðildarumsókn þó fyrir liggi að ný aðildarríki hafa án undantekninga náð að verja brýnustu þjóðarhagsmuni sína í aðildarviðræðum. Hér er það því tilgangurinn sem helgar meðalið. En hræðsluáróður í stöðunni í dag er einnig undarlegur, enda er verið að hræða fólk með einhverju sem enginn veit hvað er. Það veit nefnilega enginn hvaða niðurstöðum aðildarviðræður við Evrópusambandinu munu skila. Um það snýst málið – kröfuna um að þjóðin fái að vita hvað aðild að Evrópusambandinu þýðir – kosti þess og galla þannig að hún geti í þjóðaratkvæðagreiðslu sjálf metið hvar hagsmunum hennar er best borgið eftir að niðurstöður aðildarviðræðna liggja fyrir. Að stjórnmálamenn og hagsmunaaðilar hætti að eyða dýrmætum tíma í getgátur en hefji leit að staðreyndum.

*Fyrirtækjum og heimilum í landinu hefur oft verið stillt upp sem andstæðum pólum sem hafa ólíkra hagsmuna að gæta. En því fer fjarri – hagur fyrirtækjanna og heimilanna er samtvinnaður ...*

Þjóðin á betra skilið en að kjörnir fulltrúar hennar á Alþingi setji forræðishyggju og flokkshagmuni ofar rétti hennar til að ákveða sjálf hvert hún vill stefna. Við gerum þá kröfu að þeir stjórnmálaflokkar sem taka við eftir kosningar í lok mánaðarins setji það í stjórnarsáttmálann að farið verði nú þegar í aðildarviðræður og velji til þess verks öflugustu samningamenn þjóðarinnar. Þegar niðurstöður liggja fyrir á þjóðin síðasta orðið – og stjórnmálaflokkar eiga ekki að óttast dómgreind eigin þjóðar.

*Andrés Magnússon er framkvæmdastjóri SVÞ. Margrét Kristmannsdóttir er framkvæmdastjóri Pfaff, formaður SVÞ og FKA.*


# Virðisaukinn endurgreiddur

Nú færðu allan virðisaukaskattinn endurgreiddan af greiddum vinnulaunum við framkvæmdir við íbúðarhúsnæði eða sumarbústað, hvort sem um er að ræða nýbyggingu eða eldra húsnæði sem þarfnast viðhalds eða viðbóta. Endurgreiðslan verður í boði til 1. janúar 2011.

**Nánari upplýsingar er að finna á www.si.is/vsk.**



HVÍTA HÚSIÐ/SÍA – 09-0474

SI Samtök iðnaðarins - www.si.is


# Opinber innkaup

**UMRÆÐAN**
Vigdís Hauksdóttir skrifar um opinberan rekstur



VIGDÍS HAUKSDÓTTIR

Tilgangur laga nr. 84/2007 um opinber innkaup er að tryggja jafnræði fyrirtækja við opinber innkaup, stuðla að hagkvæmni í opinberum rekstri með virkri samkeppni og efla nýsköpun og þróun við innkaup hins opinbera á vörum, verkum og þjónustu. Samkvæmt 3. gr. laganna taka lögin til ríkis, sveitarfélaga, stofnana þeirra og annarra opinberra aðila.

Viðmiðunarfjárhæðir vegna opinberra innkaupa á Evrópska efnahagssvæðinu er að finna í reglugerð nr. 807/2007. Viðmiðunarfjárhæðir vegna skyldu til útboðs á Evrópska efnahagssvæðinu samkvæmt 78. gr. laga nr. 84/2007 skulu vera sem hér segir: opinberir aðilar - viðmiðunarfjárhæðir vegna skyldu til útboðs á Evrópska efnahagssvæðinu samkvæmt 78. gr. laganna hjá opinberum aðilum að frátöldum sveitarfélögum og stofnunum eru eftirfarandi: vöru- og þjónustusamningar 11.690.000 kr. og verksamningar 449.490.000 kr. Þegar sveitarfélög, stofnanir þeirra og aðrir opinberir aðilar á þeirra vegum eiga í hlut eru viðmiðunarfjárhæðir þessar: vöru- og þjónustusamningar 17.980.000 kr. og verksamningar 449.490.000 kr. Almennt er kveðið á um útboð í lögum nr. 65/1993 um framkvæmd útboða og eiga þau lög við um opinber útboð eins langt og þau ná, það er að segja þegar ekki er vikið frá þeim í lögum um opinber innkaup eða öðrum sérlögum.

Þegar innkaup/verk eru yfir eftirtöldum viðmiðunarfjárhæðum er meginreglan sú að þau þarf að auglýsa á öllu EES svæðinu með birtingu í Stjórnartíðindum ESB. Hefur þetta í för með sér að erlend fyrirtæki hafa tækifæri á að bjóða í innkaup/verk hér á landi. Nú þegar atvinnuleysi hefur náð nýjum hæðum er mikilvægt að ríki og sveitarfélög leggist á eitt og hugleiði umfang innkaupa/verka til að halda þeim á innanlandsmarkaði án þess að brjóta gegn reglum EES-samningsins. Verði tekin meðvituð ákvörðun um að hafa umfang útboða undir viðmiðunarfjárhæðum er hægt að skapa fleirum atvinnu með auknum verkfjölda. Ég tel að þessi aðgerð komi til með að fleyta mörgum fyrirtækjum og einyrkjum sem nú eru í rekstri og framleiðslu yfir erfiðasta hjallann.

*Höfundur skipar 1. sætið fyrir Framsóknarflokkinn í Reykjavíkurkjördæmi suður.*

# Allsnægtir landsins

**UMRÆÐAN**
Ása Björk Ólafsdóttir skrifar um ylrækt



ÁSA BJÖRK ÓLAFSDÓTTIR

Okkur er trúað fyrir fallegu og gjöfulu landi. Á sama tíma og mörg okkar óttast nánustu framtíð og völtu efnahagskerfi verður komið í jafnvægi, skulum við hugsa um það hvað okkur langar til að sjá gerast. Hverjar eru væntingar okkar?

Minn draumur er sá, að Íslendingar verði sjálfum sér nógir með mat. Matarkistan og gnægtarbrunnurinn Ísland er ekki óraunhæfur draumur. Til eru nokkrar leiðir. Um leið og tekin verður ákvörðun um að garðyrkjubændur fái raforku á stóriðjuverði, munum við sjá hraða þróun og mikla uppbyggingu í ylrækt. Fólk mun sjá framtíð í að reisa gróðurhús og hefja hvers konar ræktun grænmetis eða/og jafnvel ávaxta.

Langtímastörfin við ræktun eru svo mörg að ég hef ekki hugmyndaflug til að telja þau. Ótalin eru þá afleidd störf við þjónustu, pökkun, dreifingu og svo framvegis. Þessi einfalda aðgerð kemur þannig til með að stórauka eftirspurn eftir gleri og grindum í gróðurhúsin, það skapar störf. Einnig skapast störf við undirbúning og vinnu við uppsetningu húsanna.

Lífræn og hrein ræktun er sú ímynd sem Ísland á að hafa út á við. Mig dreymir um að við ræktum nóg fyrir innanlandsmarkað. Ekki einungis vegna þess að íslenskt grænmeti er fyrsta flokks, heldur einnig til þess að nota ekki dýrmætan gjaldeyri í nokkuð sem við getum verið sjálfbær um. Við framleiðum nóg af kjöti, eigum nægan fisk í hafinu, afbragðs mjólkurvöru og eigum að rækta meira grænmeti og einhverja ávexti. Það virðist erfiðara með kornið, en í byggræktun erum við komin vel í gang. Ræktun skóga breytir loftslaginu og því verðugt markmið að virkja enn frekar þann stórhug sem með mörgum býr.

Þetta er sú framtíðarsýn sem ég hef og að auki tel ég að sú vannýtta auðlind sem felst í lækningajurtum sé nokkuð sem beri að athuga gaumgæfilega. Þó ber sérstaklega að gæta þess að ganga ekki á villta stofna, en hugsanlega er þó hægt að rækta slíkar jurtir í gróðurhúsum í einhverjum mæli. Þannig náum við að nýta þann gnægtarbrunn sem landið okkar vissulega er.

*Höfundur er héraðsprestur og skipar 6. sæti á lista VG í Suðvesturkjördæmi.*


Ný sumardekk
Dekkjaskipti



Sparaðu, láttu
**skipta um dekk hjá Max1**

**Umfelgun og ný dekk á góðu verði**

Umfelgun og jafnvægisstilling á 4 fólksbíladekkjum á 12–16 tommu stálfelgum **6.458 kr.** Kauptu sumardekkin hjá Max1 á góðu verði. Spyrðu okkur hvað við getum gert meira fyrir þig.

*Við erum góðir í að gera hlutina fljótt og vel og ódýrt – skoðaðu: www.max1.is*

**Reykjavík, sími 515 7190:** Bíldshöfða 5a, Bíldshöfða 8, Jafnaseli 6, Knarrarvogi 2.
**Akureyri, sími 462 2700:** Tryggvabraut 5.
**Skoðaðu www.max1.is**

MAX1 BÍLAVAKTIN



**KJÚKLINGABAUNIR** hafa ekkert með kjúkling að gera eins og nafnið bendir til og eru í raun og veru ekki baunir heldur, heldur fræ runna sem vex í Suður-Evrópu og Vestur-Asíu.



FRÉTTABLAÐIÐ

**Sölufulltrúar Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Hugi Garðarsson** hugi@365.is 512 5447





# Næg ókeypis bílastæði

*við Perluna*

**Súpubar 620 kr.**

**Salatbar 990 kr.**

**Súpa og salatbar á aðeins 1.430 kr.**

~ NÝBAKAÐ BRAUÐ FYLGIR MEÐ SÚPU- OG SALATBAR. ~

Í kaffiteríunni Perlunnar er hægt að fá alls kyns góðgæti á frábæru verði: Crépes, samlokur, pizzur og smurt brauð. Eins er hægt að fá heimatilbúinn ítalskan ís, alls kyns ísrétti, kökur og tertur.

**Vegna mikillar eftirspurnar hefur *Allt í steik* verið framlengt til 19. apríl!**

Hringbrot

Veitingahúsið Perlan - *Sími* 562 0200 - *Heimasíða* www.perlan.is





Guðfinna Mjöll Magnúsdóttir hrærir í hvannarlambakjötsréttinum í leirpottinum góða sem hún hannaði ásamt Brynhildi Pálsdóttur og Sigríði Erlu.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Eldað í íslenskum leir

**Brynhildur Pálsdóttir og Guðfinna Mjöll Magnúsdóttir vöruhönnuðir reka hönnunarfyrirtækið Borðið. Þær hönnuðu leirpott í samvinnu við Sigríði Erlu Guðmundsdóttur keramikhönnuð og eiganda Leir 7.**

„Það er aldagömul aðferð að elda mat í leirpotti,“ segir Brynhildur Pálsdóttir hönnuður. „Hæg eldun fer vel með hráefnið því leirinn andar en hleypir ekki næringarefnunum út. Þetta er því holl matreiðsluaðferð og maturinn kemur meyr og góður úr pottinum.“

Íslenskur jarðleir hefur ekki verið mikið notaður sem hráefni. Brynhildur útskýrir að ein af ástæðum þess sé hve Ísland er ungt land og leirinn ekki eins meðfærilegur og til dæmis evrópskur jarðleir. „Íslenski leirinn er svolítil ótemja en Sigríður Erla var staðráðin í að nýta leirinn og hefur náð að temja hann. Partur af hugsjónum okkar Guðfinnu er að vinna með staðbundin hráefni sem gefur hlutunum sérstöðu. Leirinn kemur frá Fagradal á Skarðsströnd þar sem ræktað er lambakjöt með hvannarbragði og okkur fannst einnig áhugavert að geta búið til eldunaráhald úr jörðinni sem lömbin ganga á.“

Halla Steinólfsdóttir og Guðmundur Gíslason, bændur í Fagradal, grafa upp leirinn og frumvinna hann fyrir Sigríði Erlu sem vinnur úr honum í verksmiðju sinni, Leir 7, í Stykkishólmi. Áður en eldað er í pottinum þarf að bleyta hann og svo skal setja hann inn í kaldan ofninn. Brynhildur mælir með því að stilla ofninn á lágan hita og láta steikina malla allan daginn í ofninum. Einnig segir hún að gott sé að baka í pottinum brauð.

„Við brauðbakstur í leirpotti myndast góð skorpa allan hringinn og það er líka hægt að baka kökur. Það er mjög þægilegt að nota leirpottinn þegar elda á fyrir gesti því það fer bara allt hráefnið í pottinn og svo þarf ekkert að snúa við eða hræra. Potturinn sér um þetta allt.“

Brynhildur og Guðfinna gefa lesendum uppskrift að hvannarlambakjötsrétti sem Friðrik V matreiðslumeistari bjó sérstaklega til fyrir pottinn. Verslunin Kokka selur leirpottinn og er von á fyrstu sendingu í maí.

*heida@frettabladid.is*

## LEIRPOTTSLAMB FRIÐRIKS V

Íslenskt hvannarlamb með bankabyggi **FYRIR 6**

800-1000 g súpukjöt með beini eða beinlaust filet eða læri, helst Hvannarlamb frá Fagradal
2 laukar
1 íslensk gulrófa
4-5 íslenskar gulrætur
2 meðalstór íslensk hnúðkál
3 lárviðarlauf
1 bolli bankabygg frá Eymundi í Vallanesi, látið liggja í köldu vatni í 2 klukkustundir
1 væn rósmaríngrein
3 hvítlauksrif,
100 g íslenskt smjör
Salt og pipar
½ lítri lambasoð
Fáfnisgras

*Bleytið pottinn undir rennandi vatni.*

*Grænmetið flysjað og brytjað gróft, hvítlaukurinn skorinn í þunnar sneiðar. Hellið vatninu af bankabygginu og blandið kjöti og grænmeti vel saman við, kryddið með salti og pipar, lárviðarlaufi og þyrnunum af rósmarínstilknum.*

*Setjið í leirpottinn, hellið lambasoðinu yfir og setjið smjörið á toppinn, lokið og bakið í 160°C heitum ofni í 1½ klukkutíma.*

*Hrærið reglulega í á meðan og stráið svo fáfnisgraslaufunum yfir og lokið áður en borið er fram.*



Leirpotturinn er unninn úr íslenskum leir, fengnum í landi Fagradals á Skarðsströnd þar sem einnig er ræktað lambakjöt með hvannarbragði. Potturinn fæst í Kokku á Laugavegi.


# Byltingarkennd nýjung á Íslandi




**Enn á ný kynnum við hjá Nings nýjung í heilsusamlegri matreiðslu.**

Næringa- og matvælafræðingar hafa þróað einstaka afurð: Núðlur unnar úr tófú og heilsujurtinni "konnyaku". Tófú-núðlur eru bragðgóðar og hollar. Þær henta öllum þeim sem láta sig varða líkamlega heilsu sína.

Tófú-núðlur eru kalk- og próteinríkar, kolvetna- og hitaeiningasnauðar. Að auki eru þær án nokkurs sykurs, kólesteróls og glútens og innihalda auðvitað hvorki mjólkurafurðir né dýrafitu.

**NINGS**

Suðurlandsbr. 6
Hlíðasmára 12
Stórhöfða 17
**Sími: 588 9899**

# ;TÍSKA

**SNYRTIVESKIÐ** er gott að fara í gegnum reglulega og henda því sem er orðið gamalt og ónýtt. Þannig skapast pláss fyrir nýja og spennandi liti sem tilvalið er að prófa sig áfram með heima við þegar ekki er ætlunin að fara neitt.





Austræn andlitsslæða eftir túníska hönnuðinn Esmond Scool.

NORDICPHOTOS/AFP



Slæða og blúndur yfir svörtum kjól eftir palestínska hönnuðinn Mahdi Hindi.

Silfurlit og glansandi föt að hætta gríska hönnuðarins Ioannis Guia.



Austrið og vestrið í einni flík eftir túníska hönnuðinn Esmond Scool.

Stórglæsilegur kjóll eftir palestínska hönnuðinn Mahdi Hindi.

Skrúðbúin fyrirsæta í kjól eftir palestínska hönnuðinn Mahdi Hindi.

# Austrið og vestrið kallast á í Túnis

**Tískuvika var haldin í Túnis á dögunum. Þar mátti glöggt sjá skírskotun í arabísk klæði og nútímalegar vestrænar flíkur.**

Túnis er höfuðborg túníska lýðveldisins. Tískuvika hefur verið haldin í borginni í nokkur ár sem hefur þar með stimplað sig inn í tískuheiminum. Einnig hefur þessi stórviðburður orðið til þess að breyta ímynd margra á landinu þar sem mikill meirihluti íbúa eru múslimar.

Tískuvikan í Túnis 2009 var haldin 8. til 11. apríl síðastliðinn. Þar sýndu átta túnískir hönnuðir og fjórir erlendir tískulínur sínar. Hið vestræna kallaðist á við hið þjóðlega austræna í fötum hönnuðanna á sýningunni þar sem sjá mátti slæður og búrkur í bland við efnislitla kjóla og leggings. *solveig@*




# föstudagur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS 17. apríl 2009



## Keypti sér hús við sjóinn

Eivöru Pálsdóttur finnst notalegt að búa ein og hafa gott rými til að semja tónlist og mála.

### ÍSLENSK HÖNNUN ERLENDIS

Öflugur hópur stendur að sölusíðunni icelandic-collection.com

### KÆRULEYSISLEGT ÚTLIT Í SUMAR

Herdís Sigurðardóttir segir frá vor- og sumar-hártískunni.

### VILDI MYNDA JOHNNY CASH

Benni Valsson ljósmyndari hefur myndað margar stórstjörnur.




FERMINGAPAKKI

TÖLVUPAKKI

- Intel Core 2 Duo E5200
- 4GB Dual DDR2 800MHz
- 640GB WD Blue SATA2
- 512MB Geforce 9500GT
- 19" Acer skjár 5ms
- Windows Vista Home Basic

129.950

SÆKTU EÐA FÁÐU SENT HEIM • SENDINGARKOSTNAÐUR AÐEINS KR. 750 HVERT Á LAND SEM ER • VERSLUN Í BÆJARLIND 1-3 • 201 KÓPAVOGI • SÍMI 569 0700 • www.att.is

@tt.is

Allt tölvutengt á betra verði

# núna
✻ mátulega mössuð

## KATRÍN BESSADÓTTIR SJÓNVARPSKONA

„Ég ætla að vinna um helgina enda fer kosningabaráttan ekki í frí. Svo ætla ég að reyna að taka hluta af vísitölurúntinum, fara jafnvel í Húsdýragarðinn með fjöskyldunni. Síðan er lokunarpartí í Kling og bang á laugardaginn þar sem vinkona mín ásamt fleirum hefur verið með stórkostlega listsýningu síðan í mars.“

helgin MÍN





### Kisan í Elle Magazine

þetta HELST

Í nýjasta tölublaði bandaríska tímaritsins Elle er umfjöllun um verslunina Kisuna í New York; hugmyndabúð þeirra Þórunnar Anspach og Oliviers Bremond. Verslunin á Laugavegi 7 hefur notið mikilla vinsælda allt frá því að hún var opnuð árið 2005 og í glanstímaritinu er Kisunni í Soho-hverfi New York hælt í hástert. Umfjöllunin er í dálki sem kallast Elle top shop, þar sem ritstjóri blaðsins skrifar um vinsælar verslanir hverju sinni. Þar er sagt að í Kisunni sé hægt að fá sérstaka muni allt frá 1,5 upp í 4.000 dollara og umhverfið sé bæði hreint, litríkt og afslappað, með heimsborgarablæ. Þetta er ekki í fyrsta sinn sem verslunin fær góða umfjöllun því í fyrra skrifaði Tískuritið Women's Wear Daily um Kisuna. Þeir sem eru á leiðinni í Stóra eplið ættu að gera sér ferð í verslunina sem er á 125 Greene Street.




Benni Valsson ljósmyndari hefur myndað margar stórstjörnur:

# HEFÐI VILJAÐ MYNDA JOHNNY CASH

Ég byrjaði að leika mér að mynda þegar ég var í Menntaskólanum á Akureyri en fór svo út til Parísar í nám,“ segir ljósmyndarinn Benni Valsson sem hefur myndað margar af skærustu kvikmynda- og tónlistarstjörnum heimsins. Meðal stjarna sem Benni hefur myndað eru Hollywood-leikararnir Leonardo DiCaprio, Sean Penn, Jim Carrey og Viggo Mortensen, kvikmyndagerðarmaðurinn Michael Moore, leikkonan Naomi Watts og hljómsveitir á borð við The Kills, Coldplay og White Stripes, svo eitthvað sé nefnt. „Í sjálfu sér finnst mér ekkert merkilegt að mynda frægt fólk og oft eru nöfnin stærri en hæfileikarnir á bak við þau. Svo hef ég líka myndað minna frægt fólk sem mér hefur fundist búa yfir meiri hæfileikum en stóru nöfnin,“ segir Benni. Hann bætir því við að skemmtilegast sé að mynda fólk sem gefi af sér á meðan á myndatökunni stendur. „Ég hafði mjög gaman af því að mynda Björk, tónlistarkonuna Cat Power og franska leikarann Gerard Depardieu. Þessi þrjú eru þátttakendur í því sem er að gerast sem gerir hlutina auðveldari og skemmtilegri fyrir vikið,“ segir Benni og bætir við að fæstar stjörnurnar sem hann hafi myndað séu með stjörnustæla. „Það er frekar erfiðara að eiga við fólkið í kringum stjörnurnar, líkt og umboðsmennina. Þeir sem eru ekki enn orðnir frægir eru frekar með stæla en stjörnurnar sem þurfa ekkert að sanna lengur. Yfirleitt er bara þægilegt að eiga við þetta fólk. Fyrir utan einstaka tilfelli.“



**Óskarsverðlaunahafi** Á síðunni bennivalsson.com má meðal annars sjá þessa mynd af leikaranum Sean Penn..



**Alvarleg** Naomi Watts er meðal þeirra stórstjarna sem Benni Valsson hefur myndað.



**Flottur** Benni hefur meðal annars myndað leikarann Leonardi DiCaprio.

Spurður hvort hann eigi sér draumastjörnu sem hann langi að mynda nefnir hann tónlistarmanninn Nick Cave. „Mig hafði lengi langað að mynda Bonnie Prince Billy og það gerði ég nýlega og svo hefði ég líka viljað mynda Johnny Cash en það er víst ekki hægt.“ Hægt er að skoða verk Benna á heimasíðunni www.bennivalsson.com. *-iáh*




„Ég hló og grét frá fyrstu blaðsíðu.“
ADELE PARKS

FRUMÚTGÁFA í kilju

Hvað myndirðu gera fyrir vinkonuna sem sveik þig?

JPV ÚTGÁFA
www.forlagid.is



**Öflug** Íris hefur æft stíft í tæp fjögur ár.

Íris Arna Geirsdóttir, Íslandsmeistari í módel-fitness:

# Kvenlegar línur

„Það höfðu margir bent mér á að keppa svo ég ákvað að prófa,“ segir Íris Arna Geirsdóttir, 21 árs sigurvegari á Íslandsmeistaramótinu í módel-fitness, sem haldið var á Akureyri um páskana. Íris Arna, sem tók þátt í fyrsta sinn, segir mikilvægast að viðhalda kvenleikanum í módel-fitness. „Framkoman verður að vera góð og útgeislunin í lagi. Línurnar verða líka að vera flottar og við megum ekki vera of massaðar. Umfram allt verðum við að viðhalda kvenleikanum,“ segir Íris, sem er búin að æfa stíft í tæp fjögur ár. „Undirbúningur fyrir svona mót er erfiður en skemmtilegur og hjá mér og kærastanum er þetta orðið að lífsstíl,“ segir hún og vonar að sigurinn opni dyr að nýjum verkefnum auk þess sem hún stefnir á frekari mót hérlendis og erlendis. „Ef mér myndi bjóðast áhugavert fyrirsætustörf væri ég alveg til í að skoða það vandlega.“ *- iáh*

## ✻ augnablikið



**HVÍT OG KÖFLÓTT** Jennifer Lopez og Marc Anthony mættu saman í TOPSHOP TOPMAN einkasamkvæmi á Balthazar í New York á dögunum. Hjónin virðast ekki hafa reynt að vera í stíl því Lopez klæddist hvítum þröngum kjól en söngvarinn var í köflóttum jakka.

föstudagur
**Útgáfufélag** 365 miðlar ehf. **Forsíðumynd** Anton Brink
**Útlitshönnun** Kristín Agnarsdóttir **Auglýsingar** Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir
*sigridurdagny@365.is sími 512 5462* **Föstudagur** Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000


ILVA
einfaldlega betri kostur
verð 490,-/stk.
Flower. Blómapottur. H 12 cm.
Verð 490,-/stk. Einnig til H 14 cm.
Til í fleiri litum.
verð frá 3.990,-
40%
afsláttur af öllum
sængurverasettum
yfir 100 tegundir
Bubble. Sængurverasett.
140 x 200 cm. Verð 7.500,- NÚ 4.490,-
Dandelion. Sængurverasett.
140 x 200 cm. Verð 8.990,- NÚ 5.390,-
Yamato. Sængurverasett.
140 x 200 cm. Verð 6.900,- NÚ 3.990,-
verð 490,-/stk.
Summer. Kerti í leirskál.
H 7 cm. Verð 490,-/stk.
verð 2.490,-
Tissue. Servéttustandur. Verð 2.490,-
verð 990,-
Bamboo. Kringlótt skál. Bambus.
H 11 cm, Ø23 cm. Verð 990,-
Ýmsar stærðir.
verð 490,-/stk.
Summer. Borðmotta.
42 x 30 cm. Verð 490,-/stk.
Mikið úrval af borðmottum.
NÚ BIRTIR TIL ...
verð 3.990,-/stk.
Picnic. Nestiskarfa. Málmur.
37 x 28 x 18 cm. Verð 3.990,-/stk.
verð 1.990,-/stk.
Outdoor. Garðkanna. Málmur. H 30 cm. Verð 1.990,-
verð 990,-
Nova. Geymslukassi. 32 x 33 x 32 cm.
Verð 990,- Ýmsir litir.
verð 2.490,-/stk.
Polka Dot. Bakki með doppum. 37 x 28 cm. Verð 2.490,-
shop online
Verslaðu á
www.ILVA.is
Sendum um allt land
ILVA
sendum um allt land
verð 2.490,-
Rochelle. Vasi. H 30 cm. Verð 2.490,-
verð frá 990,-
Summer. Ýmsir litir.
Skál. H 7, Ø12,5 cm. Verð 990,-
Skál. H 5, Ø17 cm. Verð 1.390,-
verð 2.490,-
Lantern. Kertalugt. H 30 cm.
Verð 2.490,-
© ILVA Ísland 2009
verð 12.990,-
Nuage. Borðlampi.
H 40 cm. Verð 12.990,-
verð 2.990,-
Cutlery. Hnífaparasett.
24 stk. Verð 2.990,-
Fæst einnig bleikt og grænt.
verð 990,-/stk.
Retro. Vasi. H 17 cm. Verð 990.-
verð 3.990,-
Polka. Púði. 40 x 40 cm. Hvítur m/gulum og gráum doppum. Verð 3.990,-
Polka. Púði. 40 x 40 cm. Hvítur m/túrkis doppum. Verð 3.990,-
verð frá 1.390,-
Colour. karfa m/2 hönkum.
Lítil. 1.390,- Miðstærð. 1.990,-
Stór. 2.990,-
ILVA kaffi
290,-
Kaffi eða mjólk
og skúffukökusneið
VISA Lán
- VAXTALAUST
Bjóðum uppá
vaxtalaust
lán til 6 mánaða
ILVA Korputorgi, Blikastaðavegi 2-8, 112 Reykjavík s: 522 4500
laugardaga 10-18 sunnudaga 12-18 mánudaga - föstudaga 11-19

# núna
✻ alltaf á brettinu

**TÓNLEIKAR Á GRAND ROKKI** Sprengjuhöllin er nýkomin úr ferðalagi um Norður-Ameríku þar sem hljómsveitin vakti mikla athygli. Hún kemur nú fram á tónleikum ásamt hljómsveitinni Sin Fang Bous á Grand Rokki í kvöld. Tónleikarnir eru haldnir undir merkjum Grapevine og Gogoyoko og hefjast kl. 22.00.





## SYDNEY

**Brynja Dögg Friðriksdóttir blaðamaður**

*HVAR ER BEST AÐ FÁ SÉR MORGUNMAT?* Við Bondi Beach eru fjöldi kaffihúsa og veitingastaða sem opna snemma og loka seint. Klárlega einn besti staðurinn til að dást að ströndinni og fylgjast með mannlífinu.

*UPPÁHALDSVERSLUNIN?* Oxford Street í Paddington-hverfinu er ein helsta verslunargata í borginni. Þá er Paddington-markaðurinn í sama hverfi en hann er alltaf á laugardögum. Á Oxford Street eru líka margir skemmtistaðir og barir þar sem tilvalið er að gæða sér á bjór eða kokteil að verslunarleiðangri loknum.



*FÍNT ÚT AÐ BORÐA?* Víða má finna góða veitingastaði í borginni. Þeir sem þora ættu að gæða sér á krókódílapitsu sem er alveg merkilega góð. Slíka pitsu er meðal annars hægt að fá á Australian Heritage Hotel.

*BEST VIÐ BORGINA?* Borgin er ótrúlega falleg og víða eru göngustígar og almenningsgarðar sem er gaman að sækja á góðviðrisdögum og þeir eru nú margir í borginni. Óperuhúsið og Sydney-brúin eru helstu kennileiti borgarinnar og hægt er að dást að þeim frá mörgum stöðum.

*BEST AÐ EYÐA DEGINUM?* Það er góð dagsferð að keyra upp til Blue Mountains sem er þjóðgarður utan borgarinnar. Þá er tilvalið að kíkja í útibíó um kvöldið í St. George-útibíóið en þaðan sést vel í átt að Óperuhúsinu og Sydney-brúnni. Bíóið er í Fleet Steps, Mrs Macquaries Point. Munið eftir teppi og veitingum.







Arnar Jónsson söngvari:

# Færi ekki í spandexgalla





***Getur þú lýst þínum stíl?*** Minn stíll er hefðbundinn og stílhreinn en ég er mikið í dökkum fötum.

***Hvað dreymir þig um að eignast í sumar?*** Ég þarf að eignast fína strigaskó og þunnar ljósar kvartbuxur. Mér er alltaf heitt svo ég get ekki verið í svörtu í sólinni.

***Hvað keyptir þú þér síðast?*** Svartan Volcom-leðurjakka í New York. Annars fer ég ekki mikið til útlanda til að kaupa mér föt. Ég læt mömmu frekar um það þegar hún skellir sér í sína árlegu verslunarferð til Glasgow. Gamla er með þetta.

***Uppáhaldsverslun?*** Svenni vinur minn er verslunarstjóri í Dressmann svo ég versla mikið þar. Eins versla ég í Herragarðinum og Jack&Jones og alls staðar svo lengi sem flíkin er flott.





***Uppáhaldsfatamerki?*** Ég á mér ekki eitthvert eitt uppáhalds. Ef fötin eru flott, fara mér og ég á pening þá kaupi ég þau. En merkin skipta máli ef spáð er í gæði.

***Eru einhver tískuslys í fataskápnum þínum?*** Ekki lengur því ég var að henda afskaplega ljótum, hvítum Gap-jakka.

***Í hvað myndir þú aldrei fara?*** Spandexgalla.

***Notarðu skart?*** Eina skartið sem ég er með er Diesel-úr sem ég fékk í jólagjöf. Ég er með göt í báðum eyrum og var með mikið bling bling en ekki lengur. Eina skartið í framtíðinni verður líklega giftingarhringurinn.

***Af hvaða líkamsparti ertu stoltastur og hvernig undirstrikar þú það með klæðaburði?*** Þá erum við aftur komin að spandexgallanum.

***Hvert er skuggalegasta fatatímabilið þitt?*** Í tíunda bekk í Árbæjarskóla þegar ég og Árni vinur minn tókum KISS-æði. Ég safnaði hári, var í rifnum gallabuxum, hettupeysu og gallavesti yfir og geystist um Árbæinn á hlaupahjóli.



1 „Amma mín á Selfossi, Guðmunda Ólafsdóttir, prjónaði þessa eðalpeysu handa mér.“ 2 „Ég var staddur á Flórída þar sem þessi Armani-skyrta æpti á mig.“ 3 „Kúrekastígvélin hafa fylgt mér síðan árið 2003 og hafa ávallt staðið fyrir sínu, enda alltaf í tísku. Keypti þau ódýrt en þau hafa reynst hin besta fjárfesting.“ 4 „Ég nota belti við öll betri tækifæri.“ 5 „Diesel-úrið fékk ég í jólagjöf frá Friðriki Ómari og Ármanni og hefur það verið fast við mig síðan. Armani-úrið fékk ég frá foreldrum mínum fyrir að vera yndislegur sonur og Guess-úrið keypti ég af götusala í New York.“ 6 „Ég hringi inn jólin með bindinu. Ég set það upp á aðfangadag og tek það ekki niður fyrr en á þrettándanum.“ 7 „Ég vildi endilega fermast með glitrandi hanska eins og Michael Jackson gekk með en mamma þvertók fyrir það. Ég keypti mér því þennan búning og lét á sama tíma aflita á mér hárið.“

Hafdís Jónsdóttir í World Class:

# Líkamsræktaræði í kreppunni

„Það er mjög mikið að gera hjá okkur og ég les það þannig að fólk er farið að meta og rækta heilsuna meira,“ segir Hafdís Jónsdóttir eða Dísa í World Class eins og hún er oftast kölluð. Dísa telur að fólk spari heldur við sig í helgarferðum til útlanda og leyfi sér frekar að láta dekra við sig hér heima.

„Viðskiptin eru að færast hingað heim og það er mjög mikið að gera hvort sem það er í einkaþjálfun, heilsurækt eða hvers kyns dekri. Fólk er að forgangsraða upp á nýtt og í staðinn fyrir að eyða peningum í hluti hugsa nú fleiri um sjálfan sig og heilsuna enda mikilvæg á þessum tímum.“ -ifa



**Mikið að gera** „Ég les það þannig að fólk er farið að meta og rækta heilsuna meira,“ segir Dísa.


Meiyan húsgögn
60%
afsláttur
SKÁPUR
var 79.900,-
nú 31.960.-
VÍNSKÁPUR
var 49.900,-
nú 19.960.-
SKENKUR
var 69.900,-
nú 27.960.-
SKÁPUR
var 69.900,-
nú 27.960.-
Full búð af spennandi húsgögnum, gjafavöru og kertum
Makada húsgögn
60%
afsláttur
VÍNSKÁPUR
KOMMÓÐA
var 29.900,-
nú 11.960.-
50%
KOMMÓÐA
var 49900,-
nú 24.950.-
SJÓNVARPSBEKKUR
var 39.900,-
nú 15.960.-
VASI hvítur
3.990.-
MINNI SKENKUR var 49.900,-
nú 19.960.-
VASI brúnn
2.990.-
VASI með drekaflugum
1.245.-
VASI hár
4.990.-
KERTASTJAKI
297.-
snyrtivörurnar eru komnar!
the PIER
Láttu þetta tilboð ekki framhjá þér fara!
Rýmum fyrir nýjum vörum
Smáratorgi 3 / 201 Kópavogi / sími: 522 7860 / / Korputorgi / 112 Reykjavík / sími: 522 7870

# LISTAKONA OG SVEITAST

**Eivör Pálsdóttir lauk nýverið við tónleikaferðalag um landið með eigin hljómsveit í fyrsta sinn. Hún heldur nú aftur til Færeyja þar sem hún býr í eigin húsi við ströndina og undirbýr sýningu með eigin tónlist og málverkum.**

*Viðtal:* Alma Guðmundsdóttir
*Myndataka:* Anton Brink
*Förðun:* Kristín Kristjánsdóttir

Mig langaði að fá klassíska söngþjálfun svo ég flutti hingað ein þegar ég var sautján ára gömul og fór í Söngskólann í Reykjavík," segir Eivör Pálsdóttir sem er 25 ára, spurð hvenær hún kom fyrst til Íslands.

„Ég bjó hjá Ólöfu Kolbrúnu Harðardóttur söngkennara sem bauð mér að koma og vera í mánuð. Ég ætlaði alls ekki að vera svona lengi, en þegar ég kom varð ég svo rosalega heilluð af landinu, náttúrunni, fólkinu og tónlistinni. Allt var einhvern veginn rétt fyrir mig svo ég var hérna í fjögur ár," útskýrir Eivör og segir margt líkt með Íslendingum og samlöndum sínum.

„Mér finnst auðvelt að tala við Íslendinga því þeir eru mjög líkir Færeyingum, bæði hvernig þeir eru og hugsa," segir Eivör en viðurkennir að tungumálið hafi verið svolítið ruglandi fyrst í stað. „Rétt eins og Íslendingar geta heyrt Færeyinga segja eitthvað og fundist það drepfyndið, getur það líka verið öfugt.

„Ég man fyrst þegar ég flutti hingað var ég alltaf að ruglast því sum orð eru alveg eins, en þýða eitthvað annað. Til dæmis þýðir „sniðugt" skrítið á færeysku. Alls konar svona hlutir gátu verið ruglandi og mér fannst oft furðulegt þegar einhverjum fannst eitthvað vera „sniðugt" sem mér fannst alls ekki „skrítið"," segir hún brosandi, en viðurkennir að íslenskan hafi komið hjá sér eftir nokkurra mánaða búsetu hér á landi.



**Litrík** „Ég er algjör stelpa þegar kemur að fötum og kaupi oft eitthvað skemmtilegt sem ég sé á ferðalögum," segir Eivör sem keypti bláa bolinn, sem hún er í á myndinni, á Havaíeyjum þar sem hún hélt tónleika fyrr á árinu.

### KEYPTI SÉR EINBÝLISHÚS

Eftir að hafa búið um árabil á Íslandi og í Danmörku flutti Eivör aftur til Færeyja fyrir tveimur árum og festi kaup á einbýlishúsi í bænum Götu.

„Gata er mjög kósý. Það er ekkert þar, engin búð eða neitt og mér finnst það æðislegt. Ég keypti mér hús þar við sjóinn á æðislegum stað. Þetta var sumarbústaður sem ég fékk stundum lánaðan til að semja í. Það var ekki á dagskránni hjá mér að kaupa hús, svo þetta var skyndiákvörðun hjá mér þegar húsið var sett á sölu því ég vildi ekki missa af því. Foreldrar mínir búa líka nálægt, aðeins lengra uppi á fjallinu svo ég sé þau reglulega eftir að ég flutti," segir Eivör.

„Ég þarf rosalega mikið rými og bý ein í stóru húsi, en samt finnst mér það ekki of stórt. Sumum finnst hrikaleg tilhugsun að ég búi þar alein, en mér hefur alltaf fundist gott að vera ein, alveg frá því ég var lítil. Ég held að það sé rosalega mikillvægt þegar maður er að skapa að geta verið einn. Stundum get ég verið mjög ófélagslynd og þá hringja vinir mínir og segja mér að koma út úr þessu húsi," bætir hún við og brosir.

„Ég er rosalega mikið á flakki svo það er næstum því framandi fyrir mig að koma heim þar sem eru engin læti og ekkert áreiti. Það er það besta við að búa þarna. Ég er svo mikil sveitastelpa í mér og finnst gaman að vera bara í rólegheitum," segir Eivör sem hefur hæfileika á mörgum sviðum. Þegar hún er ekki að einbeita sér að tónlistinni málar hún myndir. „Ég hef alltaf málað og ég sótti mikið sýningar áður en ég varð svona upptekin af tónlistinni. Mér finnst gaman að skipta stundum yfir í annars konar list og það hjálpar mér að opna hugann og fá nýjar hugmyndir. Stundum þegar ég er að semja á fullu og er föst í einhverju er gott að skipta yfir," segir Eivör.

### Á FLAKKI

Fram undan er annríki hjá Eivöru. Í sumar ferðast hún til Noregs, Danmerkur, Þýskalands, Græn-


Efamol

Efalex

Vönduð blanda fiski- og kvöldvorrósarolíu sem eflir og styrkir:
- Hugsun
- Einbeitingu
- Sjón
- Hormónajafnvægi

Einstakt gegn lesblindu og ofvirkni.

Hentar fólki á öllum aldri.

Fæst í fljótandi formi og hylkjum í lyfja- og heilsuverslunum.

Vertu skarpari!

Efalex eflir einbeitingu og sjón og stuðlar þannig að betri námsárangri.




Efalex er einstök samsetning úr hreinni kvöldvorrósarolíu og fiskiolíu sem innihalda þrjár mikilvægar fitusýrur, DHA, AA og GLA ásamt tveimur öflugum andoxunarefnum, E-vítamíni og tímían olíu sem vinna saman að viðhaldi lífsnauðsynlegra fitusýra í líkamanum. Nægt magn þessarra olía í líkamanum stuðla að skarpari hugsun og betri einbeitingu sem eykur færni okkar til þess að læra.

heilsa –hafðu það gott


## Listakona í húð og hár

**Eivör heldur málverkasýningu og tónleika í Norræna húsinu í Færeyjum 25. apríl næstkomandi. Hún leyfði okkur að sjá tvær af myndum sínum og sú vinstra megin heitir „Á móti sólinni". „Þessi mynd kom til mín þegar ég var að kafa á Havaí-eyjum. Ég var svo rosalega heilluð af heiminum undir vatninu og leið eins og gesti í öðrum heimi," segir hún. Myndin hægra megin heitir„Augu hugans". „Hugmyndin kom til mín þegar ég var á Indlandi. Þó ég vilji loka augunum eru alltaf þúsund önnur opin í huganum. Kunnum við að loka augum hugans?" spyr Eivör sem málar hvar og hvenær sem tækifæri gefst til. „Ég er með eitt herbergi í húsinu mínu þar sem ég mála og má skíta út, en ég hef líka málað þegar ég er á tónleikaferðalögum og er alltaf með pensla og málningu með mér. Myndirnar sem ég mála fjalla oft um ferðina á móti ljósinu og ég nota mikið andstæður myrkurs og ljóss," segir Eivör.**





# ELPA

lands og fer í fjögurra vikna tónleikaferðalag um Kanada. Eivör ferðast þó ekki aðeins um heiminn í tengslum við tónlistina því hún stundar jóga og í fyrra fór hún til Indlands með íslenskum jógahóp.

„Mig langaði að fara í einhverja svona ferð því mér finnst svo gott að stunda jóga. Við vorum í rúman mánuð, bjuggum á hugleiðslusetri í litlum bæ og vorum á námskeiðum allan tímann svo þetta var engin túristaferð. Þetta var svona friðarferð sem var mjög góð fyrir sálina og mig langar mikið að fara aftur,“ segir Eivör sem undirbýr nú sína sjöttu plötu sem kemur út í október.

„Ég er komin mjög stutt með plötuna og er að vinna hana með bandinu mínu. Hún er öðruvísi en það sem ég hef verið að gera hingað til, miklu hrárri. Ég vil samt ekki segja of mikið því ég veit að allt getur gerst í stúdíóinu. Ég er svo dreymin að ég er alltaf að fá fullt af hugmyndum sem breytast svo daginn eftir,“ segir hún og brosir. „Ég ætla að taka upp í Færeyjum því ég hef aldrei tekið upp þar áður og ætla jafnvel að taka upp heima í húsinu mínu því mig langar að hafa svona „læf-fíling“ í góðu rými og góðri stemningu,“ bætir hún við. Í bandi Eivarar er meðal annars kærasti hennar til tveggja ára, en hann er færeyskur og heitir Benjamin Petersen. „Við búum ekki saman, allavega ekki enn þá, en við kynntumst í gegnum tónlistina og hann spilar á gítar í bandinu mínu,“ útskýrir Eivör og vill lítið segja um framtíðaráform sín þegar talið berst að fjölskyldu og barneignum.

„Ég er mikið fyrir að lifa fyrir einn dag í einu og er rosalega ánægð með það sem ég hef. Ég á mjög erfitt með að plana framtíðina eða skipuleggja of langt fram í tímann, en ég get ímyndað mér að það komi sá tími að maður vilji eignast börn og stofna fjölskyldu. Það er allavega ekki komið yfir mig enn og mér líður mjög vel með líf mitt eins og það er núna,“ segir Eivör og kveður með bros á vör.



## * bak við tjöldin



**Stjörnumerki:** Krabbi.

**Besti tími dagsins:** Morguninn og nóttin.

**Draumafríið?** Indland.

**Uppáhaldsverslunin:** Í augnablikinu eru það Nakti apinn og Tónastöðin.

**Áhrifavaldurinn?** Náttúran, ástin, og lífið.



**Líkamsræktin:** Jóga og hlaup.

**Ég lít mest upp til:** Mömmu minnar og pabba.

**Uppáhaldsmaturinn:** Ræstur fiskur og garnatálg. Það er svipað og siginn fiskur og hamsatólg, en bragðsterkara.



**Geisladiskurinn í spilaranum:** Raising sand, Robert Plant & Alison Krauss.

**Hverju myndirðu sleppa ef þú yrðir að spara?** Ég mundi sleppa fatakaupum og að fara út að borða dýran mat.







**Fann mikinn mun innan 3ja vikna**

Margrét Óskarsdóttir

# Frábært að hægt sé að bæta ástand liðanna með náttúrulegu efni

Ég þurfti að fara í skurðaðgerð 1991, þar sem ég var með of löng liðbönd og var að smella úr lið í tíma og ótíma. Þannig að farið var að kvarnast upp úr liðbrjóskinu. Eftir aðgerðina minnkuðu verkirnir en hurfu ekki. Að ganga niður stiga og langar stöður ollu sárum verkjum. Starf mitt krefst þess að ég þarf að standa mikið og var það ekki auðvelt.

**Reyndi margt**
Ég hef reynt margar leiðir til að minnka verkina án þess að nota verkjalyf sem því miður dugðu ekki. Með árunum jukust verkirnir og útlitið var ekki bjart.

**NutriLenk til sölu á Íslandi**
Fyrir tæpu ári frétti ég af nýju bætiefni, NutriLenk, sem er vinsælt efni í Noregi og Svíþjóð, hjá fólki sem er með slitna og auma liði. Satt að segja var ég ekkert sérlega jákvæð á að NutriLenk gæti hjálpað mér frekar en margt annað en sló til, enda allt tilvinnandi. Byrjaðiá að taka inn 6 töflur á dag í tvær vikur samkvæmt ráðleggingum og eftir það 2 töflur á dag.

**Eftir 2-3 vikur fann ég greinilegan mun**
Já, það ótrúlega gerðist, ég fann greinilegan mun eftir 2-3 vikur á NutriLenk

Nú tæpu ári seinna er ég nánast verkjalaus og einnig eru verkir vegna slits í fingrum horfnir.

Ég tek nú inn 2 töflur af NutriLenk á dag og ég get sannarlega sagt að NutriLenk hefur gert kraftaverk fyrir mig.

Það að standa við afgreiðslu, ganga niður brekkur og stiga er ekki stórmál lengur ...

Ég horfi bjartsýn til framtíðar, NutriLenk er himnasending fyrir mig og frábært að það skuli vera hægt að bæta liðheilsuna með náttúrulegu efni segir Margrét að lokum.

## Hvað getur NutriLenk gert fyrir þig?

Með árunum rýrnar brjóskvefurinn sem veldur því að liðirnir slitna. Þetta er náttúrulegt ferli. Mjög margir finna fyrir miklum óþægindum þegar beinin byrja að núast saman, sérstaklega í stóru liðamótum eins og í mjöðmum, hryggjar-og hnjáliðum. Þess vegna er allt tilvinnandi að styrkja liðbrjóskið á náttúrulegan hátt.


Heilbrigður liður


Liður með slitnum brjóskvef

**Náttúrulegt byggingarefni fyrir liðbrjóskið**
NutriLenk inniheldur náttúrulegt byggingarefni fyrir brjóskvefinn og er mjög góður valkostur fyrir þá sem þjást af minnkuðu liðbrjóski. Unnið úr sérvöldum fiskibeinum úr hafinu sem hefur sýnt fram á að vera fyrsta flokks byggingarefni til að styðja við brjóskvefinn og viðhalda honum.

**Vara ársins!**
NutriLenk hefur hjálpað fjölmörgu fólki.
NutriLenk var valið heilsuvara ársins 2004 í Noregi.
NutriLenk er 100% náttúruleg vara sem er mjög gagnleg þeim sem þjást af brjóskvefsrýrnun.
Prófið sjálf-upplifðu breytinguna!

**NutriLenk er fáanlegt í flestum apótekum, heilsubúðum, Fræinu Fjarðarkaupum og stærri Hagkaupsverslunum.**







**Mikilvægt er að annast sig vel allt lífið.**
Mjög nauðsynlegt er að neyta góðs kalks með D-vítamíni fyrir beinin. KOLOS er t.d. góður kostur, öflugt D-vítamín með kalki. 1 glas af KOLOS inniheldur 180 töflur sem er 6 mánaða skammtur og á góðu verði.
**Umboðsaðili: Gengur vel ehf.,**

# útlit

✻ sæt í sumar




**NEGLURNAR Í LAG** Ef þér leiðist hvað naglalakkið endist illa og flagnar fljótt af nöglunum er Chip Skip frá OPI lausnin. Berðu eina umferð á áður en þú lakkar neglurnar með pínum uppáhaldslit og naglalakkið mun endast miklu lengur. Maintenance Nail Envy er önnur sniðug formúla frá OPI sem hentar þeim vel sem vilja viðhalda styrkleika naglanna svo þær brotni ekki við minnsta álag.



**Rökkvið** Hönnun Söru Berndsen verður meðal annars til sölu á síðunni.

Koma íslenskri hönnun á framfæri erlendis:

## Stofna sölusíðu

Við erum sex manna hópur sem höfum saman þróað þessa hugmynd í nokkurn tíma. Hugmyndin kviknaði hjá Einari Thor þegar hann velti fyrir sér hvað þyrfti til að íslenskir hönnuðir ættu auðveldara með að koma sér á framfæri á erlendum vettvangi, en Einar Thor er hönnuður og starfrækir fyrirtækið Thors Hammer wristbands," segir Supriya Sunneva Kolandavelu, almannatengill Icelandic-Collection.com.

„Markmið Icelandic-collection.com er að safna saman íslenskum hönnuðum og listamönnum og búa til kraftmikla sölusíðu fyrir erlendan markað. Í stað þess að kaupa vörur inn í heildsölu og eiga það á hættu að sitja uppi með stóran lager af vörum, þá höfum ákveðið að taka 15 prósent fyrir hverja selda vöru og er sú upphæð notuð til frekari markaðssetningar á vörum viðkomandi," segir Supriya. Hópur útskriftarnema í margmiðlunarhönnun við Copenhagen Technical Academy í Kaupmannahöfn vinnur nú að síðunni sem lokaverkefni og gefa allir vinnu sína. „Síðan verður opnuð formlega í maí og við erum komin með góðan hóp af hönnuðum, svo sem Emami, Volcano Design, Lykkjufall og Heba-clothing, en á síðunni verða bæði föt, skart og alls konar aukahlutir. Sölusíðan er ekki hugsuð sem gróðamaskína fyrir eigendur hennar heldur er markmið okkar að kynna íslenska hönnun fyrir heiminum og gera Ísland best í heimi enn og aftur. Við látum ekki kreppuna stoppa okkur í því og erum ákveðin í að gera síðuna að stærstu sölusíðu sinnar tegundar sem hefur komið frá Íslandi," segir Supriya. „Allar ábendingar um efnilega hönnuði sem hafa áhuga á að taka þátt í þessu spennandi verkefni með okkur eru vel þegnar á sales@icelandic-collection.com," *- ag*



**Flott** Vörur frá Volcano Design munu fást á sölusíðunni.



**Fjölbreytt** Hönnun Emami mun meðal annars fást á icelandic-collection.com



**Kæruleysislegt** Herdís segir kæruleysislegt útlit einkenna hártískuna í vor og sumar.

Það nýjasta í hártískunni í vor og sumar:

## FYRIRHAFNARLÍTIÐ OG KÆRULEYSISLEGT

Vinnandi kona í kreppunni þarf ekki að hafa mikið fyrir hárinu í vor og sumar," svarar Herdís Sigurðardóttir hárgreiðslumeistari spurð um hártískuna í vor og sumar. Herdís starfaði í Sassoon-hárakademíunni um árabil, en á og rekur nú hárgreiðslustofuna Sprey í Mosfellsbæ.

„Kærulaust viðmót er einkennandi fyrir vor- og sumarlínu Sassoon sem kom út í febrúar og heitir Blithe. Það er svolítið eins og þeir hafi séð hrunið fyrir langt á undan fólkinu í bönkunum því þeir hönnuðu línuna síðasta sumar og útlitið á að virka fyrirhafnarlítið," útskýrir Herdís sem mun sjá um hár og förðun fyrir Grease í Loftkastalanum í sumar, en fer til Parísar í haust þar sem henni hefur verið boðið að vinna á tískuvikunni þar í borg.

„Sassoon leitaði mikið í klassík eins og hönnuðina Calvin Klein og Donnu Karan fyrir sumarlínuna, en litir verða ekki áberandi heldur fallegir og hreinir og allar línur mjög hefðbundnar, hvort sem hárið er sítt eða stutt,". *- ag*



**Hefðbundið** Allar línur verða mjög hefðbundnar í vor og sumar að sögn Herdísar.

**Stutt** Herdís segir hefðbundnar línur og hreina liti verða vinsælt í vor og haust.





## Snyrtivörur úr Dauðahafinu í Pier

**Alternative care línan frá Sea Of Spa er byggð á vísindalegri blöndu náttúrulegra steinefna, A og B vítamína, jurta „extract" og ilmolía. Þessi blanda skapar fullkomið jafnvægi, verndar húðina gegn hverskyns umhverfisáhrifum og gefur hraustlegt útlit.**

**Black Pearl vörurnar sporna við öldrun húðarinnar og viðhalda teygjanleika hennar, en þær innihalda meðal annars steinefni og sjávarþang úr Dauðahafinu sem eru lykilatriði.**

**Alternative care og Black Pearl kremin og húðvörurnar henta öllum, ekki síst þeim sem fást við þurrk, exem eða önnur húðvandamál. Andlitskremin gefa mjög góðan raka og því er gott að nota þau undir farða. Kremin hafa verið ófáanleg um þó nokkurt skeið, en eru nýkomin aftur svo nú er um að gera að prófa gæðakrem á góðu verði í Pier.**




* Tilboðið er í eftirtöldum apótekum og gildir meðan birgðir endast: Lyfja Lágmúla, Laugarvegi, Smáralind, Smáratorgi, Spöng, Garðatorgi, Setbergi, Grindavík og Selfossi

LYFJA
- Lifið heil

# tíðin
✻ fríkar út

**STEFÁN HILMARSSON** Aðdáendum Stefáns býðst nú að sjá söngvarann í Salnum í Kópavogi. Stefán var valinn bæjarlistamaður Kópavogs fyrir tíu mánuðum. Á dagskrá verða meðal annars valin sólólög, Sálarlög og glænýtt efni. Ekki missa af flottum tónleikum klukkan 20.30 í kvöld.

**ETERINN** Þórir Sæmundsson deilir hugsunum sínum, sögum og vangaveltum um lífið, dauðann og lífið eftir dauðann á Smíðaverkstæði Þjóðleikhússins. Í sýningunni er mikil nánd við áhorfendur og notuð er áhrifamikil og nýstárleg margmiðlun hljóðs og mynda.

## KATHARINE GRAHAM

**Sigríður Mogensen fréttamaður**



„Ég var að klára að lesa sjálfsævisögu bandaríska blaðamannsins Katharine Graham, sem var eigandi og útgefandi dagblaðsins Washington Post í meira en tvo áratugi. Saga hennar hafði mikil áhrif á mig, hún var kona sem barðist áfram í bransa þar sem karlar fóru með völdin og gafst aldrei upp. Bókin skildi mikið eftir sig og veitti mér innblástur,“ segir Sigríður.

„Það eru líka ýmsar öflugar konur í íslensku viðskiptalífi sem ég ber virðingu fyrir og hafa haft áhrif á mig. Ragnhildur Geirsdóttir, forstjóri Promens, er gott dæmi um það. Ég hef hitt hana nokkrum sinnum. Hún er dúndurklár, og stýrir fyrirtækinu eins og herforingi.“

ÁHRIFAvaldurinn







TOPP 10





**VIÐEY** er einfaldlega fallegust.



**RÚSSNESKI VEGGURINN**



**KAFFIBOLLI** gjöf frá vinkonu minni.

## GUÐLAUG ELÍSABET ÓLAFSDÓTTIR

**leikkona**



**ROKK-KLOSSARNIR** Þó að rokkklossarnir séu uppáhaldsskótauið mitt á ég þá eiginlega ekki. hliðarsjálfið mitt keypti þá.

**TÓTA BJÓ LÍKA TIL ÞETTA RÚMTEPPI.** Þetta teppi er fallegasti gripurinn sem ég á.



**SONJA RYKIEL-TASKAN MÍN**



**BÆNABANDIÐ** bjó sonur minn til í fermingarfræðslunni og gaf mér að fermingunni lokinni. Ég man að ég fór að gráta.





**KAFFIKANNAN**

**ARMBAND** Þórunn Elísabet Sveinsdóttir gerði þetta armband handa mér fyrir mörgum árum og það er uppáhaldspuntið mitt.






**ICEWEAR flíkur fást á eftirtöldum stöðum:**

**REYKJAVÍK:**
**Handprjónasambandið,** Laugavegur 64
**The Viking,** Hafnarstræti 3
**The Viking,** Laugavegi 1
**Islandia,** Kringlan
**Icefin,** Nóatún 17

**UTAN REYKJAVÍKUR:**
**Bláa Lónið** - Verslun
**The Viking,** Hafnarstræti 104, Akureyri
**Gullfosskaffi,** Selfoss
**Geysir Shops,** Haukadal

hönnun: www.skissa.net

**Drífa ehf, Suðurhraun 12 C, 210 Garðabær, Sími 555 7400, Fax. 555 7401, icewear@icewear.is, www.icewear.is**



## KLINGENBERG SPÁIR

**Heiðrún Lind Marteinsdóttir lögfræðingur**



„Heiðrún Lind Marteinsdóttir lögfræðingur ef fædd 03.07.1979 sem hefur útkomuna 36 sem gera níu. Talan níu er ein besta talan að mínu mati í talnaspekinni og ef ég ætti að óska mér að vera einhver sérstök tala yrði níu fyrir valinu. Þeir sem eru það heppnir að hafa þessa tölu í kortinu sínu hafa þann hæfileika að geta lagað sig að öllum aðstæðum sem koma upp hverju sinni.

Níurnar eru sérstaklega val fallnar til þess að hugsa um, vernda og bjarga fólki og þar fer Heiðrún Lind fremst í flokki. Heiðrún er ábyrgðarfull par excellence og vinnuþjarkur mikill. Sá sem er undir hennar umsjón getur andað rólega og hver sá sem ræður hana í vinnu getur hvílt sig. Heiðrún er að fara á árstöluna 3 sem segir að hún á að taka meiri áhættu og vera eins sýnileg og mögulegt er því þá munu ótrúlegustu hlutir gerast í hennar lífi.

Ég get ekki betur séð en að næstu sautján mánuðir breyti gjörsamlega lífi Heiðrúnar en hún á eftir að vera mikið í umræðunni og taka afgerandi afstöðu til mikilvægra mála. Heiðrún hefur allt til að bera og er kvenljómi Íslands og langfærasti kvenlögfræðingur þessa lands. Karlmenn eiga eftir að dansa í kringum hana en mér sýnist að Heiðrún verði dálítið vandlát þetta árið svo það verða ekki margir sem smjúga inn um nálaraugað og að hjartastað heimasætunnar. Í framtíðinni sé ég Heiðrúnu búa á fallegum stað í Vesturbænum með tvö hress og kát börn og ljúfan, skemmtilegan og listfengan mann sér við hlið. Til hamingju Heiðrún Lind, þetta er hamingjulíf.



## FRÁBÆR FÖSTUDAGUR

**Kolbrún Björnsdóttir útvarpskona**



1 **Get leyft mér að sleppa næstum því öllum fréttum þann daginn, sem er afar hollt á þessum tímum.**



2 **Vissan um það að ég geti sofið út daginn eftir. Ofboðslega notalegt að vakna ekki við vekjaraklukkuna þó svo ég sofi aldrei lengi.**



3 **Vissan um að geta farið seint að sofa án samviskubits. Samviskubitið gerir það að verkum að ég er lengur að sofna.**



4 **Ég fæ yfirleitt uppáhaldspitsuna mína á föstudögum, gerða í eldhúsinu af Árna mínum.**

5 **Ég fer yfirleitt skellihlæjandi úr útsendingu á föstudagsmorgnum eftir fíflaskap með strákunum. Það er magnað hvað það að hlæja kallar fram góðar tilfinningar.**










## Ýmislegt




Lampar með stækkunargleri í úrvali. Tómstundahúsið, Nethyl 2, sími 587 0600, www.tomstundahusid.is

## HEILSA

### Heilsuvörur

HERBALIFE VEFVERSLUN Snögg og góð þjónusta! www.betriheilsa.is




Betri lífsstíll aukin orka með Herbalife. Reynsla í heilsuráðgjöf. Kaupauki/prufur. www.rkb.heilsuskyrsla.is Rannveig iðjuþjálfi/einkaþj. s. 862 5920.

Árangur með Herbalife í 29 ár. Pantaðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019 & 868 4876.

### Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

### Nudd

**Nudd - Japanska baðið**
Skrúbb, heitur pottur, veitingar, detox og margt fl. (Ekki erótískt nudd). Opið frá kl. 12.00 og frameftir alla daga nema sunnud. Opið alla páskana. S. 823 8280.

**Exclusive tantra massage**
For men, women and couples. Tel. 698 8301 www.tantra-temple.com

Nudd nudd nudd heilnudd. Tilboð í dag. Uppl. í s. 616 6469.

### Snyrting




## SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

### Ökukennsla

Öku- og bifhjólakennsla. Kennslubifreið Mercedes Benz. Davíð S. Ólafsson. S. 893 7181.

## HEIMILIÐ

### Fatnaður

Buxnastyttingar og viðgerðir. Saumagallery Chaemsri Laugaveg 70 S. 552 1212.

### Dýrahald

**Regal**
**Super premium hundamatur**
1,8 kg 1.680
7,5 kg 4.480
15 kg 7.580
Dýrabær
Hlíðasmára 9
& Smáralind
www.regalpetfoods.com



**www.hundaheimur.is**
Gott úrval af hundafötum, hundabælum, búrum og sérvöru fyrir hundinn þinn á betra verði Hundaheimur Mosfellsbæ.

Fallegir kettlingar fást gefins. Uppl. í s. 823 8711.

Rottweiler hvolpar til sölu. Hreinræktaðir og ættbókafærðir. S. 662 3860.

## TÓMSTUNDIR & FERÐIR

### Gisting

Íbúðir í Barcelona, hagstætt verð. Menorca Mahon, Costa Brava, Playa De Aro. Reykjavík, sv. 101. Einnig langtímaleiga. Uppl. í s. 899 5863, www.helenjonsson.ws www.starplus.info,

## HÚSNÆÐI

### Húsnæði í boði

**Ný 4ra herb. íbúð í Hfj.**
**Örugg leiga. Þvottavél, þurrkari, ísskápur, uppþv.vél, gardínur og öll ljós fylgja með.**
**Upplýsingar í síma 7727553**

**www.leiguherbergi.is**

**Gistiheimili / Langtímaleiga /**

**Guesthouse long term rent.**
**Herb. til leigu. Eldh. baðh. internet, 10 sjónvarpsst., þvottah. Verð frá 35 þús. Dalshraun HFJ og frá 45 þús. Funahöfða RVK. Long term rent. Kitchen, bathroom, 10SAT TV, laundry room. Price from 35.000 ISK. Dalshraun HFJ & 45.000 ISK. Funahöfða RVK.**
**Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is**

**www.heimkynni.is**
**Til leigu 4ja herbergja íbúðir, lausar strax. Heimilistæki fylgja. Allar frekari upplýsingar á heimasíðu okkar www.heimkynni.is**




Til leigu 2ja herb. íbúð Vesturgötu Rvk. Leigist með ísskáp, þvottavél og fl. S. 861 0610.

Til leigu 50 fm stúdíóíbúð á jarðhæð við Grettisgötu. Verð 85 - 90 þúsund pr. mánuð. Uppl. í s. 899 1089.

2 herb. íbúð til leigu í Hamraborg Kóp. Leiga 85þ. Leigist frá 1 mai. Uppl. í s. 661 4832.

Til leigu 142fm 6 herb. eldra einbýli í Hfj. Leiguv. 160þ. Laus 1 júní. S. 861 2763.

Einbýlishús og fyrirtæki!!! Viltu búa úti á landi og reka eigið fyrirtæki? Til sölu stórt einbýli og fyrirtæki í góðum rekstri til greina koma skipti á góðri eign á höfuðborgarsvæðinu. Uppl. siffo2@gmail.com

Til leigu 3 herb. 107 fm. íbúð á holtinu í Hfj. Langtímaleiga, algjör reglusemi. Laus 1. maí. Uppl. í s. 699 7887 & 698 7999

Ný 120 fm glæsiíbúð í bryggjuhverfinu til leigu til lengri tíma, Laus strax. Tilboð óskast. Uppl. í s. 698 3521.

Herbergi til leigu/Room for rent í Reykjavik 104. Includet WC, kitchen and washing machine. Tel. 691 4858.

Nýuppgerð 20 fm stúdioíbúð, Dugguvogi. Þvottavél, þurrkari og internet fylgir. Laus. Leiga 59þ. S. 824 6692.

### Húsnæði óskast

Óska eftir studíó eða 2 herb. íbúð í Hfj. helst fyrir 25 apríl. Greiðslug. 40-80þ. S. 848 2598.

I am looking for 100m2 office, garage, store in Rkv Phone 8942145

## Verslun

**SÓFALIST - NETVERSLUN**
**mikið úrval af áklæðum á sófa og stóla**




www.sofalist.is
Sími 692 8022

## Skemmtanir

Hamraborg 11
200 Kópavogur
Cafe Catalina
S: 554-2166

**Í kvöld spilar hljómsveitin**
**Feðgarnir**
**Catalina**
Allir velkomnir
Snyrtilegur klæðnaður áskilin
Frítt inn

**Hádegismatur alla virka daga**
**Sérréttaseðill – Smáréttaseðill**
**Allar veitingar á vægu verði.**
**Hamborgaratilboð !**
**Útleigusalur**
**Boltatilboð**
Boltinn í beinni!

## Tilkynningar

**Reykjavíkurborg**
Skipulags- og byggingarsvið

# Auglýsing um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavík

**Í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, eru hér með auglýstar tillögur að breytingum á deiliskipulagi í Reykjavík.**

### Austurstræti 20, 22 og Lækjargata 2

Tillaga að breytingum á deiliskipulagi Pósthússtætisreits, 1.140.5, vegna lóðanna að Austurstræti 20 og 22 ásamt Lækjargötu 2. Í breytingum felst m.a. að lóðirnar Austurstræti 22 og Lækjargata 2 eru sameinaðar, kjallari stækkaður, „Nýja Bíó" hækkað og skilgreindur sérstaklega byggingareitur beggja vegna við „Landsréttarhús". Útfærsla kjallara undir eldri húsum verður í nánu samráði við Minjasafn Reykjavíkur og Húsafriðunarnefnd ríkisins.
Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna

### Blikastaðavegur 2-8

Tillaga að breytingu á skilmálum í deiliskipulagi fyrir Stekkjarbrekkur vegna lóðanna við Blikastaðaveg 2-8. Í breytingum felst að heimilt verði að vera með veitingastaði og afþreyingarstarfsemi í hluta húsnæðis.
Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna

### Landakot, Túngata 26

Tillaga að breytingu á deiliskipulagi fyrir Landakotsreit vegna lóðar Landakotsspítlaa að Túngötu 26. Í breytingunni felst m.a. að afmörkuð er staðsetning fyrir súrefniskút á baklóð spítala. Undirstaða er steynsteypt plata og læst girðing, 2,4m á hæð, umhverfis. Bílastæðum á lóð fjölgar um þrjú og núverandi stígur milli boltavallar og gámastæðis er fellt niður.
Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna

### Bíldshöfði 9

Tillaga að breytingu á deiliskipulagi fyrir Ártúnshöfða, iðnaðarsvæði, vegna lóðarinnar að Bíldshöfða 9. Í breytingunni felst m.a. að á miðlóðarhluta hækki hús um eina hæð, gert ráð fyrir byggingareit á fyrstu og annarri hæð til austurs, bílakjallara og bílaplani á annarri hæð vestan við húsið og að framangreindur hluti verði verslunar-, skrifstofu- og þjónustuhúsnæði. Á austurhluta lóðar er gert ráð fyrir tveggja hæða bílakjallara til að nýta hæðarmismun á lóð. Ofan á verði verslunar- og þjónustuhúsnæði á einni til tveimur hæðum og þar ofan á mest tvær hæðir fyrir atvinnustarfsemi. Gert verður ráð fyrir að hægt verði að tengja saman húsnæði á mið- og austurhluta lóðar. Aðkoma að byggingum verður frá Bíldshöfða og Dvergshöfða. Á vesturhluta lóðar er ekki gert ráð fyrir auknu byggingarmagni.
Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna

Tillögurnar liggja frammi í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að **Borgartúni 12-14**, 1. hæð, virka daga kl. 8:20 – 16:15, **frá 17. apríl 2009 til og með 3. júní 2009**. Einnig má sjá tillögurnar á heimasíðu sviðsins, ***www.skipbygg.is***. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillögurnar. **Ábendingum og athugasemdum við tillögurnar skal skila skriflega eða á netfangið *skipulag@rvk.is*, til skipulags- og byggingarsviðs eigi síðar en 3. júní 2009. Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti.** Þeir sem eigi gera athugasemdir innan tilskilins frests, teljast samþykkja tillögurnar.

Reykjavík, 17. apríl 2009
Skipulagsstjóri Reykjavíkur

BORGARTÚNI 12-14 - 105 REYKJAVÍK - SÍMI 411 1111 - MYNDSENDIR 411 3071

Auglýsingasími
512 5050
– Mest lesið

# Viltu krónu, manni?

**UMRÆÐAN**
Stefán Benediktsson skrifar um Evrópumál



STEFÁN BENEDIKTSSON

Kynþokki krónunnar er orðinn álíka mikill og ósoðins sláturs og því fær ekkert breytt. Samfélag okkar á ekki að þurfa að færa þær fórnir sem það kostar að vera með eigin mynt. Þessar fórnir munu verða enn meiri nú eftir að krónan hefur misst mannorðið. Afturbatapíkukrónur eiga aldrei eftir að freista nokkurs manns.

Undanfarið hefur bergmálað í eyrum okkar að innganga í Evrópusambandið og myntbandalag Evrópu sé engin lausn af því að hún geti ekki virkað nógu hratt, sé „ekki skyndilausn“. Ekki veit ég hvernig fólk sem talar svona lifir lífinu eða hefur samskipti. Hafnar það öllum lausnum, nema skyndilausnum? Pantar það aldrei flugmiða, leikhúsmiða eða steypu? Hefur það aldrei skapað nýja framtíð, verið á leiðinni í leikhús, ferðalag eða steypuvinnu, í stað þess að gera ekki neitt? Skyndilausnir eiga við í matargerð en ekki til að reka samfélag. „Viltu krónu, manni?“ eða „viltu evru, manni?“ Menn eiga ekki erfitt að velja í dag og mér segir svo hugur að fáir sjái fram á að þeir velji einhvern tíma krónu fram yfir evru. Kannski finnast svo þjóðhollir menn í dag að þeir taki frekar krónuna en jafnvel þeir hljóta að gera sér grein fyrir því að öngvir munu vilja skipta á henni og evru nema á undirmálsverði því það er krónan orðin; undirmálsgjaldmiðill. Við munum aldrei aftur geta sagt „viltu jöklabréf manni“ því krónan mun aldrei öðlast traust aftur í alþjóðaviðskiptum. Hún getur styrkst en hún verður alltaf lögð í einelti á einn veg eða annan. Hún verður alltaf veikburða leiksoppur, keypt eða seld eftir því hvernig gengið er þennan eða hinn daginn. Hún mun bara viðhalda óstöðugleika. Viljum við ekki búa við lægra verðlag, hærri laun, lægri skatta, lægri vexti og hærra þjónustustig en við búum við núna? Að ég tali nú ekki um líf án verðbólgu. Á fjölskylda okkar það ekki skilið að geta notað laun sín án þess að verðbólga skerði þau um 25%? Þá er ég ekki farinn að minnast á verðtrygginguna.

Innan fárra daga kjósum við milli flokka sem vilja krónu með háum vöxtum og verðlagi ásamt lágum launum, lágu þjónustustigi, verðbólgu, gjaldeyrishöftum og þeirri afsiðun sem því fylgir eða þeirra sem vilja vera aðili Evrópusambandinu, nota evru, búa á einu verðlags- og þjónustusvæði án hafta í samstarfi við ríki sem hafa gert það að markmiði sínu að auka jöfnuð í sínum heimshluta í þágu friðar. Það gleymist of oft að ESB eru 500 milljón manna friðarsamtök. Kæru stjórnmálamenn! Ekki eyða tímanum í að telja okkur trú um að krónan sé okkar framtíðargjaldmiðill. Ekki eyða tímanum í að telja okkur trú um að Seðlabanki Íslands sé betri vörn gegn sveiflum á peningamarkaði en Seðlabanki Evrópu. Ekki eyða tímanum í að telja okkur trú um að íslenskt lýðræði sé betra en evrópskt lýðræði. Fréttirnar segja okkur allt annað. Ekki gera ekki neitt.

*Höfundur er arkitekt.*


Eirberg



Ný sending af sundfatnaði komin

www.eirberg.is • 569 3100
Stórhöfða 25

Hjálpaðu umhverfinu með Blaðberanum

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 8-17.

Blaðberinn...



...góðar fréttir fyrir umhverfið

vísir.is
„...ég sá það á vísi“

Prisma



Gagnrýni

Sköpun

Umbreyting

Prisma er nýtt diplómanám sem Listaháskóli Íslands og Háskólinn á Bifröst hafa skipulagt í samvinnu við Reykjavíkur Akademíuna.

Í Prisma sameinast skólarnir um fjölbreytt nám sem byggir á skapandi og gagnrýninni hugsun og nýtir sér aðferðafræði lista og heimspeki.

Nánari upplýsingar á vefjunum www.lhi.is og www.bifrost.is

HÁSKÓLINN Á BIFRÖST

LISTAHÁSKÓLI ÍSLANDS

Umsóknarfrestur til 17. apríl 2009



# 80 ára afmæli

Laugardaginn 18. apríl verður

**Sigrún Sturludóttir**

Árskógum 6 í Reykjavík, 80 ára.

Sigrún og eiginmaður hennar Þórhallur Halldórsson eiga einnig 60 ára brúðkaupsafmæli. Af því tilefni bjóða þau hjónin ættingjum og vinum að samgleðjast með þeim og fjölskyldunni í safnaðarheimili Bústaðakirkju kl. 14.00 þann dag.

---



†

*Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð, vináttu og hlýhug við andlát og útför eiginmanns, föður, bróður, afa og langafa,*

**Sveins Snjólfs Þórðarsonar**

frá Skógum í Mjóafirði.

Sérstakar þakkir til starfsfólks hjúkrunarheimilisins og sjúkrahúss Fjórðungssjúkrahússins í Neskaupstað.

**Ólöf Ólafsdóttir**
**Björgvin Sveinson** **Rósa Benediktsdóttir**
**Þórður Sveinsson** **Karen Kjartansdóttir**
**Heiðar Sveinsson**
**Auður Sveinsdóttir** **Þorgils Arason**
**Sigurður Sveinsson** **Brynhildur Sigurðardóttir**
**Sjöfn Magnúsdóttir** **Magnús Herjólfsson**
**bræður, systur, barnabörn og barnabarnabörn.**

---



†

*Útför móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,*

**Guðfinnu P. Hinriksdóttur**

frá Flateyri, Litlu Grund, Reykjavík,

sem andaðist þann 8. apríl sl. á Elli- og hjúkrunarheimilinu Grund, verður í Grafarvogskirkju mánudaginn 20. apríl nk. og hefst kl. 15.00.

**Guðrún Greipsdóttir** **Sigurður Lárusson**
**Hinrik Greipsson** **Ásta Edda Jónsdóttir**
**Eiríkur Finnur Greipsson** **Guðlaug Auðunsdóttir**
**Guðbjartur Kristján Greipsson** **Svanhildur Bára Jónsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



†

*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Ingibergur V. Jensen**

bifvélavirkjameistari, Hraunbæ 88, Reykjavík,

verður jarðsunginn frá Fossvogskirkju mánudaginn 20. apríl kl. 13.00 Blóm og kransar eru vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á Félag langveikra barna.

**Alda Jónsdóttir**
**Marteinn Jensen** **Petrica Ardalic**
**Steinar Á. Jensen** **Hólmfríður Geirsdóttir**
**Unnur Inga Jensen** **Alfred George Wilmot**
**Valgerður Hafdís Jensen** **Hákon V. Uzureau**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



†

*Innilegar þakkir til allra þeirra sem auðsýndu okkur hlýhug og vináttu við andlát og útför eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður og afa,*

**Gunnlaugs Garðars Bragasonar**

Stillholti 19, Akranesi.

Sérstakar þakkir til starfsfólks A-deildar Sjúkrahúss Akraness fyrir einstaka umönnun og hlýhug í veikindum hans.

**Ásdís Magnúsdóttir.**
**Helga Ragnheiður Gunnlaugsdóttir** **Gunnar Larsen**
**Magnús Bragi Gunnlaugsson** **Margrét Ýr Valgarðsdóttir**
**Gautur Garðar Gunnlaugsson** **Sigríður Ása Sigurðardóttir**
**Jóhann Bjarki Gunnlaugsson**
**og afabörn.**

---

**BENJAMIN FRANKLIN STJÓRNMÁLAMAÐUR ANDAÐIST ÞENNAN DAG ÁRIÐ 1790.**

*„Sveitamaður meðal tveggja lögfræðinga er eins og fiskur milli tveggja katta.“*

***Benjamin Franklin var boðberi nýrrar hugsunar í vísindum og einn af leiðtogum uppreisnarmanna í bandaríska frelsisstríðinu.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

## ÞETTA GERÐIST: 17. APRÍL 1980

# Borgarfjarðarbrú í notkun



Ekið var yfir Borgarfjarðarbrú í fyrsta skipti þennan dag árið 1980 og var hún þá tekin óformlega í notkun þó svo að vígsla hennar drægist um rúmlega eitt ár, til 13. september 1981. Brúin er 520 metrar og var sú næstlengsta á landinu á eftir Skeiðarárbrú.

Með Borgarfjarðarbrúnni styttist leiðin milli Akraness og Borgarness um 31 kílómetra; úr 69 kílómetrum í 38. Leiðin milli Reykjavíkur og Norðurlands styttist mun minna, eða um ellefu kílómetra.

Framkvæmdir við vegagerð og brú yfir Borgarfjörðinn stóðu í sjö ár. Yfirsmiður við brúna var Eiríkur Jónas Gíslason, sá hinn sami og stjórnaði brúarsmíði á Skeiðarársandi nokkrum árum áður og þar áður við Jökulsá á Breiðamerkursandi. Með tilkomu Borgarfjarðarbrúar minnkaði umferð stórlega um Hvítárbrú við Ferjukot, og Hyrnan og Skeljungsskálinn í Borgarnesi tóku við hlutverki vegasjoppunnar í Ferjukoti.

## AFMÆLI



**BETA EINARSDÓTTIR** prestsfrú er 86 ára.



**SÉRA JAKOB ÁGÚST HJÁLMARSSON** er 62 ára í dag.

---



†

*Ástkær faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Sverrir Lúthersson**

Hellisgötu 16, Hafnarfirði,

verður jarðsunginn frá Víðistaðakirkju mánudaginn 20. apríl kl. 13.00.

**Grétar Sverrisson**
**Reynir Sverrisson**
**Sigurður Sverrisson**
**Garðar Hreinsson**
**Katrín Johannesen**
**og barnabörn.**

---



†

*Ástkær eiginkona mín, dóttir, móðir, tengdamóðir og amma,*

**Jóhanna Katrín Björnsdóttir**

Hlynsölum 5, Kópavogi,

lést í Sjálfsbjargarhúsinu Hátúni 12 að morgni dags 14. apríl.

**Oddur Jónas Eggertsson**
**Steinunn Lilja Jónasdóttir**
**Geirlaug Dröfn Oddsdóttir** **Helgi Magnússon**
**Jónas Þór Oddsson** **Lilja Guðríður Karlsdóttir**
**Atli Már Oddsson** **Maila Oen Hellesöy**
**Ari Freyr Oddsson** **Ástrós Eiðsdóttir**
**Arna Dögg, Helena Ýr, Magni Snær og Sunna Katrín.**

---



†

*Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og vinarhug við andlát og útför eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, bróður, mágs, afa og langafa,*

**Ragnars Heiðars Sigtryggssonar**

Gógó, Kjarnagötu 14, Akureyri.

Sérstakar þakkir til starfsfólks Heimahlynningar á Akureyri fyrir kærleiksríka umönnun.

**Sonja Gunnarsdóttir**
**Guðrún Friðjónsdóttir** **Aðalsteinn Árnason**
**Gunnar Jónsson** **Sigrún Gunnarsdóttir**
**Ragnheiður Ragnarsdóttir** **Auðun Benediktsson**
**Sigtryggur Ragnarsson**
**Kamilla Ragnarsdóttir** **Ragnar Björnsson**
**Hermann Lýður Ragnarsson** **Elín Ragnarsdóttir**
**Borgar Ragnarsson**
**Sigurður R. Ragnarsson** **Bjarney Jóný Bergsdóttir**
**Arna Ragnarsdóttir**
**Anna Ragnarsdóttir** **Guðmundur Sigurðsson**
**Hermann Sigtryggsson** **Rebekka Guðmann**
**afa og langafabörn.**

---



**KAUPMAÐURINN Á HORNINU** „Auðvitað er enginn leikur að reka búð í kreppunni því fólk heldur í aurinn,“ segir Eysteinn Sigurðsson verslunarmaður í Sunnubúðinni. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## EYSTEINN SIGURÐSSON: KEYPTI SUNNUBÚÐ

# Sinnir sínu búi

Eysteinn Sigurðsson lætur ekki efnahagsörðugleika í landinu draga úr sér kjark heldur hefur fest kaup á Sunnubúðinni í Mávahlíð og fyllt hana af ferskum og ilmandi matvörum. Hann kveðst bjartsýnn á að með elju og vinnusemi takist honum að reka hana. „Til að halda svona verslun gangandi er nauðsyn að vera með athyglina vakandi allan sólarhringinn, eins og bóndi sem sinnir sínu búi vel og gengur í öll störf,“ segir Eysteinn, sem er búfræðingur frá Hvanneyri og dreymdi á tímabili um að setjast að í sveit.

Ekki kveðst Eysteinn vera af verslunarmönnum kominn. Hann viti þó um einn í ættinni. „Afabróðir minn, Steingrímur Sigurðsson, rak litla búð á Höfn í Hornafirði í áratugi. Hún er enn við lýði og ber hans nafn,“ upplýsir hann og kveðst sjálfur hafa fengið bakteríuna ungur. „Ég byrjaði nítján ára sem utanbúðarmaður hjá Kaupfélagi Langnesinga á Þórshöfn og varð verslunarstjóri fljótlega eftir það. Það var ekki einfalt mál að kaupa inn í þannig verslun og sinna öllum þörfum fólks í matvöru og klæðnaði en það var skemmtilegt,“ segir hann brosandi.

Eysteinn ólst upp á Seltjarnarnesi. Flutti norður um miðjan áttunda áratuginn og kom til baka 1990. „Þá fór ég að vinna hjá Búvörudeild Sambandsins sem fjárreiðustjóri en féll ekki að vera á skrifstofu allan daginn. Því sagði ég já þegar Björn Ingimarsson bað mig að vera verslunarstjóra í 11/11 á Grensásvegi sem hann var að opna. Það er svakalegasta vinna sem ég hef tekið að mér. Þetta var fyrsta klukkubúðin í Reykjavík sem var opin eftir klukkan sex og það var biðröð út á götu á kvöldin.“

Eftir nokkur ár hjá Kaupási eignaðist Eysteinn eigin verslun, Krambúðina við Skólavörðustíg, og átti hana þar til fyrir tveimur árum. Fór þá til Europris. „Það var góð reynsla en ég þrífst ekki í stórum mörkuðum. Þeir eru svo ópersónulegir,“ segir hann.

Það eru einmitt mannlegu samskiptin sem Eysteinn telur mest gefandi í hverfisverslun eins og Sunnubúð. „Ég hef fengið góðar móttökur hér,“ segir hann. „Auðvitað er engin leikur að reka búð í kreppu því fólk heldur í aurinn. En verðlagið er mun lægra hjá mér en í klukkubúðunum og sumt er ódýrara en í Hagkaupum og Nóatúni.“

Sunnubúðin á sér 58 ára sögu og er því ein af rótgrónum kaupmannsbúðum borgarinnar. Eysteinn er fjórði eigandinn. Stofnandinn Óskar Jóhannsson rak hana frá 1951 til 1982 og á því tímabili störfuðu hjá honum sendlar sem síðar urðu þjóðkunnir menn; Pétur Sveinbjarnarson, Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, Friðrik Sophusson og Davíð Oddsson.

Sunnubúðin er opin frá 10 til 20. Eysteinn kveðst vona að íbúar í Hlíðunum kunni að meta þjónustuna og versli í heimabyggð. „Það er óþarfi að hendast eitthvað þegar menn fá vöruna við dyrastafinn,“ bendir hann á. **gun@frettabladid.is**

---



†

*Faðir okkar,*

**Þórður Snæbjörnsson**

Dvalarheimilinu Hlíð,

áður til heimilis að Stafholti 14, Akureyri, lést að morgni páskadags 12 . apríl sl.

**Börnin.**


FERMINGAGJAFIR
ALLTAF BETRA VERÐ
acer
FARTÖLVA 15.6"
TOSHIBA FARTÖLVA
Toshiba Satellite PRO S300-100
1.8GHz Intel Core 2 Duo T5670 örgjörvi • 2GB DDR2 800MHz vinnsluminni • 120GB harðdiskur • 8xDVD±RW Dual Layer skrifari • 15.4" WXGA breiðskjár • Intel Graphics Media Accelerator X4500 skjákort • 3G mótald • Windows Vista Business ásamt XP Pro.
129.990
Acer 5738G-644G32MN
2.0GHz Intel Core 2 Duo T6400 örgjörvi • 4GB DDR3 1066MHz minni • 320GB SATA harðdiskur • 15.6" WideScreen WXGA LED CrystalBrite skjár með 1366x768 punkta upplausn • 512MB DDR2 Geforce G 105M GS skjákort • Þráðlaust netkort • Acer Orbicam 0.3MP myndavél í skjá • Windows Vista Home Premium
169.990
acer 16:9
23.6" LCD SKJÁR
Acer V243HQBD
23.6" LCD breiðtjaldsskjár með 1920x1080 punkta upplausn, 40.000:1 í dínamískri skerpu og 5ms svartíma. VGA og DVI tengi.
49.990
MSI
LEIKJASKJÁKORT
MSI GeForce N260GTX
Glæný útgáfa af þessu öfluga skjákorti með nýja 216 kjarnanum og 896MB minni sem skilar hrikalegum afköstum. Þetta er fyrir kröfuharða leikjaspilara.
37.990
Logitech
HÁTALARAKERFI
Logitech X-530
Ótrúlega magnað hátalarakerfi með 140w RMS hátölurum og stóru bassaboxi. Flott kerfi fyrir leikjatölvur og tölvuleiki.
19.990
Logitech
LASERMÚS
Logitech G5
Laser mús með stillanlegri þyngd, allt að 6.4 Mp viðbragðstíma á sek., 400 til 2000 punkta stillingum í upplausn og vistanlegum stillingum í músinni, USB ofl.
9.990
Logitech
KJÖLTUSTANDUR
Logitech Comfort
Kjöltustandur fyrir fartölvur sem verndar líkamann fyrir hita. Veitir stuðning og verndar háls og bak gagnvart rangri líkamsbeitingu. Fyrir allt að 17" tölvur.
7.990
Logitech
VEFMYNDAVÉL
Logitech QuickCam E3500
Vefmyndavél með 1,3 miljóna punkta upplausn, hljóðnema og Rightlight/Rightsound tækni.
5.990
PHILIPS
HEYRNARTÓL
Philips SHP2000
Létt og þægileg heyrnatól hönnuð með langa samfellda notkun í huga. Lokuð og falla vel að eyrum.
3.690
TÖLVULISTINN
TL.IS
www.tolvulistinn.is
REYKJAVÍK • AKUREYRI • EGILSSTAÐIR • KEFLAVÍK • SELFOSS • HAFNARFJÖRÐUR
NÓATÚNI 17 S: 414 1700
STRANDGÖTU 9 S: 414 1730
MIÐVANGI 2-4 S: 414 1735
HAFNARGÖTU 90 S: 414 1740
AUSTURVEGI 34 S: 414 1745
REYKJAVÍKURVEGI 66 S: 414 1750

# Helgarblað

FRÉTTABLAÐIÐ



alla laugardaga

**Helgarblaðið:**

Fóbíur leynast víða
– fólk með fóbíur segir frá.

Sigrún Ósk Kristjánsdóttir sjónvarpskona og Andrés Jónsson ofurbloggari ræða hústökur og örlög hreindýrskálfs.



**Heimili og hönnun:**

Æðstu verðlaun arkitekta. Peter Zumthor hlýtur Pritzker-verðlaunin.



**Menning:**

Bjarni Haukur Þórisson um uppsetningu á söngleiknum Grease og leikhúsið í Loftkastalanum.

Allt sem þú þarft







NOKKUR ORÐ
Kjartan Guðmundsson

# Puta madre, feliz navidad



Aðeins 130 milljónir voru það víst sem borgaryfirvöld spreðuðu í þrif á veggjakroti á síðasta ári. Hávísindaleg úttekt hlutlauss sérfræðings (mín) bendir til að um 129 af þessum millum hafi verið vel varið í að losa umhverfið við forljótt krass sem gleður ekki nokkurn lifandi mann, nema þá helst hyskið sem ber ábyrgð á því. Auðvitað er óþolandi að húsveggir heiðarlegs fólks séu vettvangur misvitrurra pjakka til að lýsa yfir frati á þjóðfélagið. Fattar þetta lið ekki að internetið var fundið upp einmitt til þess arna?

Þó eru undantekningar til. Vel heppnað veggjakrot getur til dæmis verið bráðfyndið eða vakið til umhugsunar, nema hvort tveggja sé. Nokkur fín dæmi voru tekin saman í bókinni „Veggjakrot og annar vísidómur“ sem kom út fyrir rúmlega tveimur áratugum. Eftirminnileg eru til að mynda *Mér hefur aldrei tekist að klára neitt en núna skal það ta*, *Rauðhetta litla er rússnesk getnaðarvörn* og *Eina von Íslands er Suðurlandsskjálftinn*. Mikið held ég að efnið sem safnaðist í slíka bók yrði fátæklegt í Reykjavík árið 2009.

Svo eru það óvæntu krotin sem geta komið manni gjörsamlega í opna skjöldu. Þegar ég átti leið um Barcelona í lest fyrir nokkrum árum blöstu við mér reiðileg skilaboð á veggjum hvert sem litið var, eins og *Puta madre*, *Aznar cabron*, *España va bien y una mierda* og *Me cago en dios*, sem verða ekki þýdd hér. Við hlið risavaxinnar áletrunar Hells Angels-klíkunnar, með viðeigandi hauskúpum og eldlogum, hafði einhver glaðlynd sál spreyjað af hjartans lyst: *Merry Christmas!* Á þessum tímapunkti uppgötvaði ég endanlega að ósköp lítið þyrfti til að gleðja mig.

## myndasögur

**Pondus** — Eftir Frode Øverli




**Gelgjan** — Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Handan við hornið** — Eftir Tony Lopes




**Kjölturakkar** — Eftir Patrick McDonnell




**Barnalán** — Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# SAGA UM HUGREKKI, MANNGÆSKU, GLEÐI OG ÁST EN EINNIG ÓTTA OG ÓSKILJANLEGA GRIMMD

## ÓTRÚLEG SAGA ÞAR SEM DAUÐINN ER SÖGUMAÐUR

„Á skilið að fá sess við hliðina
á *Dagbók Önnu Frank*.
Bók sem á eftir að verða klassísk.“
*USA Today*

„Hrífandi og hárbeitt.“
*Washington Post*

„Ótrúlega yfirgripsmikil saga,
meistaralega sögð.“
*Guardian*

„Einstæð saga sem
endurómar af fegurð og reiði.“
*Sunday Telegraph*




**KOMIN Í KILJU**

**Yfir 80 vikur á metsölulista New York Times**

„Gífurlega metnaðarfull og snjöll.“
*New York Times*

JPV ÚTGÁFA
www.forlagid.is

# Yrsu hrósað í Independent

**Sér grefur gröf eftir Yrsu Sigurðardóttur er hrósað í hástert í breska stórblaðinu The Independent. Söguþráðurinn er sagður ákaflega spennandi og lýsingar Yrsu á íslensku landslagi einstakar.**

„Ekki hefur allt á Íslandi hrunið," eru upphafsorð gagnrýnanda The Independent, Jane Jakeman, um bók Yrsu Sigurðardóttur. „Glæpasagnalistin blómstrar eins og þessi „kuldalegi" tryllir sannar," heldur Jakeman áfram en bætir við að í bakgrunni bókarinnar megi þó greina að rithöfundinum þyki eitthvað rotið í efnahagnum. Þetta er á pari við það sem aðrir bókmenntavefir hafa haldið fram um íslenska glæpasagnahöfunda en í nýlegri grein sem birtist á vefnum Library Journal spáðu nokkrir bandarískir bóksalar að glæpasögur frá Norðurlöndum ættu eftir að halda velgengni sinni áfram. Voru Yrsa og Arnaldur Indriðason þar sérstaklega nefnd á nafn ásamt sænska risanum Stieg Larsson.

Sér grefur gröf er önnur bók Yrsu sem þýdd er yfir á ensku af Bernard heitnum Scudder, sem virðist hafa verið lykillinn að velgengni íslenskra glæpasagna í Bretlandi því hann þýddi einnig bækur Arnaldar Indriðasonar og var hrósað í hástert fyrir verk sín. Jakeman fer yfir söguþráð bókarinnar og virðist ákaflega hrifin af því sem hún les. Hún segir að bókin fari með lesandann í ferðalag um fortíð Íslands sem sé harðneskjuleg en ekki jafn fjarlæg og aðalpersóna bókarinnar, lögfræðingurinn Þóra Guðmundsdóttir, haldi í fyrstu. Þá hrósar Jakeman lýsingum Yrsu á landslagi Íslands, sem sé sérstakt og segir að söguþráðurinn sé frumlegur.

freyrgigja@frettabladid.is



**FÆR FRÁBÆRA DÓMA** Yrsa Sigurðardóttir fær frábæra dóma fyrir bók sína Sér grefur gröf en dómur um bókina birtist í breska stórblaðinu The Independent.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Föstudagur 17. apríl 2009**

### Kvikmyndir

**Bíódagar Græna ljóssins** í Háskólabíói hefjast í dag. Nánari upplýsingar og dagskrá á www.graenaljosid.is og www.midi.is.

### Síðustu forvöð



**Ásgerður Ólafsdóttir** sýnir olíuverk í Listasal Iðu við Lækjargötu en sýningu lýkur á sunnudag. Sýningin er opin alla daga kl. 9-22.

### Leiklist

**19.00 Nemendur í þýsku í HÍ** sýna leikritið **„Top Dogs"** eftir **Urs Widmer** í Norræna húsinu við Sturlugötu. Leikritið fer fram á þýsku.

### Töfrabrögð



**20.00 Hið Íslenska töframannagildi** verður með sýningu í Iðnó við Vonarstræti þar sem fram koma Töframennirnir **Bjarni** og **Gregory Wilson**.

### Sýningar

í **Listasafninu á Akureyri** við Kaupþingsstræti stendur yfir samsýning fimm málara, **Laufeyjar Johansen**, **Maju Siska**, **Örna Gnár Gunnarsdóttur**, **Önnu Jóelsdóttir** og **Guðnýjar Kristmannsdóttur**. Listasafnið er opið alla daga frá kl. 12-17. Aðgangur ókeypis.

Í **Listasafni ASÍ** við Freyjugötu 41, standa yfir sýningar á verkum **Bjargeyjar Ólafsdóttur** og japönsku listakonunnar **Keiko Kurita**. Opið alla daga kl. 13-17 nema mánudaga. Aðgangur ókeypis.

**Hallgrímur Arnarson** hefur opnað sýningu á Thorvaldsen Bar við Austurstræti 8-10. Opið alla daga frá 11.30-22.

### Fyrirlestrar

**12.15 Málstofa um skaðabótaábyrgð barna** verður haldin í Lögbergi, stofu 101 við Sæmundargötu 8. Allir velkomnir.

### Tónleikar

**17.00 Animal Hospital** spilar lágstemmda tilraunatónlist á tónleikum í 12 Tónum við Skólavörðustíg 15.

**20.00 Sálumessa (Requiem)** eftir **Karl Jenkins** verður flutt í Lindakirkju við Uppsali í Kópavogi. Um 170 manns taka þátt í flutningnum frá **Samkór Kópavogs, Skólakór Kársness** og **Strengjasveit Tónlistarskóla Kópavogs**.



**21.30 Hvanndalsbræður** og **Ljótu Hálfvitarnir** spila á tónlistarhátíðinni **„Stundum fór ég norður"** á Café Rosenberg við Klapparstíg.

**22.00** Blúshljómsveitin **Sigurlaug** verður á Sódómu Reykjavík við Tryggvagötu.

**22.00 B.Sig** verða á Græna hattinum við Hafnarstræti á Akureyri. Húsið opnað kl. 21.

**22.30 Sprengjuhöllin** og **Sin Fang Bous** verða á Grand Rokk við Smiðjustíg 6. Húsið opnað kl. 22.

**22.30** Upphitun fyrir hljómsveitakeppnina **„Wacken Metal Battle"** verður á Dillon Sportbar við Trönuhraun 10 í Hafnarfirðinum. Fram koma hljómsveitirnar **Carpe Noctem**, **In Siren**, **Munnriður**, **Agent Fresco** og **Changer**. Húsið opnar kl. 21.30.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is**





ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

Sími 551 1200 / midasala@leikhusid.is / www.leikhusid.is



**Kardemommubærinn** (Stóra sviðið)

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Lau 18/4 kl. 14:00 | U | Sun 3/5 kl. 14:00 | U | Sun 24/5 kl. 14:00 | U |
| Lau 18/4 kl. 17:00 | U | Sun 3/5 kl. 17:00 | U | Þri 26/5 kl. 18:00 | U |
| Sun 19/4 kl. 14:00 | U | Þri 5/5 kl. 18:00 | U | Mið 27/5 kl. 18:00 | U |
| Sun 19/4 kl. 17:00 | U | Sun 10/5 kl. 14:00 | U | Fös 29/5 kl. 18:00 | U |
| Lau 25/4 kl. 14:00 | U | Sun 10/5 kl. 17:00 | U | Lau 30/5 kl. 14:00 | U |
| Lau 25/4 kl. 17:00 | U | Lau 16/5 kl. 14:00 | U | Lau 30/5 kl. 17:00 | U |
| Sun 26/4 kl. 14:00 | U | Lau 16/5 kl. 17:00 | U | Fim 4/6 kl. 18:00 | Ö |
| Sun 26/4 kl. 17:00 | U | Sun 17/5 kl. 14:00 | U | Fös 5/6 kl. 18:00 | Ö |
| Þri 28/4 kl. 18:00 aukas. | U | Sun 17/5 kl. 17:00 | U | Lau 6/6 kl. 14:00 | U |

Ósóttar pantanir seldar þremur dögum fyrir sýningu

**Hart í bak** (Stóra sviðið)

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Fim 23/4 kl. 20:00 | Ö | Lau 9/5 kl. 20:00 | Ö | | |
| Lau 2/5 kl. 20:00 | Ö | Fös 15/5 kl. 20:00 | Ö | | |
| Fös 8/5 kl. 20:00 | Ö | | | | |

Sýningum lýkur 15. maí. Tryggðu þér sæti

**Þrettándakvöld** (Stóra sviðið)

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Fim 16/4 kl. 20:00 7.sýn. | U | Þri 21/4 kl. 20:00 | U | | |
| Fös 17/4 kl. 20:00 8.sýn. | | Fös 24/4 kl. 20:00 síðasta sýn. | | | |

Í samstarfi við Nemendaleikhús Listaháskóla Íslands

**Sædýrasafnið** (Kassinn)

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Fös 17/4 kl. 21:00 | U | Lau 25/4 kl. 21:00 | | | |
| Lau 18/4 kl. 21:00 | | Sun 3/5 kl. 21:00 | | | |
| Fös 24/4 kl. 21:00 | Ö | | | | |

Ath. snarpt sýningatímabil

**Skoppa og Skrítla í söng-leik** (Kúlan)

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Lau 18/4 kl. 13:00 | Ö | Lau 25/4 kl. 14:30 | Ö | Lau 9/5 kl. 13:00 | Ö |
| Lau 18/4 kl. 14:30 | U | Lau 2/5 kl. 13:00 | Ö | Lau 9/5 kl. 14:30 | |
| Lau 25/4 kl. 13:00 | Ö | Lau 2/5 kl. 14:30 | | | |

Örfáar aukasýningar með bestu vinkonum barnanna

**Eterinn** (Smíðaverkstæðið)

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Fim 16/4 kl. 21:00 | Ö | Fös 24/4 kl. 21:00 | | | |
| Fös 17/4 kl. 21:00 | | Lau 25/4 kl. 21:00 | | | |

Miðaverð aðeins 2.000 kr. Sýningum að ljúka.












# Allt að seljast upp!

**Aðeins sýnt í maí, tryggið ykkur miða í tíma.**

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Lau 02.05 | Kl. 20:00 | UPPSELT | Fim 14.05 | Kl. 20:00 | UPPSELT |
| Sun 03.05 | Kl. 20:00 | UPPSELT | Fös 15.05 | Kl. 19:00 | |
| Mið 06.05 | Kl. 20:00 | UPPSELT | Lau 16.05 | Kl. 16:00 | UPPSELT |
| Fim 07.05 | Kl. 20:00 | Ö | Sun 17.05 | Kl. 19:00 | |
| Fös 08.05 | Kl. 19:00 | UPPSELT | Mið 20.05 | Kl. 19:00 | UPPSELT |
| Lau 09.05 | Kl. 19:00 | | Fim 21.05 | Kl. 20:00 | |
| Lau 09.05 | Kl. 22:00 | UPPSELT | Mið 27.05 | Kl. 20:00 | UPPSELT |
| Sun 10.05 | Kl. 20:00 | UPPSELT | Fim 28.05 | Kl. 20:00 | UPPSELT |
| Mið 13.05 | Kl. 20:00 | UPPSELT | Fös 29.05 | Kl. 19:00 | |





**Gríman 2008:** Karlleikari ársins og besta tónlistin

Sett upp í samstarfi við:

LEIKFÉLAG AKUREYRAR

Síminn

Miðasala er í síma **568 8000**
og á **borgarleikhus.is**

Borgarleikhúsið

Fíton/SÍA




ÍSLENSKA/SIA.IS/SGB 45664 04/09




íslensk
blóm

> SAMAN Á NÝ

**Drew Barrymore** virðist hafa tekið aftur saman við Justin Long. Þau sáust í innilegum faðmlögum á frumsýningu nýjustu myndar hennar, Gray Gardens. Leikkonan, sem er 34 ára, batt enda á samband þeirra í fyrrasumar. Nú virðist það allt gleymt og þau þóttu afar innileg á frumsýningunni.



# fólk

folk@frettabladid.is

# Efron ekki í hjónabandshugleiðingum

Ungstirnið Zac Efron segist ekki vera á leið í hjónaband. Og því ættu táningsstúlkur að geta tekið gleði sína á ný. Reyndar er Efron lofaður maður, er kærasti mótleikkonu sinnar úr High School Musical, Vanessu Hudgens, en hyggst ekki biðja hennar strax. Þau hafa verið saman síðan 2005, sem þykir nokkuð langur tími meðal unglingastjarna, og hefur töluvert verið slúðrað um væntanlegt hjónaband þeirra. Lengst gekk blaðið Enquirer sem hélt því fram í blaðagrein að parið væri á leiðinni til Japans og þar hygðist Efron bera fram bónorðið. Það gekk ekki eftir.

Í viðtali við GQ lýsir Efron þessum fréttum sem bölvuðum þvættingi. „Ég er ekki að fara gifta mig, í þessum bransa ertu annað hvort á leið í hjónaband eða átt von á barni. Ég ætla ekki að ganga í hjónaband fyrr en um fertugt, ef þá nokkurn tíma. Ég hef aldrei pælt í því einu sinni.“



**EKKERT BRÚÐKAUP** Zac Efron hefur tekið af öll tvímæli um að hann og unnustan, Vanessa Hudgens, séu á leiðinni í hnapphelduna. NORDICPHOTOS/GETTY




# Will Ferrell í villtri náttúru

Gamanleikarinn Will Ferrell sýnir á sér nýja hlið í heimildarmyndaþáttunum Man vs. Wild sem hafa verið sýndir við miklar vinsældir á náttúrulífssjónvarpsstöðinni Discovery. Ferrell dvaldi í 48 klukkustundir í sænskum óbyggðum ásamt sérsveitarmanninum Bear Grylls og lærði hvernig hann gæti lifað af án nokkurra vista.

Meðal þess sem aðdáendur Ferrells fá að sjá er þegar grínistinn drekkur eigið þvag en það er víst eitt af því sem Grylls hefur kennt áhorfendum sínum að gera ef þeir lenda í hrakningum í óbyggðum. „Ég var mjög hrifinn af hæfileikum Ferrells, hann sýndi mikla þrautseigju og treysti mér þegar mest á reyndi,“ segir Grylls. Ferrell var einnig mjög hrifinn, þótt hann hefði aldrei orðið fullur af eigin þvagi. „Sem er sorgleg staðreynd.“

Samfylkingin

Vinnum gegn atvinnuleysi

Baráttan gegn atvinnuleysinu er brýnasta verkefni næstu ríkisstjórnar. Ríkisstjórn Jóhönnu Sigurðardóttur hefur þegar kynnt aðgerðir sem munu skapa 6.000 störf um allt land á næstu misserum. Næstu verkefni eru **endurreisn fjármálakerfisins, mannaflsfrekar framkvæmdir** og **efling nýsköpunar og þróunar um allt land** auk **nýtingar auðlinda í sátt við umhverfið.** Um leið hefjum við **samningaviðræður við ESB** til að tryggja blómlegt atvinnulíf á grunni traustra gjaldmiðils – evrunnar.

Við ætlum að koma öllum vinnufúsum höndum, karla jafnt sem kvenna, til starfa. Þannig verður kreppan stutt.

Vinna og velferð

xS



www.xs.is

**Kristján L. Möller**
1. sæti í Norðausturkjördæmi

**Sigríður Ingibjörg Ingadóttir**
2. sæti í Reykjavík suður



**Í BÚNINGI MEÐ HÚFU** Gunnar Eyjólfsson hefur hreyft við mörgum sem skipstjórinn Jónatan í Hart í bak. Honum hefur meðal annars verið gefinn skipstjórabúningur af huldumanni sem hann auglýsir nú eftir. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Gunnar Eyjólfsson bræðir jafnvel hörðustu menn

**Gunnar Eyjólfsson hefur farið slíkum hamförum í hlutverki skipstjórans í leikverkinu Hart í bak að jafnvel hörðustu mönnum hefur vöknað um augu. Honum barst nýverið skipstjórabúningur frá huldumanni sem hann auglýsir nú eftir.**

„Ég ætla að leika í þessum búningi í síðustu sex sýningunum og langar til þess að bjóða þessum manni á sýningu,“ segir Gunnar Eyjólfsson stórleikari.

Óhætt er hægt að segja að Gunnar hafi hreyft við mörgum sem skipstjórinn Jónatan sem siglir óskafleyi íslensku þjóðarinnar í strand. Hart í bak er eftir Jökul Jakobsson sem Gunnar þekkti persónulega og honum þykir augljóslega vænt um verkið sjálft sem var frumsýnt í október. „Það var maður sem hringdi í mig og sagðist hafa farið á sýninguna tvisvar, hann vildi þakka mér fyrir það að hafa vakið sig til vitundar um að hann væri ekki tilfinningalaus.“

Og Gunnari hafa einnig borist merkilegar og sögulegar gjafir. Nýverið kom maður og gaf honum skipstjórahúfu Jónasar Böðvarssonar sem stýrði um árabil Brúarfossi. Jónas tengist lífi Gunnars einnig með öðrum hætti því þegar leikarinn hélt sem ungur maður til Bretlands í ágúst 1945 þá sigldi hann með skipinu undir styrkri stjórn Jónasar. Um borð var þá einnig einn frægasti knattspyrnumaður þjóðarinnar og síðar ráðherra og alþingismaður, Albert Guðmundsson. „Og þegar við hjónin snerum aftur heim þá leigðum við okkar fyrstu íbúð af Jónasi og konu hans.“ Gunnar bætir því við í gríni að hann sé hins vegar eilítið höfuðstór og því sé nú unnið að því hörðum höndum að stækka aðeins húfuna.

Önnur gjöf og ekki síður merkileg barst fyrir nokkru frá hálfgerðum huldumanni. En það var skipstjórabúningur sem Gunnar bregða sér í. „Stúlkurnar frammi í afgreiðslu tóku við búninginum en láðist að spyrja hann um nafn og hann lét sjálfur ekki nafns síns getið. Mig langar að hafa samband við hann og þakka honum fyrir þessa gjöf og fá að vita eitthvað meira um búninginn og þann sem klæddist honum,“ segir Gunnar, hrærður yfir þessum viðtökum.

freyrgigja@frettabladid.is

# Eminem talar um dópneysluna

Rapparinn Eminem segir að hann hafi verið svo háður eiturlyfjum að það hafi komið niður á tónlistarferli hans. Hann hafi ekki getað samið ný lög í þrjú ár vegna þessa. „Ég var bara ekki í réttu tilfinningaástandi. Ég var ekki tilbúinn til að hætta að neyta eiturlyfja. Mér fannst ég ekki eiga við vandamál að stríða," segir Eminem, sem kennir misheppnaðri meðferð um hversu langan tíma hann var að átta sig á hlutunum.

„Þetta var óskköp einfaldlega þannig að ég fór inn og kom út aftur," segir rapparinn um meðferðina. „Þetta versnaði og ég átti í vandræðum með eiturlyfin næstu þrjú ár á eftir. Á þeim tímapunkti langaði mig að draga mig út úr þessu því eiturlyfjafíknin var svo slæm. Ég fann að ef ég tæki mér pásu þá myndi það hjálpa," segir hann.

Í viðtali við hiphop-tímaritið XXL talar Eminem um nýja plötu sína. Hann segir jafnframt að dauði vinar síns, rapparans Proofs, hafi ýtt undir eiturlyfjanotkun sína. „Það var erfitt fyrir mig og ég sá bara svart fram undan. Og eftir því sem ég neytti meiri eiturlyfja, þeim mun þunglyndari varð ég og ósáttari við sjálfan mig."



**EMINEM** Hefur eytt síðustu þremur árum í dópneyslu og volæði. Hann segist nú vera kominn aftur á réttan kjöl. NORDICPHOTOS/GETTY

# Robbie bætir ímynd sína



Breski popparinn Robbie Williams hefur ráðið Murray Chalmers til að hjálpa sér við kynningu á nýrri plötu sinni. Chalmers þessi hefur unnið með stórstjörnum á borð við Radiohead, Lily Allen, Yoko Ono og Pet Shop Boys og þykir snillingur í að láta skjólstæðinga sína koma vel fyrir.

Robbie vinnur nú að áttundu plötu sinni og þarf á góðu umtali að halda eftir að síðasta plata floppaði og honum mistókst að skapa sér nafn í Bandaríkjunum. Hann hefur rekið kynningarteymi sitt til síðustu fimm ára. „Hann er ákveðinn í að fá fyrirtæki sem sérhæfir sig í tónlist en ekki í frægðarleik," segir heimildarmaður The Sun.

**NÝR MAÐUR** Robbie Williams reynir að bæta ímynd sína. Nú vill hann ekki vera skemmtanaglaður piparsveinn heldur tónlistarmaður sem taka skal alvarlega. NORDICPHOTOS/GETTY



**ROXETTE SNÝR AFTUR** Marie Fredriksson og Per Gessle ætla að trylla poppheiminn að nýju. NORDICPHOTOS/GETTY

# Roxette hyggur á endurkomu

**Meðlimir sænsku poppsveitarinnar Roxette eiga nú í viðræðum um að snúa aftur. Roxette, sem sendi frá sér ódauðlega smelli á borð við Listen to Your Heart, hætti störfum árið 2002 eftir að söngkonan Marie Fredriksson greindist með heilaæxli. Fredriksson sneri stuttlega aftur árið 2004 með félaga sínum Per Gessle til að fagna 25 ára afmæli Roxette. Nú er aftur á móti útlit fyrir að sveitin snúi aftur með látum.**

**„Ég held að það verði af þessu, með einum eða öðrum hætti. Ég veit ekki hvort við förum í tónleikaferðalag en við munum gera eitthvað saman. Við eigum bara eftir að sjá hvað Marie treystir sér í," segir Per Gessle.**

# Sterkur orðrómur um brúðkaup

Pabbi leikkonunnar Jessicu Biel hefur nú tjáð sig um samband dóttur sinnar og tónlistarmannsins Justins Timberlake. Pabbi gamli, Stephen Collins, segist reyndar ekki vita mikið um ástamál dóttur sinnar, en sterkur orðrómur hefur verið á kreiki um að þau Timberlake muni gifta sig í sumar. „Ég hafði ekki heyrt af því, en það þarf ekki að koma á óvart, ekki vissi ég þegar þau byrjuðu að vera saman fyrir tveimur árum," segir Collins.

Pabbi gamli segist hafa hitt Jessicu fyrir nokkrum vikum og hún hafi virst afar ánægð. „Það myndi því ekki koma mér á óvart ef þau væru trúlofuð, Justin virðist vera hinn vænsti drengur."



**ÁSTFANGIN** Leikkonan Jessica Biel er yfir sig ástfangin af Justin Timberlake. Sterkur orðrómur er á kreiki um að þau muni ganga í hjónaband í sumar.



# Samkynhneigðir láta til sín taka á Eurovision í Moskvu

**Samkynhneigðir aðgerðasinnar í Rússlandi boða til Gay Pride-göngu í Moskvu þegar Eurovision-keppnin verður haldin þar í maí. Jónatan Garðarsson segir skipuleggjendur keppninnar hafa áhyggjur af því hvernig samkynhneigðum verði tekið þar í borg.**


**Í FORSVARI FYRIR SAMKYNHNEIGÐA** Nikolaj Alexejev er í forsvari fyrir samtök samkynhneigðra í Rússlandi og hafa samtökin boðað til mikillar Gay Pride-göngu þegar Eurovision-keppnin fer fram í Moskvu. NORDICPHOTOS/AFP

Eurovision-söngvakeppnin hefur löngum verið tengd við samkynhneigða af einhverjum ástæðum. Þetta hefur orðið meira áberandi á undanförnum árum þegar keppnirnar hafa farið fram í gömlu Austur-Evrópulöndunum, en þar hafa samkynhneigðir baráttuhópar nýtt sér Eurovision og þá umfjöllun sem keppnisstaðurinn fær til að koma sínum málum á framfæri. En víða er pottur brotinn hvað mannréttindi þessa hóps varðar á þessum slóðum.

Samkynhneigðir aðgerðasinnar í Rússlandi eru engin undantekning og ætla sér að nýta þá athygli sem Eurovision-keppnin fær til að koma sínum málstað á framfæri. Þeir hafa nú boðað til svokallaðrar slavneskrar Gay Pride-göngu í Moskvu, laugardaginn 16. maí, sama dag og úrslitakeppni Eurovision verður haldin. Þetta er mikið pólitískt hitamál því borgaryfirvöld hafa hingað til neitað samkynhneigðum um leyfi til að marsera um götur höfuðborgarinnar. Í forsvari fyrir göngunni er Nikolaj Alexejev, talsmaður samkynhneigðra í Rússlandi. „Við munum fara í þessa göngu hvort sem yfirvöld leyfa hana eða ekki. Auðvitað viljum við fara að lögum en ef þau eru ekki okkar megin þá munum við halda okkar striki,“ segir Alexejev í samtali við Reuters en þegar slíkar göngur hafa verið farnar hafa þátttakendur oft verið hnepptir í varðhald fyrir að rjúfa borgaralegan frið. Þá hafa slíkar göngur oft sogað að sér öfgafulla hópa sem eru á móti samkynhneigðum og til átaka hefur komið á milli þessara ólíku fylkinga.

Jónatan Garðarsson, liðsstjóri íslenska hópsins, hafði ekki heyrt af þessari göngu en upplýsir að EBU, Samtök evrópskra sjónvarpsstöðva, hafi haft áhyggjur af því hvernig samkynhneigðum yrði tekið í Moskvu. Samkvæmt vefsíðunni gayrussia.ur hafa yfirvöld í Moskvu þegar bannað yfir 160 atburði sem tengjast samkynhneigð. „Formaður EBU beindi þeirri spurningu sérstaklega til fulltrúa borgarstjórans í Moskvu og lögreglustjórans hvort samkynhneigðir ættu á hættu að verða fyrir áreiti í borginni.“ Jónatan bætir því við að yfirvöld í Moskvu hafi fullvissað alla viðstadda um að þeir þyrftu engar áhyggjur að hafa, samkynhneigðir gætu gengið óáreittir um Rauða torgið og nærliggjandi svæði.

freyrgigja@frettabladid.is


NÝTT Í BÍÓ!




SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| 17 AGAIN | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | L |
| 17 AGAIN LÚXUS | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | L |
| I LOVE YOU MAN (AUKAKRÓNUR 5%) | kl. 5.40 - 8 - 10.10 | 12 |
| DRAUMALANDIÐ | kl. 5.50 - 8 | L |
| FRANKLÍN & FJARSJÓÐURINN | kl. 3.50 | L |
| FAST AND FURIOUS | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | 12 |
| MONSTERS VS ALIENS 3D | kl. 3.40 ísl. tal | L |
| MONSTERS VS ALIENS | kl. 3.40 ísl. tal | L |
| MALL COP | kl. 3.40 - 10.10 | L |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000 — 750 kr. ÓDÝRT Í BÍÓ!

| | | |
|---|---|---|
| FAST AND FURIOUS | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | 12 |
| MALL COP | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | L |
| DRAGONBALL | kl. 6 - 8 | 7 |
| MARLEY AND ME | kl. 8 - 10.20 | L |
| HE'S JUST NOT THAT INTO YOU | kl. 10 | 12 |
| THE BOY IN THE STRIPED PYJAMAS | kl. 5.30 | 12 |

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| DRAUMALANDIÐ | kl. 6 - 8 - 10 | L |
| STATE OF PLAY | kl. 8 - 10.30 | 12 |
| BÍÓDAGAR GRÆNA LJÓSSINS 17. APRÍL - 4. MAÍ | | |
| BIGGER STRONGER FASTER | kl. 6 ísl. texti | 12 |
| COCAINE COWBOYS 2 | kl. 6 ísl. texti | 14 |
| DIE WELLE | kl. 6 enskur texti | 12 |
| ME AND BOBBY FISHER | kl. 8 ísl. texti | L |
| FROZEN RIVER | kl. 8 ísl. texti | 12 |
| GOMORRA | kl. 10 ísl. texti | 16 |
| TVO LOVERS | kl. 10 ísl. texti | 12 |

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| 17 AGAIN | kl. 5.50 - 8 - 10 | L |
| DRAUMALANDIÐ | kl. 5.50 | L |
| FAST AND FURIOUS | kl. 10 | 12 |
| I LOVE YOU MAN (AUKAKRÓNUR 5%) | kl. 8 | 12 |

FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI — AUKAKRÓNUR

NÝTT Í BÍÓ — LAUGARÁSBÍÓ — Sími: 553 2075 - bara lúxus




LAUGARÁSBÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| STATE OF PLAY | kl. 5.30, 8 og 10.30 | 12 |
| 17 AGAIN | kl. 6, 8 og 10 | L |
| I LOVE YOU MAN | kl. 5.50, 8 og 10.15 | 12 |
| FRANKLÍN - Ísl. tal | kl. 3.45 | L |
| MONSTERS VS. ALIENS 3D | kl. 4 - Ísl tal | L |
| MONSTERS VS. ALIENS | kl. 4 - Ísl tal | 12 |




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| 17 AGAIN | kl. 3:40 - 5:50 - 8 - 10:20 | L |
| 17 AGAIN | kl. 8 - 10:20 | VIP |
| I LOVE YOU MAN | kl. 5:50 - 8 - 10:20 | 12 |
| PUSH | kl. 8 - 10:20 | 12 |
| MONSTERS VS ALIENS ísl.tal | kl. 3:40(3D) - 5:50(3D) | L |
| MONSTERS VS ALIENS m/ísl. tali | kl. 3:40 - 5:50 | L |
| FAST & FURIOUS | kl. 8 - 10:20 | 12 |
| KNOWING | kl. 8:10 - 10:30 | 12 |
| RACE TO WITCH MOUNTAIN | kl. 3:40 | L |
| DUPLICITY | kl. 5:50 | 12 |
| GRAN TORINO | (sýnd á morgun kl.5:50) | VIP |
| BEVERLY HILLS CHIHUAHUA m/ísl. tali | kl. 3:40 | L |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| STATE OF PLAY | kl. 5:30 - 8 - 10:20 | 12 |
| LET THE RIGHT ONE IN | kl. 8 - 10:40 | 16 |
| OBSERVE AND REPORT Forsýnd | kl. 10:20 | 16 |
| MONSTERS VS ALIENS m/ísl. tali | kl. 4(3D) - 6(3D) | L |
| MONSTERS VS ALIENS m/ísl. tali | kl. 4 | L |
| MONSTERS VS ALIENS m/ensku tali | kl. 6(3D) (ótextuð) | L |
| BAADER MEINHOF COMPLEX | kl. 8 | 16 |

SAMBÍÓIN SELFOSS

| | | |
|---|---|---|
| MALL COP | kl. 8 - 10:20 | 12 |
| DUPLICITY síð sýn | kl. 8 | 12 |
| KILLSHOT | kl. 10:20 | 16 |
| MONSTERS VS ALIENS m/ísl. tali | kl. 6 | L |
| ÆVINTÝRI DESPEREAUX m/ísl. tali | kl. 6 | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| PUSH | kl. 6 - 8 - 10 | 12 |
| MONSTERS VS ALIENS m/ísl. tali | kl. 6 - 8 | L |
| KNOWING | kl. 10 | 12 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| OBSERVE AND REPORT Forsýnd | kl. 8 | 16 |
| FAST AND FURIOUS | kl. 8 - 10:20 | 12 |
| ELEGY | kl. 10:10 | L |
| MONSTERS VS ALIENS m/ísl. tali | kl. 6 | L |
| FRANKLIN OG FJÁRSJÓÐURINN m/ísl. tali | kl. 6 | L |

SparBíó 550kr Á ALLAR SÝNINGAR MERKTAR MEÐ APPELSÍNUGULU

SparBíó 850kr Á ALLAR SÝNINGAR MERKTAR MEÐ GRÆNU

BÍÓDAGAR GRÆNA LJÓSSINS FRÁ 17. APRÍL Í HÁSKÓLABÍÓI




Opnunarmyndin - Me and Bobby Fischer


Bigger Faster Stronger · Boy A · Cocaine Cowboys 2 · Flash of Genius · Frozen River · Garbage Warrior · Gomorrah · Hunger · Man on Wire · Not Quite Hollywood · Slacker Uprising · Sunshine Cleaning · Two Lovers · Wordplay · Die Welle · Young at Heart

Græna ljósið er á facebook. Ef þú gerist „fan“ áður en hátíðin hefst áttu von á góðu!

Hvenær: Frá 17. apríl | Hvar: Háskólabíó | græna ljósið

# RISA
## ÚTIVISTAR- SKÓ OG TÍSKU
# MARKAÐUR

er Í fullum gangi í
**Norðlingaholtinu**
gamla Mest húsinu

MIKIÐ ÚRVAL AF VOR- OG SUMARVÖRUM




# Opið
alla daga
vikunnar
frá 12 - 18

Opið alla helgina

Útsöluvörur frá

Kaupfélagið skór.is STEINAR WAAGE ecco BLEND CRUSER
PUMA NIKE adidas VAGABOND SKECHERS Rbk

## > Þórir tekur við besta liði heims

Þórir Hergeirsson, 45 ára Íslendingur, tók í gær við norska kvennalandsliðinu í handbolta af hinni sigursælu Marit Breivik sem var búin að vera með liðið í fimmtán ár. Þórir var búinn að vera aðstoðarmaður hennar frá árinu 2001. Norska kvennalandsliðið vann Ólympíugull og Evrópumeistaratitil á síðasta ári og er besta handboltalandslið heims þessa dagana. Fram undan er HM í Kína í árslok. Það er mikil viðurkenning fyrir Þóri að fá starfið en hann hefur verið orðaður við það í langan tíma. Þórir hefur verið duglegur að bæta við sig menntun og er nú lærðasti handboltaþjálfarinn í Noregi, þar sem hann hefur verið búsettur frá árinu 1986.



**sport**
sport@frettabladid.is

FRAMARINN DAVÍÐ SVANSSON: KOM Í MARK FRAM OG GJÖRBREYTTI LEIKNUM Á MÓTI HAUKUM Í GÆR:

# *Viggó var búinn að undirbúa okkur vel*

Fram gerði sér lítið fyrir og lagði Íslands- og deildarmeistara Hauka í fyrsta leik í undanúrslitum N1 úrslitakeppninnar, 32-28, eftir að hafa verið fimm mörkum undir í hálfleik, 16-11. Fram hóf leikinn vel og komst í 3-0 en missti dampinn þegar tíu mínútur voru eftir af hálfleiknum og Haukar gengu á lagið og náðu öruggri forystu. Það voru ekki margir sem bjuggust við því að Fram kæmist inn í leikinn á ný.

„Við dettum allt of oft svona niður og það er eitthvað sem við þurfum að hætta að gera. En það var frábært að rífa sig svona upp eftir að lenda undir í hálfleik gegn Haukum. Það vinna ekki hverjir sem er hálfleik með níu mörkum gegn Haukum," sagði Davíð Svansson sem var frábær eftir að hann kom inn á undir lok fyrri hálfleiks en hann sá til þess að forskot Hauka væri ekki enn meira í hálfleik.

Síðari hálfleikur var eign Fram sem var sterkara á öllum sviðum leiksins. Vörn liðsins var gríðarsterk og liðið átti greiðan aðgang í gegnum vörn Hauka sem hefur verið mjög sterk síðustu mánuði en ljóst að Framarar unnu heimavinnuna sína vel því liðið átti aldrei í vandræðum í sóknarleiknum í síðari hálfleik og vann að lokum sanngjarnan og nokkuð öruggan sigur.

„Seinni hálfleikur var frábær. Við spiluðum frábæra vörn á kafla í síðari hálfleik og það var oft auðvelt að vera í markinu fyrir aftan þessa vörn," sagði Davíð.

Viggó Sigurðsson þjálfari Fram tók út leikbann en Davíð hældi þjálfara sínum fyrir frábæran undirbúning. „Hann var búinn að undirbúa okkur vel. Við höfum æft stíft fyrir þessa leiki. Þeir eru þvílíkt góðir, sterkir og grófir." Davíð varði yfir helming skota Hauka sem rötuðu á markið og mörg þeirra úr dauðafærum. „Ég er sáttur. Hef æft vel og uppsker eftir því. Við markverðirnir höfum legið yfir skotunum hjá Haukum og vitum hvar þeir skjóta helst. Við skiluðum okkar í dag.",„Ég kom aðeins inná í fyrri hálfeik og hitaði svo vel upp í hálfleiknum og var klár í seinni hálfleikinn. Það gerði gæfumuninn," sagði kátur Davíð Svansson í leikslok. -gmi



## ÚRSLIT

### *Úrslitakeppni N1-deildar*

Valur-HK 25-19 (10-7)

Mörk Vals (skot): Fannar Þór Friðgeirsson 11/2 (16/3), Arnór Þór Gunnarsson 7/3 (11/3), Sigurður Eggertsson 3 (8), Ingvar Árnason 2 (5), Orri Freyr Gíslason 1 (1), Heimir Örn Árnason 1 (4), Elvar Friðriksson 0 (3), Sigfús Páll Sigfússon 0 (2).
Varin skot: Ólafur Haukur Gíslason 14/2 (32/5, 44%), Pálmar Pétursson 0 (1/1)
Hraðaupphlaup: 2 (Fannar 2).
Utan vallar: 6 mínútur
Mörk HK (skot): Valdimar Fannar Þórsson 5/2 (15/3), Gunnar Steinn Jónsson 3/3 (7/4), Ólafur Bjarki Ragnarsson 3 (7), Ragnar Snær Njálsson 3 (4), Már Þórarinsson 2 (2), Ragnar Hjaltested 1 (3), Einar Ingi Hrafnsson 1 (1), Sigurgeir Árni Ægisson 1 (2), Ásbjörn Stefánsson 0 (2), Brynjar Hreggviðsson 0 (1).
Varin skot: Sveinbjörn Pétursson 3 (12/2, 30%), Björn Ingi Friðþjófsson 6 (22/2, 27%)
Hraðaupphlaup: 2 (Ragnar, Ólafur)
Utan vallar: 6 mínútur

**Staðan er 1-0 fyrir Val** og þeir komast í lokaúrslitin með því að vinna leik tvö í Digranesi á mánudaginn.

### *Úrslitakeppni N1-deildar*

Haukar – Fram 28-32 (16-11)

**Mörk Hauka:** Andri Stefan 8 (17), Kári Kristján Kristjánsson 5 (6), Sigurbergur Sveinsson 5 (14/2), Elías Már Halldórsson 4 (6), Einar Örn Jónsson 3 (3), Freyr Brynjarsson 2 (5), Gunnar Berg Viktorsson 1 (4)
**Varin skot:** Birkir Ívar Guðmundsson 17 (44/4 38,6%), Gísli Guðmundsson (5/1 0%)
**Hraðaupphlaup:** 9 (Andri 4, Elías 2, Freyr, Sigurbergur, Einar) **Fiskuð víti:** 2 (Kári, Einar).
**Utan vallar:** 8 mínútur
**Mörk Fram:** Rúnar Kárason 9/5 (14/5), Magnús Stefánsson 6 (14), Jóhann Gunnar Einarsson 4 (4), Haraldur Þorvarðarson 3 (3), Stefán Baldvin Stefánsson 3 (4), Andri Berg Haraldsson 3 (7), Guðjón Finnur Drengsson 2 (4), Brjánn Guðni Bjarnason 1 (1), Jóhann Karl Reynisson 1 (1), Guðmundur Hermannsson (1)
**Varin skot:** Magnús Gunnar Erlendsson 5 (18 27,8%), Davíð Svansson 16 (31 51,6%)
**Hraðaupphlaup:** 5 (Stefán 2, Brjánn, Jóhann Gunnar, Rúnar)
**Fiskuð víti:** 5 (Brjánn 2, Andri, Stefán, Magnús)
**Utan vallar:** 6 mínútur

**Staðan er 1-0 fyrir Fram** og þeir komast í lokaúrslitin með því að vinna leik tvö í Safamýri á mánudaginn.

### *UEFA-bikarkeppnin*

| | |
|---|---|
| Dynamo Kiev - PSG | 3-0 |
| Udinese - Werder Bremen | 3-3 |
| 1-0 Gokhan Inler (15.), 1-1 Diego (28.), 2-1 Fabio Quagliarella (30.), 3-1 Fabio Quagliarella (38.), 3-2 Diego (60.), 3-3 Claudio Pizarro (73.) | |
| Marseille - Shakhtar Donetsk | 1-2 |
| Manchester City - Hamburger SV | 2-1 |
| 0-1 Paolo Guerrero (12.), 1-1 Elano (17.), 2-1 Felipe Caicedo (50.). | |

**Undanúrslitin eru klár** annars vegar mætast þýsku liðin Werder Bremen og Hamburger SV og hins vegar úkraínsku liðin Dynamo Kiev og Shakhtar Donetsk

### *Sænska úrvalsdeildin*

| | |
|---|---|
| Helsingborg - Hammarby | 1-0 |
| Trelleborg - GAIS | 3-0 |
| Eyjólfur Héðinsson (74. mín) og Guðmundur Reynir Gunnarsson (57. mín) komu báðir inn á sem varamenn, Guðjón Baldvinsson sat á bekknum og Hallgrímur Jónasson var ekki í hópnum. | |
| Elfsborg - Kalmar | 1-1 |
| Helgi Valur Daníelsson lék allan leikinn aftarlega á miðjunni hjá Elfsborg | |



**FRÁBÆR Í GÆR** Fannar Þór Friðgeirsson átti mjög góðan leik með Val gegn HK í gær og hér hefur hann sloppið framhjá Sverre Jakobssyni. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON






# Öruggt hjá Val

## Valsmenn tóku 1-0 forystu gegn HK í einvígi liðanna í úrslitakeppni N1 deildarinnar sem hófst í gær.

**HANDBOLTI** Heimavöllurinn hefur reynst Valsmönnum vel í N1 deildinni í vetur og á því varð engin breyting í gær þegar liðið tók á móti HK í fyrsta leik liðanna í úrslitakeppninni. Valsmenn unnu öruggan 25-19 sigur og geta tryggt sér sæti í úrslitum með sigri í næsta leik.

Stemningin var góð í Vodafonehöllinni í gær þar sem ríflega 700 áhorfendur voru mættir til að hvetja sína menn og þar voru Kópavogsbúar heimamönnum engir eftirbátar. Jafnræði var með liðunum framan af leik, en í stöðunni 3-3 sigu Valsmenn fram úr og litu ekki til baka eftir það.

**Ólafur Haukur góður í markinu**

Það var ekki síst að þakka markverðinum Ólafi Hauki Gíslasyni, sem varði eins og berserkur allan leikinn. Valur hafði yfir í hálfleik 10-7 og eins og sjá má á markaskoruninni, var hér ekki um neinn sirkusleik að ræða.

„Þetta var ekta leikur í úrslitakeppni með góðar varnir á báðum endum vallarins," sagði Óskar Bjarni Óskarsson, þjálfari Vals við Fréttablaðið eftir leikinn.

Valsliðið hafði áfram undirtökin allan síðari hálfleikinn og var þremur til fimm mörkum yfir allt til loka. HK hefði með smá heppni geta komist inn í leikinn, en liðið kastaði boltanum á stundum klaufalega frá sér og of margar sóknir HK staðnæmdust á Ólafi í marki Vals.



**ÓSIGRAÐIR** Valsliðið hefur ekki tapað leik á heimavelli undir stjórn Óskars Bjarna Óskarssonar í allan vetur. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

**Mistökin voru dýr**

„Það sem mér fannst skilja að í dag var að þeir voru með betri markvörslu. Óli átti auðvitað stórleik í dag, en svo vorum við að gera fimm eða sex klaufamistök þar sem við köstuðum boltanum frá okkur. Það er bara svo dýrt í svona leik. Þeir voru bara með hausinn í lagi, en ekki við. Þetta var bara ein orusta en stríðið er ekki búið. Við vinnum næsta leik á heimavelli og komum svo hingað og klárum þetta," sagði Sverre Jakobsson, leikmaður HK.

Óskar Bjarni Óskarsson þjálfari Vals var að vonum ánægður með sína menn. „Ólafur var að verja mjög vel hjá okkur og Fannar var mjög góður í sókninni. Fannar var hjartað í liðinu hjá okkur, hann vann mikilvæga bolta og er mikill stríðsmaður," sagði Óskar Bjarni sem taldi sigurinn aldrei hafa verið í hættu.

**Alltaf skrefi á undan þeim**

„Mér fannst við alltaf vera hálfu skrefi á undan þeim og fannst við alltaf eiga auðveldara með að koma okkur í gegn. Við eigum líka leikmenn inni," sagði Óskar Bjarni.

Valsmenn geta tryggt sér sæti í úrslitaeinvíginu með því að vinna næsta leik í Digranesi á mánudagskvöldið.

„Nú er bara líf og dauði aftur í Digranesinu í næsta leik. Maður verður alltaf að taka leik á útivelli ef maður ætlar að verða meistari og nú er það næsta verkefni á dagskrá hjá okkur," sagði Óskar Bjarni Óskarsson, þjálfari Vals.

baldur@365.is



FERMINGAR
TILBOÐ
STÚTFULL BÚÐ AF NÝJUM TILBOÐUM
ML65 U-580
FARTÖLVA Á TILBOÐI
Ný og glæsileg fartölva frá Packard Bell með nýjasta Intel örgjörvanum, BlueTooth og auka plássi fyrir annan harðdisk.
• Intel Core 2 Duo T4200 2.0GHz
• 3GB DDR2 667MHz minni
• 250GB SATA 5400RPM diskur
• 8xDVD SuperMulti DL skrifari
• 15.4" WXGA Diamond View skjár
• 256MB ATI HD3430 skjákort
• 300Mbps Draft-N þráðlaust net
• 1.3MP innbyggð vefmyndavél
• Windows VISTA Home Premium
SJÁLFSTÆTT TALNABORÐ
Packard Bell
134.900
RAÐGREIÐSLUR TIL 48 MÁN
500GB
HDMI EDITION 1080i
Nýi Argosy HDMI margmiðlunarspilarinn er með 1080i upscaling sem skilar enn betri myndgæðum á venjulegum kvikmyndum og hægt er að læsa möppum með lykilorði.
• Tengist beint í sjónvarp eða græjur
• Hágæða kvikmynda afspilun
• Spilar ljósmyndir í slide show
• Spilar og geymir alla tónlist
• Er einnig handhægur flakkari
• Fjarstýring til að stjórna öllu fylgir
• HDMI, SCART, RCA, HDTV ofl. tengi
HDMI 1080i
NÆSTA KYNSLÓÐ SJÓNVARPSFLAKKARA
29.900
750GB AÐEINS 34.900
Birt með fyrirvara um breytingar, prentvillur og myndbrengl
SKELETON
GLÆSILEGUR TURNKASSI
Sannarlega byltingarkenndur turn frá Anctec, sérstök hönnun tryggir einstaka kælingu og útlitið er engu líkt.
• Langflottasti turnkassinn í dag!
• Rúllað stál og sérstyrkt plast
• Aðskilin hólf fyrir aflgjafa og diska
• Pláss fyrir allt að 28cm skjákort
• Hámarks kæling, 250mm hljóðlát vifta
• Betra loftflæði með 92mm viftu
• USB2, FireWire og eSATA tengi að framan
NÝ SENDING
ANTEC VÖRUR Í MIKLU ÚRVALI
Antec
34.900
HELGAR TILBOÐ
22" LCD
HANNS-G WIDESCREEN
Stórglæsilegur 22" WideScreen skjár frá Hanns G með kristaltæra mynd og ótrúlega litadýpt hvergi á betra verði.
• 22" WideScreen LCD skjár
• 1000:1 True Contrast skerpa
• 5ms viðbragðstími fyrir leikina
• 1680x1050 WideScreen upplausn
• VGA tengi og kapall fylgir
• Innbyggðir 3W hátalarar
• 100% Pixla ábyrgð í Tölvutek
Hanns·G
29.900
160GB
COOLMAX FLAKKARI
• 160GB Coolmax örsmár flakkari
• Burstað ál og glæsileg hönnun
• Áreiðanlegur og hraðvirkur
• Örsmár í lófa og aðeins 165gr.
• Þarf ekki straumbreyti
• Vönduð taska með kaplahólfi fylgir
9.990
320GB AÐEINS KR. 14.900
VERÐ FRÁ 44.900
ÓTRÚLEG LÆKKUN Á ÖLLUM ASUS FARTÖLVUM
ASUS FARTÖLVUR
ÓTRÚLEG VERÐ Á ASUS FRÁ 44.900
ÞJÓNUSTUDEILD
Þjónustudeild okkar sinnir öllum verkum stórum sem smáum:
• Uppfærslur á vélbúnaði
• Gerum tölvur hljóðlátar
• Stýrikerfisuppsetningar
• Bilanaleit og lagfæringar
• Uppsetning/viðhald netkerfa
• Vírus- og Spyware hreinsun
• Hvergi lægra tímaverð!
2.990
HVER HAFIN KLUKKUSTUND
TÖLVUTEK
Borgartúni 31 • 105 Reykjavík • 563 6900 • www.tolvutek.is
Sendum fartölvuna strax hvert á land sem er
SENDUM FRÍTT ALLAR FARTÖLVUR
Kemur næsta virka dag ef pantað er fyrir 12:00

Úrslitakeppni NBA-deildarinnar í körfubolta fer af stað um næstu helgi og bíða margir spenntir.

# Finley kom San Antonio liðinu til bjargar

**KÖRFUBOLTI** Deildarkeppni NBA lauk í fyrrinótt og fyrir lokaumferðina var ljóst hvaða sextán lið kæmust í úrslitakeppnina en ekki hver myndu mætast.

Lokaumferðin bauð upp á sviptingar og engar meiri en fyrir lið San Antonio, New Orleans og Houston. Öll þessu lið áttu möguleika á að vinna Suðvesturdeildina og tryggja sér heimavallarrétt í fyrstu umferð og þau tvö síðarnefndu voru bæði í góðum málum þegar skammt var til leiksloka. Það voru hins vegar gömlu refirnir í San Antonio sem stóðu uppi sem sigurvegarar.

Michael Finley var hetja San Antonio Spurs, sem var á góðri leið að byrja úrslitakeppnina á útivelli í fyrsta sinn síðan á nýliðatímabili Tim Duncan árið 1998. San Antonio mætti New Orleans, sem var fimm stigum yfir þegar aðeins 47,6 sekúndur voru eftir. Spurs náði að minnka muninn í þrjú stig og Finley tryggði Spurs framlengingu með þriggja stiga körfu um leið og klukkan rann út. Tim Duncan fór síðan mikinn í framlengingunni og San Antonio vann 105-98 og tryggði sér sigur í Suðvesturdeildinni og 3. sætið inn í úrslitakeppnina. New Orleans datt hins vegar alla leið niður í 7. sætið og mætir Denver í fyrstu umferð.



**HETJA SAN ANTONIO SPURS** Michael Finley hleypur á bekkinn eftir að hafa tryggt San Antonio framlengingu. NORDICPHOTOS/GETTY

Houston Rockets var með 14 stiga forskot á móti Dallas í upphafi seinni hálfleiks en sigur hefði skilað liðinu fyrsta deildartitlinum í fimmtán ár og möguleika á að koma í 2. sæti inn í úrslitakeppnina. Dallas náði hins vegar að snúa leiknum sér í vil og vinna 95-84, ekki síst þökk sé þrefaldri tvennu frá Jason Kidd.

Portland tryggði sér 4. sætið með sigri á Denver, sem hefði misst annað sætið til Houston ef Dallas hefði ekki sigrað. Dallas komst aftur á móti upp í 6. sætið (úr 8. sæti) og mætir San Antonio í fyrstu umferð en Portland mætir Houston. Lokaeinvígi vesturdeildarinnar er síðan á milli Los Angeles Lakers og Utah Jazz en hið síðarnefnda datt niður í neðsta sætið.

Minna var um dramatík í Austurdeildinni en slæmt tap Chicago Bulls á móti Toronto og sigur Philadelphia í Cleveland þýddi að liðin höfðu sætaskipti og leikmenn Bulls-liðsins mæta Boston í fyrstu umferð á meðan Philadelphia spilar við Orlando.

Cleveland Cavaliers leyfði sér að hvíla lykilmenn sína (þar á meðal LeBron James) í lokaleiknum og varð fyrir vikið að horfa á eftir því að jafna met Boston frá 1985-86 yfir bestan árangur á heimavelli. Cleveland átti möguleika á að enda tímabilið 40-1 á heimavelli en tapaði lokaleiknum á móti Philadelphia eftir framlengingu. Cleveland mætir Detroit Pistons í fyrstu umferð en lokaviðureignin er síðan á milli Atlanta og Miami. Miami var öruggt með fimmta sætið og leyfði sér að hvíla Dwyane Wade í síðustu tveimur leikjum sínum.

Úrslitakeppnin hefst á laugardaginn þegar fjögur af átta einvígunum fara af stað. Fyrsti leikurinn verður á milli NBA-meistara Boston og Chicago. - óój

## ÚRSLITAKEPPNI NBA

| | |
|---|---|
| **VESTURDEILD:** | |
| LA Lakers (65-17)-Utah (48-34) | Innbyrðis í vetur: Lakers 2-1 |
| Denver (54-28)-New Orleans (49-33) | Innbyrðis í vetur: Jafnt, 2-2 |
| San Antonio (54-28)-Dallas (50-32) | Innbyrðis í vetur: Jafnt, 2-2 |
| Portland (54-28)-Houston (53-29) | Innbyrðis í vetur: Houston 2-1 |
| **AUSTURDEILD:** | |
| Cleveland (66-16)-Detroit (39-43) | Innbyrðis í vetur: Cleveland 3-1 |
| Boston(62-20)-Chicago (41-41) | Innbyrðis í vetur: Boston 2-1 |
| Orlando (59-23)-Philadelphia (41-41) | Innbyrðis í vetur: Orlando 3-0 |
| Atlanta (47-35)-Miami (43-39) | Innbyrðis í vetur: Atlanta 3-1 |



**HNÉÐ BÓLGNAR ALLTAF UPP** Kevin Garnett er líklega úr leik. NORDICPHOTOS/GETTY

Áfall fyrir meistara Boston:

## Garnett úr leik

**KÖRFUBOLTI** Kevin Garnett verður líklega ekki með NBA-meisturum Boston Celtics í titilvörninni í úrslitakeppni NBA sem hefst um helgina. Það er að minnsta kosti ljóst að hann verður ekki með í fyrstu leikjunum.

„Hann verður ekki klár það sá ég eftir að hafa horft á hann á æfingu,“ sagði Doc Rivers, þjálfari Boston í gær. Garnett var einn aðalmaðurinn á bak við sigur Boston í fyrra enda sannkallaður andlegur leiðtogi liðsins. Hann er með 15,8 stig og 8,5 fráköst á leik með Boston í vetur.

Garnett meiddist á hægra hné 19. febrúar síðastliðinn og missti af næstu þrettán leikjum. Hann kom aftur til leiks og spilaði í fjórum leikjum en aldrei í meira en 18 mínútur. Rivers ákvað þá að hvíla hann fyrir lokabaráttuna en Garnett hefur lítið lagast.

„Ef hann getur ekki hjólað eða hreyft sig án þess að bólgna upp þá sé ég ekki hvernig hann á að geta verið með í úrslitakeppninni,“ sagði Rivers. -óój



**FRÁBÆRT TÍMABIL** Dwyane Wade fékk að hvíla sig í lokaleikjunum eftir að hann var öruggur. NORDICPHOTOS/GETTY

NBA-deildarkeppnin í vetur:

## Wade varð stigakóngur

**KÖRFUBOLTI** Dwyane Wade, leikmaður Miami Heat, varð stigahæsti leikmaður NBA-deildarinnar í vetur en hann skoraði 30,2 stig að meðaltali í 79 leikjum á tímabilinu. Miami leyfði sér að hvíla Wade í lokaleikjunum en hann gulltryggði sér titilinn með því að skora 55 stig í sínum síðasta leik á tímabilinu.

Stigakóngar síðustu tveggja tímabila, LeBron James (30,0 - 2007-08) og Kobe Bryant (31,6 - 2006-07), komu í næstu sætum á eftir Wade. James skoraði núna 28,4 stig í leik og Kobe var með 26,8 stig en í 4. sæti kom síðan Þjóðverjinn Dirk Nowitzki. - óój



Brenton Birmingham fór upp fyrir Guðjón Skúlason og Teit Örlygsson í oddaleiknum á móti KR á mánudag:

# Brenton sló stigametið í lokaúrslitunum

**KÖRFUBOLTI** Brenton Birmingham náði ekki því takmarki sínu að vinna loksins KR í úrslitaeinvígi um Íslandsmeistaratitilinn en hann varð hins vegar stigahæsti leikmaður lokaúrslita úrslitakeppninnar frá upphafi. Brenton komst upp fyrir Guðjón Skúlason og Teit Örlygsson í oddaleiknum magnaða sem fram fór á annan í páskum.

Brenton Birmingham hefur nú skorað 625 stig í 29 leikjum eða 21,6 stig að meðaltali í leik. Þetta var í sjöunda skiptið á ferlinum sem hann spilaði til úrslita um titilinn og í fjórða skiptið sem hann verður að sætta sig við silfrið. Brenton varð Íslandsmeistari með Njarðvík 2001, 2002 og 2006 en hefur tvisvar lent í 2. sæti með bæði Njarðvík (1999 og 2007) og Grindavík (2000 og 2009). Þrjú af þessum fjórum silfurverðlaunum hafa komið eftir einvígi á móti KR.

Brenton Birmingham bætti stigamet Guðjóns Skúlasonar þegar hann skoraði sitt tíunda stig í leiknum en það gerði hann úr vítaskoti sem hann fékk eftir að brotið var á honum um leið og hann minnkaði muninn í 73-71.

Guðjón Skúlason hafði náð metinu af Teiti Örlygssyni vorið 2003 þegar hann fór alla leið með Keflavíkurliðinu í síðasta sinn á ferlinum. Það munaði þó ekki miklu á félögunum því Guðjón hefur skorað einu stigi meira.



**625 STIG** Brenton Birmingham hefur skorað 21,6 stig að meðaltali í úrslitaeinvígum um Íslandsmeistaratitilinn.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Nick Bradford er þegar kominn í 8. sæti listans þrátt fyrir að hafa aðeins spilað þrettán leiki í úrslitaeinvígum en hann hefur skorað 23,2 stig að meðaltali í lokaúrslitum sem er aðeins minna en Damon Johnson gerði í sínum fjórtán leikjum. Tveir til viðbótar fyrir utan Brenton, Nick og Damon hafa náð að skora yfir 20 stig að meðaltali í lokaúrslitum af þeim leikmönnum sem hafa náð að spila tíu leiki í úrslitaeinvígi: Rodney Robinson skoraði 23,6 stig að meðaltali í sextán leikjum með Njarðvík og Jónatan Bow skoraði 20,1 stig að meðaltali í tólf leikjum fyrir Keflavík og KR. - óój

**FLEST STIG Í LOKAÚRSLITUM UM ÍSLANDSMEISTARATITILINN:**

| | |
|---|---|
| Brenton Birmingham | 625 stig (21,6) |
| Guðjón Skúlason | 622 (13,8) |
| Teitur Örlygsson | 621 (15,5) |
| Valur Ingimundarson | 400 (19,0) |
| Rondey Robinson | 378 (23,6) |
| Falur Harðarson | 360 (11,6) |
| Damon Johnson | 349 (24,9) |
| Nick Bradford | 302 (23,2) |
| Nökkvi Már Jónsson | 269 (9,6) |
| Friðrik Ragnarsson | 255 (8,2) |
| Gunnar Einarsson | 254 (8,8) |
| Helgi Jónas Guðfinnsson | 248 (12,4) |
| Marel Guðlaugsson | 247 (10,7) |
| Jón Kr Gíslason | 245 (9,8) |

**STIG BRENTONS Í LOKAÚRSLITUM:**

| | |
|---|---|
| 1999 Njarðvík | 5 leikir/143 stig (28,6) |
| 2000 Grindavík | 4/95 (23,8 í leik) |
| 2001 Njarðvík | 4/93 (23,3) |
| 2002 Njarðvík | 3/58 (19,3) |
| 2006 Njarðvík | 4/84 (21,0) |
| 2007 Njarðvík | 4/69 (17,3) |
| 2009 Grindavík | 5/83 (16,6) |



**SENDI HAMAR AFTUR UPP** Ágúst Björgvinsson stýrði Hamars-mönnum til sigurs í 1. deildinni í vetur.
FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR

Karlalið Hamars án þjálfara:

## Ágúst hættir með Hamar

**KÖRFUBOLTI Ágúst Björgvinsson ætlar ekki að þjálfa áfram lið Hamars sem vann sér sæti í Iceland Express-deildinni undir hans stjórn í vetur.**

**Ágúst tók við félaginu af Pétri Ingvarssyni á síðasta tímabili en liðið féll þá úr deildinni. Hamar fór hins vegar beint upp aftur eftir að hafa unnið 15 af 18 leikjum sínum í 1. deildinni í vetur.**

**Ágúst er ekki búinn að ákveða hvar hann þjálfar næsta vetur en hann hefur fengið tilboð frá nokkrum félögum sem vilja nýta krafta hans. -óój**



**PATREKUR JÓHANNESSON** Tímabilið hjá Stjörnunni er ekki búið enn.
FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Umspil um laust sæti:

## Stjarnan mætir ÍR í kvöld

**HANDBOLTI** Í kvöld hefst umspil um eitt laust sæti í N1-deild karla á næstu leiktíð. Um er að ræða fyrirkomulag sem svipar til úrslitakeppninnar nema að liðin sem þarna taka þátt eru Stjarnan, sem varð í 7. sæti N1-deildar karla, og svo liðin sem urðu í 2.-4. sæti í 1. deildinni.

Stjarnan mætir ÍR á heimavelli sínum í kvöld klukkan 19.30 en ÍR varð í fjórða sæti 1. deildarinnar. Í hinum leiknum mætast Selfoss og Afturelding.

Þau tvö lið sem verða fyrst til að vinna tvo leiki eigast svo við í úrslitarimmunni þar sem einnig þarf tvo sigurleiki til þess að tryggja sér þátttökurétt í N1-deild karla á næsta tímabili. - esá





> Julia Stiles

„Sumar konur leggja mikið upp úr því að að skipuleggja brúðkaup og íbúðakaup og barneignir en leggja svo engan metnað í að finna góðan maka.“ Stiles fer með hlutverk í myndinni Bros Mónu Lísu sem Sjónvarpið sýnir í kvöld.

# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ FREYR GÍGJA GUNNARSSON SÁ NAFNA SINN Í VANDA

# *Óstýrilátir stjórnmálamenn*

Ég villtist inn á tvo kosningaumræðuþætti sem voru á dagskrá Ríkissjónvarpsins fyrir nokkru. Sökum þess að mér er umhugað um hvernig komið er fyrir þjóðinni, hverjir skulu reisa hana upp úr öskustónni, þá gerði ég sjálfum mér þann grikk að horfa á frambjóðendur. Ekki efldist trúin á stjórnkerfið við það að horfa á þessa þætti.

Fyrst voru það frambjóðendur í Kraganum, mínu gamla kjördæmi. Það var sama hversu einfaldar spurningar voru bornar upp, alltaf áttu stjórnmálamennirnir í mestu erfiðleikum með að koma svari sínu á framfæri með einföldum hætti. Málalengingarnar urðu svo yfirgengilegar að maður hálfvorkenndi þeim Helga Seljan og Ingólfi Bjarna sem reyndu af öllum mætti að hafa hemil á málglöðum pólitíkusum.

Svo kom eitt Reykjavíkurkjördæmið. Og þá fór ég að efast alvarlega um hæfni stjórnmálamanna til að fá einhver atkvæði. Þær Þóra Arnórsdóttir og Jóhanna Vigdís fóru margoft í biðilsbuxurnar og báðu menn um að stytta mál sitt, tala skýrt og hafa svör á reiðum höndum. Stjórnmálamennirnir áttu í mestu erfiðleikum með að verða við þessum einföldu óskum og þegar hláturinn í salnum var farinn að yfirgnæfa tal stjórnmálamannanna runnu á mig tvær grímur; er hugsanlegt að Ástþór Magnússon sé vænlegasti kosturinn þann 25. apríl?

Sú hugsun hvarf, því miður, eins og dögg fyrir sólu þegar Ástþór ruddi niður hinum kurteisa Frey Eyjólfssyni á Rás 2 með fáheyrðum dónaskap og frekju. Grundvallaratriði stjórnmálamanna hlýtur nefnilega alltaf að vera, eins og einhver táningurinn orðaði það; að missa ekki „kúlið“.



**AUMINGJA FREYR** Útvarpsmanninum tókst að halda ró sinni þrátt fyrir að viðmælandi hans hefði allt á hornum sér.

## FÖSTUDAGUR



▶ **20.00** The Things About My Folks STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **21.25** Stelpurnar STÖÐ 2



▶ **21.30** Lucky Louie STÖÐ 2 EXTRA



▶ **22.00** Battlestar Galactica SKJÁREINN



▶ **22.15** Taggart - Þrettánda sporið SJÓNVARPIÐ

## SJÓNVARPIÐ

**13.55 Alþingiskosningar - Borgarafundur á Akureyri** (e)
**15.25 Dansað á fáksporí** (e)
**15.50 Leiðarljós** (e)
**17.10 Táknmálsfréttir**
**17.20 Spæjarar** (14:26)
**17.42 Músahús Mikka** (51:55)
**18.05 Afríka heillar** (Wild at Heart II) (8:10) Breskur myndaflokkur um hjón sem búa ásamt börnum sínum innan um villidýr á sléttum Afríku. (e)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Kastljós**
**20.15 Mónu Lísu brosið** (Mona Lisa Smile) Bandarísk bíómynd frá 2003. Myndin fjallar um listkennara sem fer sínar eigin leiðir til að leiðbeina nemendum sínum í listinni að lifa. Leikstjóri er Mike Newell, en með aðalhlutverk fara Julia Roberts, Kirsten Dunst og Julia Stiles. Myndin var tilnefnd til Golden Globe-verðlauna 2004. (e)
▶**22.15 Taggart - Þrettánda sporið** (Taggart: The Thirteenth Step: Þrettánda sporið) Skosk sakamálamynd þar sem rannsóknarlögreglumenn í Glasgow fást við snúið sakamál. Meðal leikenda eru Alex Norton, Blythe Duff, Colin McCredie og John Michie.
**23.25 Söngvaskáld** (Jón Ólafsson) Jón Ólafsson píanóleikari og lagasmiður flytur nokkur af lögum sínum að viðstöddum áhorfendum í Sjónvarpssal. Dagskrárgerð: Jón Egill Bergþórsson. (e)
**00.15 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## BÍÓ

**08.00 Failure to Launch**
**10.00 Home for the Holidays**
**12.00 Búi og Símon**
**14.00 Failure to Launch**
**16.00 Home for the Holidays**
**18.00 Búi og Símon**
▶**20.00 The Things About My Folks** Gamanmynd um mann sem þarf skyndilega að taka föður sinn inn á heimili sitt eftir að eiginkonan til 46 ára skilar honum.
**22.00 The Fog**
**00.00 Be Cool**
**02.00 Small Time Obsession**
**04.00 The Fog**
**06.00 The Last Time**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Stóra teiknimyndastundin, Nornafélagið og Bratz.
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 La Fea Más Bella** (294:300)
**10.15 Burn Notice** (10:13)
**11.05 The Amazing Race** (1:13)
**11.50 60 mínútur**
**12.35 Nágrannar** Lífið í Ramsey-götu gengur sjaldnast sinn vanagang enda eru íbúar þar einkar skrautlegir og skemmtilegir.
**13.00 Hollyoaks** (170:260)
**13.25 Wings of Love** (46:120)
**14.10 Wings of Love** (47:120)
**14.55 Wings of Love** (48:120)
**15.40 Nornafélagið**
**16.00 Camp Lazlo**
**16.23 Saddle Club**
**16.48 Stóra teiknimyndastundin**
**17.08 Bold and the Beautiful**
**17.33 Nágrannar**
**17.58 Friends** Monica undirbýr heljarinnar veislu fyrir vinina í tilefni af þakkargjörðarhátíðinni og verður æf af reiði þegar þau mæta öll of seint. Hún ákveður að taka málin í sínar hendur til að kenna vinunum stundvísi.
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.15 Auddi og Sveppi** Auddi og Sveppi eru mættir í gamanþætti þar sem allt er leyfilegt.
**20.00 Idol stjörnuleit** (9:14)
▶**21.25 Stelpurnar** Sprenghlægilegir þættir með Stelpunum sífyndnu. Ragnar Bragason leikstýrir og nýir aukaleikarar koma mikið við sögu.
**21.50 Idol stjörnuleit**
**22.25 Enemy of the State** Hörkuspennandi sálfræðitryllir um lögfræðing sem fær upp í hendurnar mikilvæg sönnunargögn í morðmáli á háttsettum stjórnmálamanni. Will Smith og Gene Hackmann eiga frábæran samleik í einni allra bestu spennumynd leikstjórans Tonys Scotts.
**00.40 P.S.**
**02.15 Being Julia**
**03.55 Second in Command**
**05.30 Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT *besta sætið*

**07.00 Man. City - Hamburg** Í Evrópukeppni félagsliða.
**18.10 Man. City - Hamburg** Útsending frá í Evrópukeppni félagsliða.
**19.50 Gillette World Sport** Íþróttaþáttur þar sem farið er yfir það helsta sem er að gerast í íþróttunum út í heimi.
**20.20 Inside the PGA Tour 2009** Skyggnst á bakvið tjöldin í PGA mótaröðinni og árið skoðað í bak og fyrir.
**20.45 F1: Kína / Æfingar** Sýnt frá æfingum liðanna.
**21.15 FA Cup - Preview Show**
**21.40 Spænski boltinn - Fréttaþáttur**
**22.05 Fréttaþáttur Meistaradeildar Evrópu**
**22.35 Poker After Dark**
**23.30 Ultimate Fighter** Allir fremstu bardagamenn heims mæta til leiks og keppa um titlinn The Ultimate Fighting Champion.
**00.25 Ultimate Fighter**
**01.20 NBA tilþrif**
**01.45 F1. Við rásmarkið** Hitað upp fyrir keppni helgarinnar. Sérfræðingar ásamt Gunnlaugi Rögnvaldssyni leiða áhorfendur í gegnum undirbúning liðanna.
**02.20 F1: Kína / Æfingar** Sýnt frá æfingum liðanna.
**02.55 F1: Kína / Æfingar** Sýnt frá æfingum liðanna.
**05.45 F1: Kína / Tímataka** Bein útsending frá tímatökunni fyrir Formúlu 1 kappaksturinn í Kína.

## SPORT 2 *enski boltinn*

**17.30 Sunderland - Man. Utd.** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
**19.10 Chelsea - Bolton** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
**20.50 Premier League World** Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum hliðum.
**21.20 Premier League Preview** Hitað upp fyrir leiki helgarinnar í enska boltanum.
**21.50 PL Classic Matches** Liverpool - Newcastle, 1996. Hápunktarnir úr bestu og eftirminnilegustu leikjum úrvalsdeildarinnar.
**22.20 PL Classic Matches** Nottingham Forest - Man. Utd
**22.50 Premier League Preview** Hitað upp fyrir leiki helgarinnar í enska boltanum.
**23.20 Wigan - Arsenal**

## SKJÁREINN

**06.00 Óstöðvandi tónlist**
**07.20 Game Tíví** (11:15) (e)
**08.00 Rachael Ray** (e)
**08.45 Óstöðvandi tónlist**
**12.00 Game Tíví** (11:15) (e)
**12.40 Óstöðvandi tónlist**
**18.05 Rachael Ray**
**18.50 The Game** (15:22)
**19.15 One Tree Hill** (12:24) (e)
**20.05 Ljósmyndaleikur Iceland Express** (2:5) (e)
**20.10 Survivor** (8:16) Bandarísk raunveruleikasería þar sem venjulegt fólk þarf að þrauka í óblíðri náttúru og keppa innbyrðis þar til aðeins einn stendur eftir.
**21.00 Spjallið með Sölva** (9:12) Nýr og ferskur umræðuþáttur, þar sem Sölvi Tryggvason fær til sín góða gesti og spyr þá spjörunum úr. Lífið, tilveran og þjóðmálin, Sölva er ekkert óviðkomandi. Alvara, grín og allt þar á milli.
▶**22.00 Battlestar Galactica** (9:20) Framtíðarþáttaröð þar sem fylgst er með klassískri baráttu góðs og ills. Þessir þættir hafa fengið frábæra dóma og tímaritin Time og Rolling Stone hafa sagt hana bestu þáttaröðina sem sýnd er í sjónvarpi.
**22.50 Painkiller Jane** (10:22) Spennandi þáttaröð um ódrepandi hörkukvendi. Jane Vasko er lögreglukona sem boðið er starf með leynilegri sérsveit sem berst við hættulegt fólk með yfirnáttúrulega hæfileika.
**23.40 Flashpoint** (13:13) (e)
**00.30 Law & Order: Criminal Intent**
**01.20 The Game** (11:22) (e)
**02.10 The Game** (13:22) (e)
**02.35 Jay Leno** (e)
**04.15 Jay Leno** (e)
**05.05 Óstöðvandi tónlist**

## ÍNN

**20.00 Hrafnaþing**
**21.00 Óli á Hrauni** Ólafur Hannesson hugar að stjórnmálum líðandi stundar.
**21.30 Íslands safarí** Akeem R. Oppang ræðir um málefni innflytjanda og stöðu þeirra á Íslandi.
**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.


# LÍNAN

# LAGERSALA AKRALIND 9

VIÐ HÖFUM DREGIÐ SAMAN SEGLIN TÍMABUNDIÐ OG LOKAÐ VERLSUNINNI Í BÆJARLIND. VIÐ MUNUM EINGÖNGU SELJA VÖRUR OKKAR Á LAGERSÖLU Í AKRALIND 9
LÍTIL YFIRBYGGING = LÆGRA VERÐ



**OPIÐ UM HELGINA**
**FÖSTUDAG 13 - 18**
**LAUGARDAG 12 - 16**
**SUNNUDAG 13 - 16**

sófar - sófasett - stólar - sófaborð - borðstofuborð - eldhúsborð
eldhússtólar - skápar - sjónvarpsskápar - púðar - rúmteppi

**ALLAR VÖRUR Á 40 - 50% AFSLÆTTI**

Akralind 9
201 Kópavogur
Sími 553 7100
www.linan.is

## Í KVÖLD



### STÖÐ 2 KL. 20.00 Idol-stjörnuleit

Úrslit halda áfram í Vetrargarðinum í Smáralindinni. Sjö efnilegir söngvarar eru eftir og er þema kvöldsins: Glitrandi og glimrandi 70's. Úrslit ráðast sem fyrr í símakosningu og verða úrslitin kunngjörð í seinni þættinum sem er á dagskrá kl. 21.50. Glysrokk og diskótaktar í skemmtilegum Idol-þætti í kvöld.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

### Auddi og Sveppi
**Stöð 2 kl. 19.15**

Í þættinum í kvöld kynnast Auddi og Sveppi vélstýrunni Önnu Kristjánsdóttur sem fræðir þá um allt það sem tengist því að vera transgender. Þeir munu meðal annars heimsækja gamla vinnustaðinn hennar og fara í sjómann. Fyndnasta tvíeyki Íslands verður verðlaunað og ný skoðanakönnun kynnt, en hún mun tengjast útrásarvíkingunum.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.38** Morgunvaktin
**06.40** Veðurfregnir
**06.50** Bæn
**07.03** Auðlindin
**07.10** Morgunvaktin heldur áfram
**08.00** Morgunfréttir
**08.11** Morgunstund með KK
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Óskastundin
**09.45** Morgunleikfimi
**10.03** Veðurfregnir
**10.13** Sagnaslóð
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**13.00** Vítt og breitt
**14.03** Tónleikur
**15.03** Útvarpssagan: Blátt og rautt
**15.30** Stofukonsert
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.10** Veðurfregnir
**16.13** Fimm fjórðu
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.16** Spegillinn
**19.00** Endurómur úr Evrópu
**20.00** Leynifélagið
**20.30** Stjörnukíkir
**21.10** Flakk
**22.07** Veðurfregnir
**22.12** Orð kvöldsins
**22.15** Litla flugan
**23.00** Kvöldgestir
**00.07** Næturtónar

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útvarp Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristilegt efni FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

## 2 EXTRA

**16.00 Hollyoaks** (169:260)
**16.30 Hollyoaks** (170:260)
**17.00 Ally McBeal** (20:24)
**17.45 The O.C.** (17:27)
**18.30 Lucky Louie** (4:13)
**19.00 Hollyoaks** (169:260)
**19.30 Hollyoaks** (170:260)
**20.00 Ally McBeal** (20:24) Kona ein vill kæra atvinnurekendur sína fyrir að stuðla að kynferðislegri áreitni með því að skipuleggja strandardag á vinnustaðnum þar sem starfsmenn mæta í sundfatnaði í vinnuna.
**20.45 The O.C.** (17:27) Orange-sýsla í Kaliforníu virðist vera friðsæl paradís þar sem lífið leikur við bæjarbúa. Þegar við kynnumst þeim betur koma hins vegar leyndarmálin í ljós. Með aðalhlutverk fara Rachel Bilson, Mischa Barton, Adam Brody, Benjamin McKenzie og Peter Gallagher.
▶**21.30 Lucky Louie** (4:13) Bráðskemmtilegir gamanþættir um draumóramanninn Louie og hans skrautlega fjölskyldulíf.
**22.00 The Mentalist** (10:23) Patrick Jane er sjálfstætt starfandi ráðgjafi rannsóknarlögreglunnar í Kaliforníu. Hann á glæsilegan feril að baki við að leysa flókin glæpamál með því að nota hárbeitta athyglisgáfu sína. Þrátt fyrir það er hann ekki í náðinni hjá lögreglunni, ekki síst fyrir það að hafa aflað sér frægðar sem sjónvarpsmiðill.
**22.45 Twenty Four** (12:24) Ein vinsælasta spennuþáttaröð Stöðvar 2 frá upphafi. Ný ógn steðjar nú að bandarísku þjóðinni og heimsbyggðinni allri og Jack Bauer er að sjálfsögðu sá eini sem er fær um að bjarga málunum.
**23.30 Auddi og Sveppi** Auddi og Sveppi eru mættir í gamanþætti þar sem allt er leyfilegt.
**00.00 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## BBC entertainment

**10.05** The Inspector Lynley Mysteries **10.55** The Inspector Lynley Mysteries **11.40** My Hero **12.10** The Weakest Link **12.55** EastEnders **13.25** My Hero **13.55** The Black Adder **14.30** The Weakest Link **15.15** The Inspector Lynley Mysteries **16.05** The Inspector Lynley Mysteries **16.50** My Hero **17.20** The Weakest Link **18.05** My Hero **18.35** The Black Adder **19.10** State of Play **20.00** Extras **20.30** The Catherine Tate Show **21.00** Rob Brydon's Annually Retentive **21.30** Extras **22.00** The Catherine Tate Show

## DR 1

**10.00** DR Update - nyheder og vejr **10.10** Jersild Live **10.35** Aftenshowet **11.05** Aftenshowet med Vejret **11.30** Diagnose søges **12.00** Det lille hus på prærien **12.50** Nyheder på tegnsprog **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Boogie Mix **14.00** Boogie Listen **15.00** Amigo **15.30** Shanes verden **16.00** Aftenshowet **16.30** TV Avisen med Sport og Vejret **17.00** Disney Sjov **18.00** Cirkusrevyen 2008 **19.00** TV Avisen **19.30** Reimers **20.10** Rocky Balboa **21.50** Brændt gummi

## NRK 1

**10.00** NRK nyheter **10.10** Migrapolis **10.40** En dannelsesreise i seks akter **11.00** NRK nyheter **11.05** Berlin, Berlin **11.30** Slipp naboene løs **12.00** NRK nyheter **12.05** Norge rundt **12.30** I sørhellinga **13.00** NRK nyheter **13.05** Par i hjerter **14.00** NRK nyheter **14.10** Dynastiet **15.00** NRK nyheter **15.10** Oddasat - nyheter på samisk **15.25** Dyrisk **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Ugleskogen **16.10** Mumfie **16.25** Tøfferud **16.30** Lykke er **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** Norge rundt **17.55** Showbiz **18.55** Nytt på nytt **19.25** Grosvold **20.10** Detektimen. Hva skjedde med Sebastian Cole? **21.00** Kveldsnytt **21.15** Detektimen. Hva skjedde med Sebastian Cole? **21.55** Roxy Music for your pleasure **22.45** Folk i farta

## SVT 1

**10.00** Rapport **10.05** Debatt **10.50** Flyttlasset går **11.20** Mat och grönt på Friland **11.50** Året med norska kungafamiljen **12.55** Anslagstavlan **13.00** Babben & co **14.00** Rapport **14.05** Gomorron Sverige **14.55** Niklas mat **15.25** Mitt i naturen **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport med A-ekonomi **16.10** Regionala nyheter **16.15** Go'kväll **17.00** Kulturnyheterna **17.15** Regionala nyheter **17.30** Rapport med A-ekonomi **18.00** Så ska det låta **19.00** Grillad **19.45** Million Dollar Baby **21.55** Kulturnyheterna **22.10** Windtalkers



**BESTI BITINN Í BÆNUM**



*„Hversdags er það súpan í Heilsuhúsinu og spari er það Sushibarinn á Laugaveginum.“*

Kristín Birgisdóttir hjá Sölku forlagi.

# Jóni Atla hrósað í Skotlandi

Verk Jóns Atla Jónassonar, Djúpið, fær frábæra dóma í skoskum fjölmiðlum en verkið var frumsýnt þar ytra nýverið. Bæði Scotsman og Herald gefa því fjórar stjörnur en leikstjóri sýningarinnar er Graeme Maley. Með eina hlutverkið fer Liam Brennan en Djúpið er einleikur og segir frá manni sem berst upp á líf og dauða eftir hörmulegt sjóslys.

„Já, þetta er auðvitað frábært og leikritið hitti einhvern algerlega í mark,“ segir Jón Atli í samtali við Fréttablaðið.



**LEIKSTJÓRINN** Skotinn Graeme Maley leikstýrir Djúpinu.

Djúpið verður sett upp í Borgarleikhúsinu í maí og þá mun Ingvar E. Sigurðsson fara með hlutverk sjómannsins. Jón Atli bætir því við að verkið hafi jafnframt hlotið mikla athygli, ekki síst vegna þess að skömmu áður hafði bresk björgunarþyrla farist undan ströndum Skotlands með þeim afleiðingum að sextán týndu lífi. Verkið hafi því talað beint inn í þann hörmulega atburð. **- fgg**



**FÉKK FRÁBÆRA DÓMA** Verki Jóns Atla Jónassonar var hrósað í hástert í skoskum fjölmiðlum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**LÁRÉTT** 2. tuttugu, **6.** frá, **8.** hár, **9.** móðurlíf, **11.** gangþófi, **12.** nýfallin snjór, **14.** brestir, **16.** tónlistarmaður, **17.** gaul, **18.** eyrir, **20.** dreifa, **21.** fimur.

**LÓÐRÉTT** 1. tak, **3.** tveir eins, **4.** runnategund, **5.** einkar, **7.** nýr, **10.** kjaftur, **13.** starfsgrein, **15.** hestur, **16.** kóf, **19.** slá.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** tuga, **6.** af, **8.** ull, **9.** leg, **11.** il, **12.** drift, **14.** snark, **16.** kk, **17.** gól, **18.** aur, **20.** sá, **21.** frár. **LÓÐRÉTT: 1.** hald, **3.** uu, **4.** glitrós, **5.** all, **7.** ferskur, **10.** gin, **13.** fag, **15.** klár, **16.** kaf, **19.** rá.

**VEISTU SVARIÐ**

Svör við spurningum á síðu 8.

1. Tuttugu.
2. Victor Jústsjenkó.
3. Popppunktur.

Auglýsingasími
512 5050
– Mest lesið

EGILL EINARSSON: EINHVER NETLÚÐI REYNIR AÐ KOMA Á MIG HÖGGI

# Fyrirliði pókerlandsliðsins sakaður um svik og pretti

„Þeir eru harðir bak við lyklaborðið þessir gæjar. Gaman ef þeir myndu labba upp að stóra frænda sínum og segja að hann sé ekki lengur fyrirliði. Ég er brjálaður,“ segir Egill „Gillzenegger“ Einarsson einkaþjálfari sem kallar sig „Störe“ um þessar mundir. Og það sem meira er – hann hikar ekki við að titla sig landsliðsfyrirliða Íslands í póker ef svo ber undir. Sem er umdeilt.

Á síðu Pókersambands Íslands (PSÍ) er að finna tilkynningu þar sem segir að yfirlýsingar þekktra einstaklinga um stöðu sína í landsliði Íslands í póker hafi farið fyrir brjóstið á mörgum: „Það skal tekið skýrt fram að eins og staðan er í dag er ekki til neitt sem heitir landsliðsþjálfari eða opinbert landslið Íslands í póker. Það landslið sem hefur verið í umræðunni undanfarið er því einungis til í hugarheimi viðkomandi aðila,“ segir meðal annars í tilkynningunni. Ekki þarf að fara í grafgötur með hverjum skeytið er ætlað. Störe, sem er nýkominn frá Atlantic City þar sem hann spilaði póker, – og leit á það sem fína landsliðsæfingu – bregst ókvæða við tilkynningunni í samtali við Fréttablaðið. „Fyrir hvaða landslið var ég þá að halda ræðu áður en við kepptum nýverið á risastóru pókermóti í Portúgal? Fyrirliðinn tekur starf sitt mjög alvarlega, er að peppa strákana upp og þjálfa. Þetta er einhver rasshaus, einhver bólugrafinn netlúði sem hefur tekið sig til og búið til eitthvað sem heitir Pókersamband Íslands á Wordskjalið sitt. Ég get boðið honum í „Heads-on“ póker og þá sjáum við bara hver er fyrirliðinn. Ég skil vel að þetta fari í pirrurnar á sumum. Flestir pókerspilarar eru 30 kílóum of þungir en ég tek 170 kíló í bekknum, hleyp hundrað metrana á 11,2 og síðan „dedda“ ég 270 kílóum fyrir hádegi. Þetta eru tölurnar. Það er það sem er að frétta og skiljanlega…“ segir hinn yfirlýsingaglaði og reiði meinti landsliðsfyrirliði og hér verður að setja punktinn við ræðu hans því hún er komin yfir öll velsæmismörk.



**EGILL „STÖRE“ EINARSSON** Segir þá harða bak við lyklaborðið sem voga sér að efast um landsliðsfyrirliðatign hans. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Á síðu PSÍ segir að eitt helsta markmið sambandsins sé að stuðla að því að póker í heimahúsum og mótapóker verði ótvírætt gerður löglegur á Íslandi og í framhaldinu verði staðið að Íslandsmóti í greininni og meistarinn sendur á alþjóðleg stórmót. Forseti er Eirný Sveinsdóttir en aðrir í stjórn eru Ólafur Helgi Þorkelsson, Georg Haraldsson, Ellert Magnason og Davíð Hansson. Talsmaður er hins vegar stjórnulögmaðurinn Sveinn Andri Sveinsson sem segist ekki vita til þess að til sé neitt landslið. Til sé hópur manna sem er sterkur í póker – atvinnumenn. „Sem er sérstakt því ákæruvaldið hélt því fram að póker grundvallist á heppni. Svo er ekki. Þetta er samspil ýmissa þátta svo sem sálfræði og stærðfræði, að reikna út líkur. Nokkrir Íslendingar eru atvinnumenn og hafa verið að keppa úti í heimi og náð góðum árangri. Egill er ekki þar á meðal. Hann hefur tekið þátt í mótum hér innanlands en ekki með sérstökum árangri – með fullri virðingu,“ segir Sveinn Andri. **jakob@frettabladid.is**



**SVEINN ANDRI SVEINSSON** Veit ekki til þess að til sé landslið og segir að Egill sé, með fullri virðingu, ekki meðal bestu pókerspilara landsins.

**FRÉTTIR AF FÓLKI**

Gestir á veitingastaðnum ágæta Austur Indíafélaginu ráku upp stór augu þegar tignir gestir mættu á staðinn á miðvikudagskvöld, forsetahjónin **Dorrit** og Ólafur Ragnar. Veitingahúsið er steinsnar frá Vatnsstíg þar sem hústökulið hefur látið mikið fyrir sér fara og reiknuðu viðstaddir það út, án þess að leggja við eyru, að það hafi orðið tilefni umræðna þeirra hjóna en þau hafa mismunandi hugmyndir um húsnæðismál eins og kom fram í frægu viðtali nýlega.



Sá stórkostlegi trymbill **Júlíus Guðmundsson** og hljómsveitin Deep Jimi and the Zep Creams ætla að troða upp síðasta sinni með ábreiðudagskrá sína á Sódómu á laugardagskvöld. Þá munu þeir hvíla spilamennskuna og leggjast í hljóðver til að taka upp frumsamið efni en til stendur að gefa út plötu í september. Mikið tilhlökkunarefni þétts kjarna aðdáenda sveitarinnar sem var stofnuð árið 1991 í Keflavík – að sjálfsögðu.



Blaðamaður frá Rolling Stone tímaritinu hefur boðað þeim **Hrefnu Haraldsdóttur** og konunum í Listahátíð komu sína til landsins. En sá mun hafa sérlegan áhuga á stofutónleikunum sem efnt er til undir hatti hátíðarinnar. Einkum mun blaðamaðurinn horfa til yngri geirans í rokkinu, tónlistarmanna eins og þeirra sem eru í Retró Stefson, FM Belfast, Amiina, Bloodgroup og fleiri slíkra. **- jbg**



GLÆNÝ STÓRLÚÐA
SMÁLÚÐA, LAXAFLÖK OG FULLT AF ÖÐRU GÓMSÆTU
SELJUM EINNIG FISK Í MÖTUNEYTI
ATH ERUM ALDREI FISKLAUSIR
Fiskikóngurinn • Sogavegi 3 • 108 Reykjavík • sími 587 7755

# Morfís snýst um geimferðir

„Umræðuefnið verða geimferðir; Verzlunarskólinn er á móti en Fjölbrautaskólinn á Suðurnesjum er með og þetta verður hörkukeppni,“ segir Oddur Sigurðsson, formaður Morfís. Úrslitin ráðast í þessari vinsælu ræðukeppni framhaldsskólanna í kvöld í stóra sal Háskólabíós, en í þessari keppni hafa margir af helstu ræðuskörungum þjóðarinnar stigið sín fyrstu skref.

Oddur upplýsir að þegar sé næstum uppselt á keppnina sem hefst klukkan átta. Og að sjálfsögðu sé hlaupinn mikill hiti í stríðið sem geisar oft á milli skólanna fyrir úrslitaviðureignina. Þannig hafi einhverjir nemendur Fjölbrautaskólans á Suðurnesjum lokað bílastæði Verzlunarskólans með ísklumpum og fiski. „Og það má fastlega búast við því að Verslingar borgi fyrir sig með einhverjum hætti,“ segir Oddur en eins og Fréttablaðið greindi frá í fyrra var oft grunnt á því góða milli MH og MR sem þá kepptu í úrslitum og vildu sumir meina að þá hefði orrustan farið aðeins yfir mörkin.

Óhætt er hægt að segja að liðin í úrslitaviðureigninni í ár eigi sér ólíka sögu í þessari keppni. Verzlunarskólinn hefur oft náð prýðilegum árangri en þetta er í fyrsta skipti sem Suðurnesjamenn komast í úrslit í sögu skólans.

Og óhætt er hægt að segja að Morfís-keppnin hafi ekki verið allra í ár því reglunum var breytt fyrir þetta keppnistímabil. Nú gilda stig ekki lengur heldur þarf meirihluti dómara að vera sammála um sigurvegarann. „Það hafa komið upp þó kærumál og margir umdeildir sigrar unnist þannig að þetta verður án nokkurs vafa forvitnilegt í kvöld,“ segir Oddur. **- fgg**



**SPÁIR SPENNANDI VIÐUREIGN** Oddur Sigurðsson spáir háspennu í Háskólabíói í kvöld þegar úrslitin ráðast í ræðukeppni Morfís.

# Lagersala í Askalind 2A, Kópavogi

โกดังสินค้าเลหลัง | Wyprzedaż zapasów magazynowych | sales outlet

# 30-70% afsláttur






**Vorum að bæta við vörum**

**Opið laugardag kl. 12-17,
sunnudag kl. 13-17.
Askalind 2a, Kópavogi**

HEIMA HÚSIÐ

heima Öndvegi

## 25% afsláttur af öllum vörum í verslun okkar í Síðumúla 30

heima











HEIMA HÚSIÐ

mood heima Öndvegi BÚUM BETUR

**Opið virka daga 10-18, laugardaga 11-16.**

Síðumúla 30 - 108 Reykjavík - Sími 568 4242 - www.heimahusid.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja
**Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Veffang:** visir.is **EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** | **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**



LYFJA
- Lifið heil
www.lyfja.is

Opið **07** til **01**
Lyfja Lágmúla




**BAKÞANKAR**
Júlíu Margrétar Alexandersdóttur

## *Segð´ ekki nei*

Metsölubókahöfundurinn og matarvitringurinn Nanna Rögnvaldardóttir sagði mér eitt sinn að hún hefði þá reglu að segja aldrei nei þegar hún væri beðin um að tala í blöðum eða ljósvakamiðlum – af þeirri einföldu ástæðu að hún hefði heyrt að erfiðara væri að fá konur sem viðmælendur. Það yrði þá kannski hennar eina framlag á jafnréttisvogarskálarnar. Því miður stemmir þetta við reynslu undirritaðrar.

**GETUR** verið að fjölmiðlar, þar sem þó svo margar konur starfa, séu svo fjandsamlegir kvenfólki, að þeir inni þær sjaldnar eftir áliti í fréttum eða fréttaþáttum og taki þær síður fyrir sem umfjöllunarefni? Niðurstöðurnar liggja fyrir sem staðreynd, til að mynda í rannsókn frá árinu 2005. Konur eru sjaldnar á síðum blaða og á öldum ljósvakans. En getur verið að okkur konum sé sjálfum um að kenna að einhverju leyti?

**MARGAR** konur taka vel í að tala fyrir opnum tjöldum og víla ekki fyrir sér að gefa álit sitt, séu þær inntar eftir því. Hitt er annað mál að skoði ég hversu langan tíma ég þarf að eyða í það að fá karlmann eða konu í spjall, þá vinnur karlmaðurinn, sem segir samkvæmt mínum skráningum oftar já og fljótar. Of langt mál er að fara í gegnum alla þá lista en sem lítið dæmi nefni ég að fyrir um einu ári sendi ég út spurningar á hóp fólks, með jöfnu kynjahlutfalli, og bað um álit á ákveðnu efni. Svör bárust frá tíu konum og 25 karlmönnum.

**AF** hverju þetta er reyndin er svo annað rannsóknarefni. Ég hef heyrt þekktar konur hér í bæ klappa sjálfum sér á bakið og segja sig „fjölmiðlafælnar“. Þær séu að „spara sig“ og láta í það skína að þeim finnist þær fínn pappír að segja nei og aftur nei þegar blaðamenn hringja í þær. Slíkt er helber misskilningur og gerir lítið í að þoka jafnréttinu fram.

**ÉG** veit að til eru líka þeir karlmenn sem forðast að láta eitthvað eftir sér hafa opinberlega. Munurinn er sá að karlpeningurinn má alveg við því. Nóg er af karlmönnum sem vilja koma fram í blöðum og sjónvarpi. Við konur eigum hins vegar annarri greiða og nýta okkur það þegar sóst er eftir kvenlegum sjónarmiðum á opinberum vettvangi. Og setja okkur það markmið að segja sem oftast já.



## GÓÐAN DAG!

**Í dag er föstudagurinn 17. apríl, 107. dagur ársins.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 5.49 | 13.27 | 21.08 |
| Akureyri | 5.26 | 13.12 | 21.00 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


